


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fermingar










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
23. mars 2011
68. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Spennandi áskorun**
*Erla Gunnarsdóttir er nýráðin skólastjóri við sameinaðan sérskóla.*
tímamót 14

**Pípuorgel og pendúll**
*Björk notar stafrænt pípuorgel og tíu metra pendúl á tónleikum sínum.*
fólk 20



**Íslensk innrás í AG?**
*Þrír lykilmenn í íslenska landsliðinu gætu allir verið á leið til AG í Danmörku.*
sport 22

## veðrið í dag




**ÚRKOMULÍTIÐ** Í dag verða víðast norðvestan 3-8 m/s. Úrkomulítið en stöku él við N- og V-ströndina. Hiti um og rétt yfir frostmarki syðra en annars vægt frost.

VEÐUR 4

# Vilja breikka samstarfið

**Vilji er innan stjórnarflokkanna til að fá þriðja flokkinn til samstarfs um landsstjórnina. Horft er til bæði Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Forystumenn á vinnumarkaði telja nauðsyn á sterkari stjórn.**

**STJÓRNMÁL** Talsverðar líkur eru á að ríkisstjórnin taki breytingum innan ekki langs tíma. Vilji er innan beggja stjórnarflokka til að breikka stjórnarsamstarfið með því að taka þriðja flokkinn til samstarfs. Sá vilji er ríkari meðal þingmanna Samfylkingarinnar, en innan VG heyrast einnig raddir þess efnis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Samfylkingarþingmenn um nokkurt skeið rætt í þröngum hópum um nauðsyn þess að styrkja stjórnina. Hjáseta þriggja þingmanna VG við afgreiðslu fjárlaga í desember varð til að ýta enn frekar undir þá skoðun Samfylkingarmanna. Mun Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hafa léð máls á slíkum breytingum.

Innan flokksins er sú skoðun ráðandi að ekki beri að slíta samstarfinu við VG og efna til nýs samstarfs með öðrum flokki. Frekar beri að bjóða þriðja flokknum aðild að stjórninni. Í Samfylkingunni er í þeim efnum bæði horft til Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Samkvæmt því sem Fréttablaðið kemst næst eru þeir fleiri sem telja gæfulegt að fá Sjálfstæðisflokkinn til samstarfs við stjórnina en Framsóknarflokkinn.

Í VG er það mat nú uppi að breikkun stjórnarsamstarfsins kunni að vera affarasælast fyrir land og þjóð. Tilraunir til að sætta málefnaágreining innan flokksins hafi ekki borið nægilegan árangur. Endurkoma Ögmundar Jónassonar í stjórnina á haustmánuðum var viðleitni í þá átt en hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Úrsögn Atla Gíslasonar og Lilju Mósesdóttur úr þingflokknum dugi heldur ekki til. Enn sé ekki nægileg einurð um mikilvæg mál meðal þingmanna hans og stuðningur við frumvörp ekki tryggur. Í VG hugnast mönnum fremur samstarf við Framsókn en Sjálfstæðisflokk.

Ljóst er að verði ríkisstjórnin styrkt með aðild þriðja flokksins verður það aðeins að undangengnum ítarlegum málefnaviðræðum. Núverandi stjórnarflokkar munu þar halda fast í ýmis mál; Samfylkingin til að mynda í aðildarumsóknina að Evrópusambandinu.

Heimildir Fréttablaðsins herma einnig að forvígismenn bæði atvinnurekenda og launþega hafi haldið þeirri skoðun sinni að forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar að hana þurfi að styrkja. Mikilvægt sé að öflug ríkisstjórn starfi í landinu við þær erfiðu aðstæður sem ríki í samfélaginu. Í þeim herbúðum er talið heppilegt að Sjálfstæðisflokkurinn verði fenginn til samstarfs.

Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon ræddu stöðu og framhald stjórnarsamstarfsins á sérstökum fundi áður en ríkisstjórnarfundur hófst í gærmorgun. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru breytingar á stjórninni ekki ræddar sérstaklega en farið yfir helstu áherslumálin fram undan. Þau eru kjarasamningar og fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. - bþs



**LÍFIÐ ER LEIKUR** Þegar snjór safnast í skafla við gáma er freistandi að nýta tækifærið og leika sér áður en heim er komið eins og þessi börn úr Hörðuvallaskóla í Kópavogi gerðu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frægir taflmenn á uppboð:

## Notaðir í einvígi aldarinnar

**FÓLK** „Ég fékk þessa taflmenn í afmælisgjöf í október 1972 og þeir hafa verið inni í skáp síðan," segir Guðmundur G. Þórarinsson, fyrrverandi forseti Skáksambands Íslands. Hann hefur látið uppboðsfyrirtækinu Philip Weiss í té merkilega taflmenn sem Boris Spasskí og Bobby Fischer notuðu í þriðju skák sinni í heimsmeistaraeinvíginu í Reykjavík 1972. Auk þess verður skákborð boðið upp sem einnig er í eigu Guðmundar en það er áritað af bæði Fischer og Spasskí. Guðmundur segist ætla að nota peningana til að greiða niður erlent lán sem hann er með.



GUÐMUNDUR G. ÞÓRARINSSON

- fgg / sjá síðu 26

Erlend samkynhneigð pör vilja ganga í hnapphelduna hérlendis:

# Hýrir vilja heitbindast á Íslandi

**FÓLK** Samkynhneigðir ferðamenn eru áfjáðir í að ganga í hjónaband hérlendis. Þetta segja forsvarsmenn fyrstu sérhæfðu ferðaskrifstofunnar fyrir samkynhneigða á Íslandi.

„Við urðum strax varar við mikla ásókn í að komast til landsins og þetta fer mjög hratt af stað," segir Eva María Þórarinsdóttir Lange, sem á og rekur Pink Iceland ásamt Birnu Hrönn Björnsdóttur. Aðeins hálfur mánuður er síðan þær stöllur opnuðu ferðaskrifstofuna og síðan þá hefur þeim borist fjöldi fyrirspurna frá útlöndum, þar á meðal frá pörum í giftingarhugleiðingum.

Eva segir reyndar hafa komið á óvart hversu margir vilji gifta sig hérlendis. „Mörg tilboð eru í vinnslu og eitt brúðkaup sumarsins hefur farið úr því að vera tveggja manna athöfn í krúttlegu umhverfi yfir í að 115 manna föruneyti er á leiðinni til landsins til að samfagna brúðhjónunum," bendir hún á og bætir við að margir telji Eyjafjallajökul og Vestfirði vænlega vígslu- og veislustaði. - þlg / Allt í miðju blaðsins


GILDIR MIÐVIKU- & FIMMTUDAG
48 TÍMA OFURTILBOÐ
50%
AFSLÁTTUR AF PÖNNUM



13 GERÐIR
Allar gerðir af pönnum. Virka líka á spanhellur. Viðloðunarfrí húð.
Rafha ehf.
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1



## SPURNING DAGSINS



*Agnar, er þetta kennslubókardæmi um ranga útkomu?*

„Þetta er frekar barnabókardæmi úr Múmíndal.“

Agnar Már Jónsson er einn forvígismanna undirskriftasöfnunar gegn boðuðum aðgerðum til hagræðingar í leikskólum og grunnskólum Reykjavíkurborgar. Agnar segir ávinninginn of lítinn miðað við sparnaðinn.

Saksóknari Alþingis fær afrit af öllum tölvupóstsamskiptum Geirs H. Haarde:

# Óvíst hvað póstarnir eru margir

**LANDSDÓMUR** „Hvort þetta eru tíu þúsund tölvupóstar eða hundrað veit ég ekki,“ segir Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis.

Landsdómur dæmdi í gær að hún fengi heimild til að fá rafræn afrit af öllum tölvupóstsamskiptum Geirs H. Haarde frá því hann tók við embætti forsætisráðherra árið 2006 og þar til hann lét af því í ársbyrjun 2009.

Landsdómur kom saman í fyrsta sinn 8. mars síðastliðinn og fjallaði þar um tvö mál sem varða gagnaöflun Sigríðar í máli á hendur Geir H. Haarde.



**SAKSÓKNARI ALÞINGIS** Ekki er útilokað að aðalmeðferð saksóknara Alþingis í máli Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hefjist í haust.

Sigríður hafði ekki fengið úrskurðinn í hendur í gærkvöldi en telur líklegt að hún fái afrit tölvupóstsamskiptanna fyrir vikulokin.

Saksóknari Alþingis er langt kominn með að fara yfir á þriðja þúsund síðna skýrslur sem teknar voru af 61 einstaklingi í tengslum við málið.

Stefnt er að því að gefa út formlegt ákæruskjal á hendur Geir fyrir páska. Í kjölfarið gefur forseti Landsdóms út stefnu á hendur honum. Stefnufrestur er þrjár vikur. Þingfestingardagur gæti orðið í maí eða júní og aðalmeðferð hafist eftir það. Ekki liggur fyrir hvort það verður í sumar eða haust. - jab

Bruninn í Birkihlíð upplýstur:

# Þrír piltar játa á sig íkveikju

**LÖGREGLUMÁL** Þrír unglingspiltar hafa játað á sig að hafa kveikt í húsinu Birkihlíð við Bústaðaveg á sunnudagskvöld.

Húsið hafði staðið mannlaust í nokkra daga þegar það brann, en samtökin Seeds misstu með því húsnæði sem þau höfðu ætlað fyrir erlenda sjálfboðaliða sem voru væntanlegir hingað til lands til að vinna að umhverfisverkefnum. Húsið skemmdist mikið í brunanum og flest allt innanstokksmuna reyndist ónýtt eftir að eldurinn hafði verið slökktur. - þj

# Borgi Glitnismönnum málaferlin í New York

**Þrír fyrrverandi stjórnendur í Glitni stefna Tryggingamiðstöðinni sem neitar greiða kostnað vegna málssóknar skilanefndar Glitnis gegn þeim. Stjórnendur tryggðir gegn málskostnaði vegna starfa fyrir Glitni segir lögmaður þremenninganna.**

**DÓMSMÁL** Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóri Glitnis, og Þorsteinn M. Jónsson og Jón Sigurðsson, fyrrverandi stjórnarmenn í bankanum, krefjast þess fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að Tryggingamiðstöðin greiði kostnað vegna málaferla skilanefndar Glitnis á hendur þeim.

Hörður Felix Harðarson, lögmaður þremenninganna í málinu, segir Glitni hafa verið með mjög dýra tryggingu fyrir stjórnendur bankans hjá TM. Nú sé deilt um gildi þessarar stjórnendatryggingar frá þeim tíma sem þremenningarnir voru í stjórnendastöðum hjá Glitni og hvort þeir eigi rétt til verndar samkvæmt tryggingunni eða ekki.

„Þeir gera kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar samkvæmt skilmálum þeirrar tryggingar,“ segir Hörður. Hann kveður um að ræða kostnað sem Lárus, Þorsteinn og Jón hafi af því að verjast kröfum sem hafi verið settar fram gagnvart þeim vegna starfa þeirra hjá Glitni. Til að mynda vegna málsóknar skilanefndar bankans á hendur þeim í New York.



JÓN SIGURÐSSON

Hörður segir tilgang slíkra stjórnendatrygginga beinlínis að ná til málsókna á hendur stjórnendum vegna starfa fyrir viðkomandi félag. „Þeim er meðal annars ætlað að koma í veg fyrir að stjórnendur fyrirtækja, sem geta alltaf lent í því að það sé beint einhverjum kröfum að þeim vegna starfa þeirra fyrir viðkomandi fyrirtæki, verði jafnvel persónulega gjaldþrota við að þurfa að verjast slíkum kröfum,“ útskýrir hann.




**LÁRUS WELDING, ÞORSTEINN M. JÓNSSON OG JÓN SIGURÐSSON** Fyrrverandi bankastjóri og tveir stjórnarmenn úr Glitni telja að stjórnendatrygging sem bankinn keypti hjá TM nái yfir kostnað þeirra vegna málaferla á hendur þeim. Tryggingamiðstöðin hafnar öllum slíkum kröfum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Þá segir Hörður engar upphæðir nefndar í málinu. „Þarna er ekki verið að leysa úr því hvort eitthvað saknæmt hafi átt sér stað heldur prinsippið hvort þeir eigi rétt á að fá þennan kostnað greiddan á þessu stigi eða ekki,“ segir Hörður, sem hins vegar kveður ljóst að hagsmunir séu miklir. „Ég held að það gefi til að mynda auga leið að málsvörn í Bandaríkjunum er óheyrilega dýr.“

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, segir félagið ekki vilja tjá sig um efnisatriði málsins í fjölmiðlum á meðan það sé rekið fyrir dómstólum.

„Tryggingamiðstöðin getur staðfest að framangreindir aðilar hafa gert kröfu um greiðslu málsvarnarlauna úr stjórnendatryggingum Glitnis-banka hjá félaginu vegna málshöfðunar skilanefndar bankans á hendur þeim. Öllum slíkum kröfum hefur verið hafnað af félaginu,“ er það eina sem Sigurður segir um málið á þessu stigi. - gar

Icesave-kynning til kjósenda:

# Gögnin send í tvennu lagi

**ICESAVE Landsmönnum munu berast gögn vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave 9. apríl í tvennu lagi.**

**Í næstu viku verður sérprentun laganna sem forsetinn synjaði staðfestingar send fólki og fjórum til fimm dögum fyrir kjördag verður kynningarbæklingur, sem Lagastofnun HÍ vinnur, borinn í hús.**

**Í tilkynningu frá Lagastofnun segir að hún telji að æskilegt hefði verið að dreifa gögnunum samtímis en það hafi ekki reynst unnt. Lög segja til um að lög sem greiða á atkvæði um skuli send kjósendum minnst viku fyrir kjördag en kynningarefnið verður ekki tilbúið til dreifingar þá.** - bþs

Sekur um nauðgun og áreiti:

# Katsav dæmdur í sjö ára fangelsi

**ÍSRAEL, AP** Moshe Katsav, fyrrverandi forseti Ísraels, var í gær dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir nauðgun. Málaferlin hafa tekið fimm ár, en Katsav sagði af sér vegna málsins árið 2007, hálfum mánuði áður en kjörtímabil hans rann út.



MOSHE KATSAV

„Þið gerðuð mistök. Þetta er lygi. Stelpurnar vita að þetta er lygi,“ hrópaði Katsav til dómaranna og brotnaði niður þegar úrskurðurinn var kveðinn upp.

Katsav er 65 ára. Dómstóllinn taldi sannað að hann hefði nauðgað konu sem þá starfaði hjá honum auk þess sem hann hefði sýnt tveimur öðrum konum, sem unnu hjá honum, kynferðislega áreitni. - gb



**NÝ UMFERÐARLJÓS** Unnið var við uppsetningu nýrra ljósa skammt frá Hörpu í gær.

Umferðarljós við Hörpuna:

# Ljósin stjórnast af viðburðum

**SAMGÖNGUR Umferðarljósin við Hörpuna stýrast af því hvort viðburðir standa yfir í tónlistarhúsinu. Vinna við nýjan stýribúnað umferðarljósanna hefst í dag.**

**Ljósin eru á gatnamótum Sæbrautar, Kalkofnsvegar og Faxagötu, en um þessi gatnamót er akstursleið að og frá Hörpu. Í tengslum við viðburði í Hörpunni má búast við miklum sveiflum í umferðarþunga og er nýi stýribúnaðurinn gerður til að mæta því álagi. Skynjarar mæla umferðarþunga frá húsinu inn á gatnamótin og lengja ef þörf er tímann sem græna ljósið logar.** - sv

Ísbjörninn í Berlín krufinn:

# Knútur var veikur í heila

**ÞÝSKALAND** Dánarorsök ísbjarnarins Knúts er nú kunn. Upplýst hefur verið um hana í krufningarskýrslu. Björninn drapst vegna sjúkdóms í heila, segir í blaðinu News aus Berlin sem greinir frá krufningarskýrslunni.

Hinn fjögurra ára gamli Knútur drapst síðdegis á laugardag fyrir framan gesti og gangandi í dýragarðinum í Berlín. Hann gekk hring eftir hring áður en hann loksins féll í sundlaug. - jhh




Reykjavíkurborg sýknuð fyrir héraðsdómi af kröfum lóðarhafa:

# Þarf ekki að endurgreiða lóð

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg var í gær sýknuð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af kröfum lóðarhafa í Úlfarsfelli sem vildu að borgin tæki við umræddri lóð og endurgreiddi allt að 22 milljónum króna.

Stefnendur töldu að eftir hrun hafi borginni borið að taka við lóðinni, en borgin bar því við að ekkert í skilmálum varðandi útboð lóðarinnar kvæði á um að lóðarhafar mættu einhliða skila lóðum. Borgin hafði áður samþykkt að þeim sem höfðu fengið lóðum úthlutað á árunum 2007 og 2008 væri heimilt að skila lóðum en byggingarréttur á umræddri lóð var hins vegar boðinn út en ekki úthlutað, árið 2006.

Eftir stjórnsýslukæru úrskurðaði samgönguráðuneyti í fyrra að með þessu hefði borgin brotið gegn jafnræðisreglu með því að mismuna milli rétthafa úthlutunarlóða og útboðslóða.



**ÚLFARSFELL** Reykjavíkurborg var sýknuð fyrir héraðsdómi af kröfu lóðarhafa um endurgreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Héraðsdómur kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á lagalega skyldu borgarinnar og því var hún sýknuð af fjárkröfu stefnenda.

Deilt var um þetta mál í borgarstjórn á sínum tíma þar sem fulltrúar Samfylkingar, sem þá voru í minnihluta, átöldu meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir að hlíta ekki úrskurði ráðuneytisins. - þj




# MILLJÓNA VELTAN

Nú er vinningurinn **30 milljónir** á einn miða! Vinningurinn getur stækkað um **10 milljónir** á mánuði, en gengur að fullu út í árslok.

Í hverri **Milljónaveltu** drögum við að auki út **5 stakar milljónir** aðeins úr seldum miðum. Í desember drögum við síðan út tíu **500.000 kr.** vinninga til viðbótar.

## EINN MIÐI TVEIR LEIKIR

í mánuði, fyrir aðeins 1.100 krónur

**Aðalútdráttur**
hefur aldrei verið glæsilegri!

Vinningshafar eru um 3.000
í hverjum mánuði.



Drögum
12.
apríl

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 800 66 11
eða hjá næsta umboðsmanni.

PIPAR\TBWA • SÍA • 110722

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Háskóli Íslands fagnar nú hundrað ára afmæli sínu. Happdrættið er í eigu Háskóla Íslands og öllum hagnaði af rekstri þess hefur frá upphafi verið varið til uppbyggingar hans.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
VÆNLEGAST TIL VINNINGS

**GENGIÐ 22.03.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,37 | 113,91 |
| Sterlingspund | 185,79 | 186,69 |
| Evra | 161,42 | 162,32 |
| Dönsk króna | 21,644 | 21,770 |
| Norsk króna | 20,407 | 20,527 |
| Sænsk króna | 18,106 | 18,212 |
| Japanskt jen | 1,398 | 1,4062 |
| SDR | 180,57 | 181,65 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,1012

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Of fá fyrirtæki hafa farið í gegnum Beinu brautina og losnað við skuldaklafa:

# Gera sér óraunhæfar væntingar

**ATVINNULÍF** Færri fyrirtæki hafa farið í gegnum Beinu brautina svokölluðu en vonir stóðu til. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, fjallaði um framganginn á fundi í gær. Beina brautin er samkomulag opinberra aðila og hagsmunaaðila í atvinnulífinu sem kynnt var um miðjan desember um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Árni benti á að í lok febrúar hefðu 363 fyrirtæki sem féllu undir samkomulagið fengið tilboð um endurskipulagningu skulda. Það er nokkuð undir væntingum en stefnt var að því að þau væru nú orðin fimm hundruð. Tveir mánuðir eru þar til öll fyrirtækin sem falla undir samkomulagið verða komin með tilboð um aðstoð.

Þau fyrirtæki sem hafa farið alla leið fengu skuldir lækkaðar um fimmtíu milljónir króna að meðaltali.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, og Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, sögðu báðir verkefnið þungt í vöfum og margt tefja fyrir. Öðru fremur væri það óvissa í gengislánamálum auk þess sem forsvarsmenn sumra fyrirtækja gerðu sér óraunsæjar væntingar um niðurfærslu skulda. - jab



**ÁRNI PÁLL** Tveir mánuðir eru þar til öll fyrirtæki hafa fengið tilboð um leiðréttingu skulda í gegnum Beinu brautina.

Örlar á bjartsýni í atvinnulífi:

## Svartsýnin er enn ríkjandi

**EFNAHAGSMÁL** Átatíu prósent stjórnenda fyrirtækja telja aðstæður í atvinnulífinu vera slæmar, samkvæmt niðurstöðu könnunar Capacent. Könnunin náði til fjögur hundruð stærstu fyrirtækja landsins.

Í sambærilegri könnun í desember töldu 84 prósent stjórnenda aðstæður slæmar.

Bjartsýnastir eru stjórnendur í fjármálastarfsemi, verslun og þjónustu, en svartsýnastir í byggingarstarfsemi, sjávarútvegi og samgöngum. - jab



**Í KAUPMANNAHÖFN** Samkvæmt tölum Eurostat er Danmörk ferðamönnum dýr.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Dýrt fyrir ferðamenn:

## Danmörk dýrasti áfangastaðurinn

**DANMÖRK** Danmörk er dýrasti áfangastaður ferðamanna í Evrópu, að því er fram kemur í nýjum tölum Eurostat. Miðað við verð á hótelgistingu, veitingastöðum, menningaruppákomum og í verslunum og skáka Danir grönnum sínum Norðmönnum naumlega.

Ísland er um miðjan lista, á svipuðum stalli og Grikkland og Þýskaland en ódýrasta landið er Albanía.

Framkvæmdastjóri dönsku ferðamálasamtakanna segir í samtali við Berlingske Tidinde að vissulega sé Danmörk dýrt land en markmiðið sé að uppfylla væntingar ferðamanna. - þj

**FRAMBOÐSMÁL**

### Hefur kært framboðið

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, frambjóðandi í formannskjöri VR, hefur kært framboð Stefáns Einars Stefánssonar til formanns í félaginu. Hún segir hann hafa afritað og notað gögn úr kjörskrá. Stefán Einar neitar því. Guðrún Jóhanna vill að honum verði meinað að bjóða sig fram.

# Ágreiningur innan NATO um árásirnar

**Tyrkir eru ósáttir við frumkvæði Frakka, Breta og Bandaríkjamanna. Cameron segir Gaddafí sjálfan geta verið skotmark. Hjáseta Þjóðverja gagnrýnd heima fyrir. Pútín segir ályktun öryggisráðsins minna helst á áköll um krossferðir.**

**LÍBÍA** Margvíslegur ágreiningur er innan NATO um árásirnar á Líbíu. Meðal annars er deilt um það hvort yfirstjórn NATO eigi að hafa umsjón með og forystu fyrir árásunum á Líbíu.

Frakkar hófu árásirnar á laugardag og Bretar og Bandaríkjamenn fylgdu í kjölfarið án beinna fyrirmæla frá yfirstjórn NATO.

Tyrkir, sem eiga aðild að NATO, hafa ásamt fleirum gagnrýnt þetta. Þeir óttast að árásirnar á Líbíu veiki enn frekar stöðu NATO meðal múslimaríkja. Þeir segja að öll 28 aðildarríki bandalagsins þurfi að veita samþykki sitt áður en eitt eða fleiri aðildarríki hefji árásir á önnur ríki.

Ekki virðist heldur almenn samstaða um það, hvort markmið árásanna geti falið í sér beina árás á Múammar Gaddafí sjálfan og þar með líflát hans. Bandaríkjamenn hafa lýst því yfir að engan veginn sé stefnt að því að ráða Gaddafí af dögum, en í gær sagði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, að engin framtíð væri í því fyrir Líbíumenn að hafa Gaddafí áfram við stjórnvölinn þar. Talsmaður Camerons bætti því við að ef Gaddafí skipulegði aðgerðir gegn almenningi í Líbíu gæti verið réttmætt að ráðast á hann, enda væri markmið aðgerðanna að vernda almenning.

Rússar sátu hjá þegar ályktun um aðgerðirnar var samþykkt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í síðustu viku. Nokkurra daga hernaður, með töluverðu mannfalli meðal almennra borgara, hefur ekki sannfært þá um ágæti aðgerðanna.

„Ályktun öryggisráðsins er meingölluð,“ segir Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, „Hún heimilar allt og minnir helst á áköll um krossferðir á miðöldum.“

Þýska stjórnin hefur einnig lýst efasemdum um aðgerðirnar. Hún styður það markmið aðgerðanna að vernda almenning í Líbíu, en segist ekki sjá sér fært að taka þátt í hernaðinum. Sú afstaða þýsku stjórnarinnar hefur verið harðlega gagnrýnd, bæði á vettvangi NATO og einnig heima fyrir í Þýskalandi.

Bandaríkin, Frakkar og Bretar bera hitann og þungann af aðgerðunum en njóta aðstoðar Ítala, Spánverja, Belga, Kanadamanna, Dana og Norðmanna. Einnig hafa bæði Katar og Sameinuðu arabísku furstadæmin tekið þátt í hernaðinum.

Stuttu áður en öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti loftferðabann yfir Líbíu hafði Arababandalagið lýst yfir stuðningi við slíkar aðgerðir.

Nú, þegar árásir hafa staðið yfir í nokkra daga, hafa sum arabaríkin lýst yfir efasemdum. Utanríkisráðherrann í Alsír sagði til dæmis í gær að vestræn hernaðaríhlutun í Líbíu væri í engu hlutfalli við tilefnið og henni bæri því að hætta þegar í stað. gudsteinn@frettabladid.is



**BANDARÍSK HERÞOTA HRAPAÐI** Árásirnar á Líbíu hafa ekki gengið áfallalaust. Í gær hrapaði bandarísk herþota af gerðinni F-15 en báðum flugmönnum hennar tókst að skjóta sér út í tæka tíð og komast til félaga sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Orkunýting norðaustanlands:

## Ráðherra segir að senn dragi til tíðinda

**ALÞINGI Iðnaðarráðherra segir að senn dragi til tíðinda varðandi atvinnuuppbygginguog orkunýtingu á Norðausturlandi. „Nú er lokahnykkurinn eftir,“ sagði Katrín Júlíusdóttir í svari við fyrirspurn Höskuldar Þórhallssonar, Framsóknarflokki, í gær.**

**„Landsvirkjun er að spýta í lófana,“ sagði ráðherrann; viðræður stæðu yfir við Alcoa og fleiri aðila.**

**Í sumar yrðu boraðar rannsóknarholur á háhitasvæðum nyrðra og gerðar rannsóknir. Málið væri „á gríðarlega góðu róli“ og búa þyrfti samfélagið undir stórfellda atvinnuuppbyggingu.** - pg

Sýslumaður úrskurðar:

## DV mun ekki afhenda gögn

**FJÖLMIÐLAR** DV mun ekki skila trúnaðarupplýsingum um fjárfestingarfélagið Horn til sýslumannsins í Reykjavík fyrir klukkan tólf á hádegi, segir í yfirlýsingu frá ritstjórum DV.

Sýslumaðurinn í Reykjavík úrskurðaði í gær að blaðinu væri óheimilt að fjalla frekar um félagið, en blaðið hefur trúnaðargögn um félagið undir höndum. Jafnframt var blaðinu gert að skila inn trúnaðarupplýsingunum.

„Almenningur á fullan rétt á upplýsingum um svo mikilvæg mál sem framferði bankanna í viðskiptum með stærstu fyrirtæki landsins eru,“ segir í yfirlýsingunni. Fjárfestingarfélagið Horn er dótturfélag Landsbankans og er Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, stjórnarformaður félagsins.


OPINN FUNDUR UM

Icesave

Opinn fundur um Icesave samninginn og þjóðaratkvæðagreiðsluna, fimmtudaginn 24. mars kl. 16:30 í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89.

Frummælendur: **Jóhannes Karl Sveinsson**, lögfræðingur sem sat í samninganefndinni og **Reimar Pétursson** lögfræðingur.
Fundarstjóri: **Kolbeinn Óttarsson Proppé**, kynningarfulltrúi BSRB.

**Félagar fjölmennið!**

www.bsrb.is

BSRB


**VEÐURSPÁ**



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR LOKSINS**
Það lítur út fyrir að köldum éljakafla sé að ljúka og við taki mildara og bjartara veður á föstudag og verður líklega þannig fram yfir helgi. Vindur verður yfirleitt hægur og því kjörið að nota góðviðri vikunnar til hvers kyns útivistar.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 16° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 7° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 3° |
| París | 17° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

# Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz
– tryggir þína peninga

Allianz Ísland hf. | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogi | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að brotthvarf Lilju Mósesdóttur og Atla Gíslasonar verði ríkisstjórninni að falli?*

| | |
|---|---|
| Já | 54,1% |
| Nei | 45,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Óttastu geislamengun frá Japan?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Matsnefnd segir bæjarstjóra Seltjarnarness hafa lagt Ólaf ítrekað í einelti:

# Lögmaður segir rökin afar veik

**SELTJARNARNES** Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, lagði Ólaf Melsted, fyrrverandi framkvæmdastjóra tækni- og umhverfissviðs bæjarins, ítrekað í einelti á meðan hann starfaði hjá bænum. Er þetta niðurstaða dómskvaddrar matsnefndar sem birti bæjarstjórn Seltjarnarness skýrslu sína fyrir helgi.

Anton Björn Markússon, bæjarlögmaður Seltjarnarnesbæjar, segir rökin í matinu afar veik. „Þeir taka til skoðunar 27 tilvik þar sem bent er á fjögur sem grundvöll niðurstöðu. Af þeim eru bara tvö sem áttu að eiga sér stað inni á lokuðum fundi þriggja aðila. Þau uppfylla engan veginn brot á lagaákvæðum um einelti,“ segir Anton. Þá segir hann engar líkur á því að krafa verði gerð til Ásgerðar um að víkja úr sæti bæjarstjóra, líkt og Ólafur hefur krafist.



**ÁSGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR**

Bæjarstjórnin mun funda í dag í fyrsta sinn síðan matsgerðin var birt í heild sinni. Guðmundur Magnússon, forseti bæjarstjórnar, segir enga ákvörðun verða tekna í málinu fyrr en sá fundur sé afstaðinn. Málið er þó ekki opinberlega á dagskrá fundarins, en verður líklega tekið upp engu að síður.

Ásgerður vildi ekkert tjá sig um málið við Fréttablaðið. **- sv**

Ráðherrum settar siðareglur:

# Framganga hæfi embætti

**STJÓRNSÝSLA Forsætisráðherra gaf í gær út siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnarinnar.**

**„Siðareglurnar veita leiðsögn um það hvers konar framganga hæfir svo veigamiklu embætti,“ segir í reglunum, „en jafnframt gefa þær almenningi færi á að bera hegðun ráðherra saman við skráðar og útgefnar reglur.“**

**Í reglunum er meðal annars að finna ákvæði um hagsmunatengsl, fjármál, laun, háttsemi, samskipti við starfslið og upplýsingagjöf til almennings. - pg**


fjs

## Fjársýsla ríkisins flytur

**Fimmtudaginn 24. mars flyst starfsemi Fjársýslu ríkisins frá Sölvhólsgötu 7 í Vegmúla 3, Reykjavík.**

Beðist er velvirðingar á þeim truflunum sem kunna að verða af flutningunum.

Símanúmer er óbreytt, 545 7500 og er gert ráð fyrir að símsvörun á skiptiborði truflist ekki.

Einnig er bent á póstfang stofnunarinnar, postur@fjs.is.

Starfsemi FJS verður komin í fullan gang mánudaginn 28. mars.


# Höfum ekki fengið að framleiða orkuna

**Forstjóri HS orku segir margt orsaka tafir á afhendingu orku til álvers í Helguvík. Vissulega sé til samningur um orkuöflun en samningur knúi ekki álver. Hann vill að Landsvirkjun komi að málum auk HS orku og Orkuveitunnar.**

**ORKUMÁL** „Vissulega snýst þetta um að við náum að semja við Norðurál en samningur knýr ekki álver. Ef við fáum ekki að virkja þá skiptir engu máli hvort fyrir liggur samningur eða ekki.“

Þetta segir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, um stöðu mála varðandi orkuöflun vegna fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík.

Í Fréttablaðinu í gær og á laugardag lýstu Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra ólíkum sjónarmiðum til framkvæmdarinnar og ástæðna þess að hún er stopp. Í stuttu máli telur Vilhjálmur standa á stjórnvöldum en Katrín segir málið í höndum Norðuráls og orkufyrirtækjanna.

„Við höfum ekki fengið að framleiða eitt einasta kílóvatt vegna Helguvíkur ennþá,“ segir Júlíus en HS orka hugðist afla álverinu orku meðal annars með stækkaðri Reykjanesvirkjun. Fyrir þeim framkvæmdum hefur ekki fengist leyfi en þess var óskað með formlegum hætti í október 2009. Síðan er liðið næstum eitt og hálft ár. Orkustofnun annast leyfisveitingu til virkjana.

Samningur HS orku og Norðuráls frá 2007 er til meðferðar gerðardóms í Svíþjóð en fyrirtækin eru ósammála um túlkun hans og hvort hann sé yfirhöfuð enn í gildi. Málflutningur verður í maí og stefnt að niðurstöðu í júlí.

En Júlíus segir fleira spila inn í. „Við höfum ekki fengið virkjanaleyfi, rammaáætlun um orkunýtingu er ekki tilbúin, nauðsynlegar breytingar á skipulagi Grindavíkur og Hafnarfjarðar vegna Eldvarpa og Krýsuvíkur hafa tekið á fjórða ár og er enn ekki lokið, endalaus flækja var með línurnar á sínum tíma og svo stóðu stjórnvöld fyrir mikilli uppákomu í sumar um eignarhald HS orku. Allt hefur þetta tafið fyrir.“

Norðurál samdi á sínum tíma við bæði HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur um orku. Að mati Júlíusar er óraunhæft annað en að Landsvirkjun komi einnig að málum. „Ég tel að þetta eigi að vera sameiginlegt verkefni orkufyrirtækjanna þriggja. Bæði er líklegra að málin mjakist þá frekar vegna minni áfanga hvers orkufyrirtækis og eins þarf einhver að taka við okkar hlutverki ef svo illa fer að við fáum ekki að virkja.“

bjorn@frettabladid.is



**REYKJANESVIRKJUN** Stækkaðri virkjun á Reykjanestá er ætlað að knýja hluta álversins í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Gera lokaatrennu að virkjanaleyfi

HS orka sótti um leyfi til að stækka Reykjanesvirkjun í október 2009. Í janúar síðastliðnum sendi Orkustofnun (OS) fyrirtækinu „lokadrög að virkjanaleyfi“ sem HS orka mat óásættanleg. Fyrirtækið íhugaði að kæra ákvörðun OS til iðnaðarráðherra en áður en til þess kom hófust viðræður milli aðila sem enn standa. „Héðan hefur farið mikið magn gagna og síðustu skjölin verða send í dag eða á morgun,“ segir Júlíus Jónsson. „Við sjáum til hverju þessi lokaatrenna skilar, hvort hún verður viðunandi eða hvort við þurfum að leggja inn stjórnsýslukæru. Auðvitað vonum við að til þess komi ekki.“

Fjármálaráðherra segir ríkisstjórn trausta þrátt fyrir brotthvarf Lilju og Atla:

# „Þetta er þrotlaust strit og púl“

**ALÞINGI** Ríkisstjórnin stendur traustum fótum, sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra í gær, spurður um stöðu stjórnarsamstarfsins eftir brotthvarf tveggja liðsmanna úr þingflokki VG. Tilefnið var ummæli, höfð eftir Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra, um að stjórnarsamstarfið stæði sterkara eftir. Steingrímur sagði ómaklegt að halda því fram að Össur hefði þar fagnað úrsögn Lilju og Atla.

Ríkisstjórnin héldi áfram að axla ábyrgð á verki sem hún hefði náð miklum árangri við. Sumir héldu því fram að vandann mætti leysa með ókeypis töfrabrögðum en það er rangt, segir Steingrímur: „Þetta er þrotlaust strit og púl, erfið vinna og flórmokstur, sem við höfum verið í til að skapa hér grunninn að nýju og betra samfélagi,“ sagði fjármálaráðherra. Þingmenn hlógu undir orðum hans. „Nú hlæja ýmsir,“ sagði Steingrímur þá, „það eru þeir sem lögðu til mykjuna í flórinn.“



**KOKKHRAUSTUR** Það er til uppörvunar þjóðinni að horfa á þessar útsendingar fyrsta hálftímann,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði ræðuna „Best of…“ Steingríms; fátt hefði gerst síðastliðin tvö ár en hann talaði um hvað ríkisstjórnin ætti erfitt, allt væri öðrum að kenna en nú væri þetta allt að koma.

Steingrímur bað menn þá að staldra við og þakka fyrir stöðuna í íslensku samfélagi: „Við búum í tíunda til fimmtánda mesta velmegunarsamfélagi hnattarins í dag, þrátt fyrir hrunið,“ sagði ráðherrann. „Við erum með sterkt samfélag og þróaða og öfluga innviði. Háttvirtir svartsýnis- og bölsýnismenn, sem eru með „himin helltan af myrkri fullan“ hvern dag, svo vitnað sé í gamalt textabrot, þeir ættu að hafa þetta í huga.“ **- pg**





FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

# KÆRI LYKILHAFI.

# HVERNIG VÆRI AÐ HALDA ATLANTSOLÍUDAGINN

## HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?



## 5 KRÓNA AFSLÁTTUR
AF HVERJUM LÍTRA Í DAG

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

MÁLNINGARVÖRUR

kemi

AÞ-ÞRIF

GÚMMÍVINNSLAN

Aðalskoðun

TE & KAFFI

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver stóð að stofnun ME félags á Íslandi?
2. Hvaða þingmenn sögðu sig úr þingflokki VG á mánudag?
3. Hver er leikstjóri myndarinnar Okkar eigin Osló?

SVÖR

1. Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir 2. Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir 3. Reynir Lyngdal

Menntamálaráðherra vill að skólum sé hlíft en segir sveitarfélög hafa mikið sjálfstæði:

# Ráðuneytið skilar umsögn síðar í vikunni

**ALÞINGI** Menntamálaráðuneytið mun skila umsögn um sameiningaraðgerðir í skólum Reykjavíkurborgar síðar í þessari viku. „Þar leggjum við faglegt mat á tillögurnar," sagði Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra á Alþingi í gær. Litið verði til ferða barna milli hverfa, ólíkra stefna í leikskólum sem eigi að sameina og fleiri þátta. Katrín sagði að samkvæmt lögum hefðu sveitarfélög mikið sjálfstæði um hvernig þau höguðu málum um sameiningu og samrekstur grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila. Stefnt væri að 3% niðurskurði í skólum Reykjavíkur enda væri staða sveitarfélagsins þröng rétt eins og staða ríkisins, sem hefði skorið niður um 5% í rekstri framhaldsskólanna á þessu ári. Umsögn ráðuneytisins myndi byggja á faglegu mati og heimildum sveitarfélaga samkvæmt lögum. „Svo hef ég þá pólitísku skoðun að hlífa eigi menntamálum og málefnum barna og ungmenna þegar hugað er að hagræðingu," sagði ráðherrann.

Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, spurði hvort ráðherra ætlaði að koma í veg fyrir hugmyndir meirihluta borgarstjórnar sem yllu reiði og óöryggi hjá foreldrum og börnum. - pg



**SPARNAÐUR** Sigurður Kári Kristjánsson sagðist hafa sótt fund í Hólabrekkuskóla og fengið beint í æð þá reiði og það óöryggi sem hugmyndir borgarstjórnar Reykjavíkur hefðu valdið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tólf tonn af filmum úr landi:

## Gögnum verður eytt í Guam

**HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn hyggst eyða tíu til tólf tonnum af röntgenfilmum hjá Film Tech Corporation í Tamuning, sem er landsvæði Bandaríkjanna í Guam.**

**Spítalinn óskaði eftir umsögn Persónuverndar vegna málsins. Landspítalinn eyðir röntgenmyndum á tíu ára fresti en þær eru varðveittar eftir sömu reglum og gilda um sjúkraskrár.**

**Fyrirkomulag eyðingarinnar hefur verið með sama hætti í fjöldamörg ár.**

**Myndirnar hafa verið fluttar til fyrirtækisins Film Tech Corporation í Bandaríkjunum í læstum og innsigluðum gámum og endurunnar þar.**

Svíar styðja aðgerðir í Líbíu:

## 88% fylgjandi en 10% á móti

**SVÍÞJÓÐ** Aðgerðir herja Vesturlanda gegn stjórn Gaddafí í Líbíu, njóta stuðnings 88% sænsku þjóðarinnar samkvæmt skoðanakönnun dagblaðsins Expressen. Tíu prósent sögðust andvíg hernaðinum.

Þá segjast 65% fylgjandi því að sænskir hermenn verði sendir til þátttöku í hernaðaraðgerðum í Líbíu en 33% eru andvíg. „Við höfum sagt að við séum tilbúin til að veita nauðsynlegan stuðning á þeim sviðum þar sem okkar styrkur liggur," segir Carl Bildt utanríkisráðherra í samtali við Expressen en vildi ekki tjá sig um hvort ákvörðun um að senda sænskan herafla til þátttöku í aðgerðinni væri yfirvofandi. - pg

# Yfir 100 þúsund börn hafa misst heimili sín

**Hamfarirnar í Japan hafa haft alvarleg áhrif á börn. Þúsundir þeirra gætu þurft að dvelja mánuðum saman í neyðarskýlum. Barnshafandi konur gætu þurft að fæða börn sín í skýlum sökum alvarlegs eldsneytisskorts.**

**JAPAN** Yfir hundrað þúsund börn hafa misst heimili sín í kjölfar hamfaranna í Japan. Samtökin Barnaheill – Save the Children vara við því að barnshafandi konur gætu þurft að fæða í neyðarskýlum sem komið var upp í kjölfar jarðskjálfta og flóðbylgju sem reið yfir landið.

Nao Saito, sem á að eiga barn sitt í næstu viku, hitti fulltrúa Save the Children í Shichigo-barnaskólanum sem breytt hefur verið í fjöldahjálparstöð. Hún segir að vegna skorts á eldsneyti sé hún hrædd um að ná ekki í tíma á sjúkrahúsið í borginni Sendai.

Stephen McDonald, sem leiðir neyðaraðstoð barna í Japan, segir um hálfa milljón manns vera á vergangi eftir flóðbylgjuna og margir þeirra búi í yfirfullum fjöldahjálparstöðvum á nær 600 kílómetra strandlengju Japans.

„Það er því miður hætt við að konur sem eru langt gengnar með barn neyðist til að fæða í þessum stöðvum," segir McDonald.

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, segir afar mikilvægt að bregðast eins skjótt við og auðið er. „Það er mikill fjöldi barna sem hefur misst heimili sín, skóla, ættingja og vini. Allt þeirra daglega líf er úr skorðum," segir Petrína. „Við leggjum mikla áherslu á að koma upp barnvænum svæðum. og nú hefur um 2.000 hjálparstöðvum verið komið á fót. Það er nauðsynlegt að sjá til þess að börnin fái öryggi og vernd, áfallahjálp og stuðning."

Mikill kuldi er nú í Japan og víðs vegar um borgina Sendai og annars staðar á flóðasvæðinu hafa myndast langar biðraðir við bensínstöðvar þar sem fólk bíður eftir eldsneyti. Um 4.000 skólar eyðilögðust í hamförunum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi standa fyrir söfnun fyrir börn og fjölskyldur þeirra í Japan. Hægt er að leggja þeim lið með því að hringja í söfnunarsíma 904 1900 (1.900 krónu framlag) eða 904 2900 (2.900 krónu framlag). Einnig er hægt að leggja frjáls framlög á reikning samtakanna 0327-26–001989, kt. 521089-1059. sunna@frettabladid.is



**NEYÐARSKÝLI Í NOBIRU** Ástandið í neyðarskýlum sem sett hafa verið upp í Japan er víða slæmt. Útlit er fyrir að barnshafandi konur þurfi að fæða börn sín þar. MYND/SAVE THE CHILDREN

„Frá mögru í **feitt**"

Olíumálunarnámskeið
með Þuríði Sigurðardóttur
á Sólheimum helgina
25. – 27. mars 2011

art TRAVEL

Nánari upplýsingar
á **www.arttravel.is**

100.000.000
+400.000.000
500.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
**500 MILLJÓNIR**



Fyrsti vinningur stefnir
í 100 milljónir og Ofurpotturinn
stefnir í 400 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 23. MARS 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

Norskur pólitíkus í bobba:

# Tók myndir af nöktum ungliða

**NOREGUR** Einn af forsvarsmönnum Framfaraflokksins í Noregi er í haldi lögreglu, grunaður um að hafa með falinni myndavél á baðherbergi tekið nektarmyndir af ungum manni sem er í ungliðahreyfingu flokksins, sem er yst til hægri í norskum stjórnmálum.

Trond Birkedal, sem er bæjarstjórnarfulltrúi og einn af forvígismönnum Framfaraflokksins í Stavangri, var handtekinn á sunnudag.

Birkedal var í gær dæmdur í tveggja vikna gæsluvarðhald. **- þj**

Misskilningur að bæjarstjórn eigi eftir að staðfesta ákvörðun bæjarráðs:

# Bæjarfulltrúar verða að geta tjáð sig

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Guðríður Arnardóttir, formaður bæjarráðs í Kópavogi, gerir enga athugasemd við að fólk leiti álits innanríkisráðuneytisins á því að Kópavogsbær greiði kostnað hennar og tveggja annara bæjarfulltrúa vegna meiðyrðamáls sem Frjáls miðlun höfðaði gegn þeim.

Hún segir hins vegar misskilning hjá Jóhanni H. Hafstein héraðsdómslögmanni, sem kveðst fara fyrir hópi íbúa sem setur sig upp á móti greiðslunni, að bæjarstjórn eigi eftir að fjalla um málið. „Málið var afgreitt í bæjarráði og það var fullnaðarafgreiðsla.“

Guðríður segist hins vegar telja að fari fólk yfirvegað yfir staðreyndir málsins hljóti flestir að átta sig á mikilvægi þess að kjörnir fulltrúar geti tjáð sig óhindrað um mál sem að sveitarfélagi þeirra snúa. Jafnframt bendir hún á að leitað hafi verið álits bæði lögmanns Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lagastofnunar Háskólans, á málinu.

Eins bendir Guðríður á að fordæmi séu fyrir því að sveitarfélög greiði viðlíka kostnað. Þannig hafi Umboðsmaður Alþingis beint því til A-Eyjafjallahrepps árið 2001 að greiða kostnað skólanefndarfólks í meiðyrðamáli á hendur þeim.

Héraðsdómur Reykjaness sýknaði bæjarfulltrúana í nóvember af kröfum Frjálsrar miðlunar, en dómnum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Tapi bæjarfulltrúarnir málinu þar segir Guðríður þá sjálfa bera kostnað af málarekstrinum, enda sé þá ljóst að þau hafi farið út fyrir þann ramma sem þeim sé settur í störfum sínum. **- óká**



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR** Á bæjarstjórnarfundi í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HVÍTÁ** Hefðbundin netaveiði er sögð munu hefjast aftur í Hvítá.

Vonsviknir stangveiðimenn:

# Hætt að kaupa upp netalagnir

**UMHVERFISMÁL Stangaveiðifélag Reykjavíkur segist að óbreyttu ekki halda áfram að taka þátt í uppkaupum netalagna á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu eftir árið 2011. Væntanlega verði löng bið á því að félagið láti aftur til sín taka á þeim vettvangi.**

**„Þetta er staðreynd sem svíður ekki aðeins stangaveiðimenn, því sá mikli árangur sem náðst hefur með upptöku neta hefur aukið arð landeigenda í bergvatnsánum nú þegar,“ segir svfr.is. „Nú stefnir hins vegar í það að farið verði í sama galna farið og hefðbundin netaveiði hefjist að nýju á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár.“ Bent er á að átta prósent landeigenda á vatnasvæðinu veiði í net um helming þess lax sem gengur í árnar.** **- gar**

Ferðaárið fer vel af stað:

# 13% fleiri ferðuðust til Íslands

**FERÐAÞJÓNUSTA** Erlendir ferðamenn sem komu til Íslands voru um 13% fleiri í febrúar en í sama mánuði árið 2010.

Alls heimsóttu tæplega 23 þúsund erlendir ferðamenn landið í febrúar en samtals um 45.000 fyrstu tvo mánuði ársins. Það er um 15% aukning frá árinu 2009.

„Ríflega þriðjungsaukning hefur verið í komu ferðamanna frá N-Ameríku, fjórðungsaukning frá Mið-og Suður-Evrópu, 13% aukning frá Norðurlöndunum og tæp 11% frá Bretlandi,“ segir á vef iðnaðarráðuneytisins. **-pg**

## Þjóðerni ferðafólks

Þessar þjóðir eru fjölmennastar í hópi þeirra um 45.000 ferðamanna sem sóttu Ísland heim fyrstu tvo mánuði ársins:
Bretar 30,8%

- Bandaríkjamenn 12,7%
- Norðmenn 7,9%
- Danir 6,4%
- Frakkar 5,5%
- Svíar 5,2%



Engin ástæða til að óttast geislavirkni hér á landi, segja Geislavarnir ríkisins:

# Geislavirkni mælist á Íslandi

**UMHVERFISMÁL** Geislavirkni frá kjarnorkuverinu í Fukushima hefur nú mælst í andrúmsloftinu hér á landi. Er Ísland fyrsta Evrópuríkið þar sem geislavirknin hefur mælst eftir jarðskjálftann í Japan. Mengunin barst yfir Norður-Ameríku og til Atlantshafsins. Agnirnar eru mjög smáar og ekki taldar skaðlegar heilsu fólks.

Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins, segir ástæðulaust með öllu að óttast skaðsemi geislavirkni hér á landi eða á öðrum stöðum í Evrópu. Í tilkynningu frá Geislavörnum ríkisins segir að staðfest sé að örlítil geislavirkni frá kjarnorkuverinu í Fukushima hafi mælst í mælistöð sem stofnunin rekur í Reykjavík og gera megi ráð fyrir að geislavirk efni mælist áfram á Íslandi á næstu dögum og vikum.

„Efnin geta orðið mælanleg um allan heim (svipað og aska frá Eyjafjallajökli) en geislun frá þeim á fjarlægum slóðum er hverfandi og heilsufarsleg áhrif þeirra engin,“ segir í tilkynningunni. „Gera má ráð fyrir að geislavirknin geti orðið 1/1000 til 1/10000 hluti þess sem mældist í Evrópu eftir slysið í Chernobyl 1986 en þá mældist mjög lítil geislavirkni á Íslandi.“

Alls eru 63 stöðvar í heiminum sem mæla geislavirkni. **- sv**



**KJARNORKUVERIÐ Í FUKUSHIMA** Undanfarna daga hefur verið unnið að því að stöðva leika geislavirkra efna í kjarnorkuverinu í Fukushima. NORDICPHOTOS/AFP



**TUNGLIÐ OG LOFTBELGUR** Í Teotihuacan í Mexíkó mátti sjá þennan loftbelg á flugi bera við tungl í fyllingu á þriðjudaginn, þegar jafndægur voru á vori. NORDICPHOTOS/AFP

Auglýsing vekur heimsathygli:

## AdAge lofar auglýsingu VÍB

**MARKAÐSMÁL** Íslandsbanka hefur tekist að framleiða afar áhrifamikla auglýsingaherferð sem á að uppfylla það sem bandarískum bönkum hefur aldrei tekist: Að upplýsa neytendur um áhættur skyndilausna í fjármálum. Þetta er mat Rance Crain, ritstjóra AdvertisingAge (AdAge).

Crain skrifaði grein í AdAge þar sem hann fjallaði um auglýsingaherferð eignastýringar Íslandsbanka. Auglýsingarnar fjalla hver um sig um fagfólk í ólíkum greinum sem segir frá því hvað skiptir mestu máli til þess að ná árangri í störfum sínum, þætti sem eru hliðstæðir sparnaði og fjárfestingum.

Að mati Crains ná VÍB og Hvíta húsið, framleiðandi auglýsinganna, að koma skýrt til skila mikilvægi þess að koma sjónarmiðum viðskiptavina á framfæri í gegn um raunsæja mynd af lífi þeirra. **- sv**

### DANMÖRK

**Keyrðu yfir konu**

Tveir ungir menn í Álaborg í Danmörku slógu konu í andlitið í gær og óku yfir handlegg hennar þegar þeir flúðu á hennar eigin bíl. Hafði hún komið að þeim á bílnum og heimtað lyklana með fyrrgreindum afleiðingum.

**Dæmdir fyrir vopnað rán**

Þrír menn voru í gær dæmdir í átta og níu ára fangesli við Eystri-Landsrétt í Danmörku fyrir vopnað rán í herstöð í nágrenni við Slagelse í byrjun árs 2009. Mennirnir rændu meðal annars vopnum sem hafa síðar fundist í fórum vélhjólagengja í landinu.

### FÍLABEINSSTRÖNDIN

**Gbagbo grípur til vopna**

Laurent Gbagbo, sem situr enn í sæti forseta Fílabeinsstrandarinnar þrátt fyrir að hafa tapað kosningum í nóvember, er nú að búa sig undir að ráðast á mótherja sína með stórvirkum vopnum. Sameinuðu þjóðirnar vara við því að almenningur í landinu sé í hættu vegna yfirvofandi átaka.

# Ummæli í frétt RÚV sett fram í góðri trú

**Fréttamaður RÚV var sýknaður í meiðyrðamáli Pálma Haraldssonar. Dómnum verður áfrýjað segir Pálmi. Dómurinn telur að þótt fréttamanni hafi skjátlast í mati á heimildum hafi fullyrðingar hans ekki verið settar fram í vondri trú.**

**DÓMSMÁL** Mikil fagnaðarlæti brutust út hjá starfsmönnum Ríkisútvarpsins þegar tveir fréttamenn og útvarpsstjóri voru sýknaðir af meiðyrðakröfu í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Fréttamenn RÚV fjölmenntu í héraðsdóm til að hlýða á dómsuppsögu í meiðyrðamáli sem Pálmi Haraldsson athafnamaður, kenndur við Fons, höfðaði aðallega á hendur Svavari Halldórssyni fréttamanni.

„Ég fagna þessu, þetta er sigur réttlætisins. Fréttin okkar var rétt og byggði á traustum heimildarmönnum þó við höfum ekki getað gefið upp fyrir dómi hverjir þeir eru,“ sagði Svavar eftir að dómurinn var kveðinn upp.

Í niðurstöðum dómsins segir að Svavari kunni að hafa skjátlast að einhverju leyti í mati á heimildum, eins og Pálmi hafi „leitt nokkrar líkur að“. Ekki hafi þó verið sýnt fram á að fullyrðingarnar sem birtust í frétt Svavars hafi verið „settar fram í vondri trú“. Fréttin birtist í fréttatíma Sjónvarpsins 25. mars í fyrra.

Í dómnum segir að í ljósi aðstæðna sem skapast hafi í kjölfar bankahrunsins verði Pálmi að þola nærgöngula umræðu um verk sín og persónu. Lánveitingar og fjármagnsflutningar í aðdraganda hrunsins séu mikilvægar fréttir sem eigi brýnt erindi við almenning.

Pálmi stefndi til vara Páli Magnússyni útvarpsstjóra og Maríu Sigrúnu Hilmarsdóttur, sem var fréttaþulur kvöldið sem frétt Svavars var flutt, og las inngang fréttarinnar. Dómurinn sýknaði Pál og Maríu Sigrúnu af kröfum Pálma.

Í stuttri yfirlýsingu sem Pálmi sendi fjölmiðlum eftir að dómur féll segir að niðurstaðan hafi komið á óvart og hún valdi honum vonbrigðum. Dómnum verði „að sjálfsögðu“ áfrýjað. Pálmi svaraði ekki ósk Fréttablaðsins um viðtal.

Í frétt Svavars var fjallað um 2.500 milljóna króna lánveitingu frá Glitni til Pálma Haraldssonar. Því var haldið fram í inngangi að peningarnir væru „gufaðir upp“ og í lok fréttarinnar að peningarnir fyndust hvergi. Þá var því haldið fram að lánveitingin hefði átt sér stað „rétt fyrir hrun“.

Í gögnum sem Pálmi lagði fyrir dóminn kom fram að lánið hefði verið veitt í desember 2007, og því vart hægt að halda því fram að það hafi verið veitt „rétt fyrir hrun“. Þá hélt lögmaður Pálma því fram að tæpar 2.000 milljónir hefðu verið notaðar til að greiða upp skuldabréf hjá Landsbankanum. Afgangurinn hefði ýmist farið inn á reikning Pálma eða farið til kaupa í Sjóði 9 hjá Glitni.

**brjann@frettabladid.is**



**FÖGNUÐU Í DÓMSAL** Á annan tug fréttamanna af Ríkisútvarpinu fagnaði með félögum sínum þegar dómari við Héraðsdóm Reykjaness sýknaði fréttamenn og útvarpsstjóra í meiðyrðamáli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég fagna þessu, þettar er sigur réttlætisins.
>
> **SVAVAR HALLDÓRSSON**
> FRÉTTAMAÐUR Á RÚV

Fylgstu með gangi mála

Netið í símanum á 0 kr. fyrir viðskiptavini Símans í dag. Magnaðir miðvikudagar!

Síminn

Notkun á Íslandi. 100 MB innan dagsins. Þú greiðir f. símanr. og aðra notkun skv. verðskrá á siminn.is

Ókeypis aðild að Icelandair Golfers

Premium Icelandair American Express® er betri ferðafélagi. Kynntu þér kostina á americanexpress.is

Kortið sem kemur þér út

AMERICAN EXPRESS

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Fíton / SÍA

Varhugavert fyrir stjórnvöld að styðja árásir í Líbíu segja hernaðarandstæðingar:

# Samþykkt öryggisráðs misnotuð

**SAMFÉLAGSMÁL** „Friði verður ekki komið á eða viðhaldið með loftárásum,“ segir Stefán Pálsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga. Samtökin vara íslensk stjórnvöld við að styðja loftárásir vestrænna ríkja í Líbíu.



**STEFÁN PÁLSSON**

Í yfirlýsingu sem samtökin sendu frá sér í gær segir að ríkin sem nú standa fyrir loftárásum í landinu hafi misnotað samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem heimiluðu flugbann yfir Líbíu.

„Við teljum það mjög varhugavert ef íslensk stjórnvöld ætla að stilla sér upp með þeim herskáu þjóðum sem túlka mjög loðna og almennt orðaða ályktun öryggisráðsins um flugbann sem auðan tékka um að gera megi stórfelldar loftárásir á landið,“ segir Stefán.

Hann segir að menn ættu að vera búnir að læra að lofthernaður bitnar sérstaklega harkalega á almennum borgurum. Enginn ætti að trúa lengur sögum um að sprengjurnar séu svo nákvæmar að þær hæfi bara hernaðarleg skotmörk.

Spurður hvort vestrænar þjóðir eigi ekki að bregðast við stríðsástandi í landinu með einhverjum hætti segir Stefán að loftárásirnar geri illt verra. Friðarsinnar hafi varað við árásum á Afganistan árið 2001 og Írak 2003, og vari nú við árásum á Líbíu. Þeir hafi haft rétt fyrir sér um Afganistan og Írak, svo vonandi verði tekið mark á þeim nú. **- bj**



**TEKIÐ Á LOFT Á SIKILEY** Bandarísk F-16 orrustuþota heldur af stað í hernaðaraðgerð til Líbíu. NORDICPHOTOS/AFP

Málþing í Neskirkju:

# Ræða um stöðu Þjóðkirkjunnar

**TRÚMÁL** Staða og framtíð Þjóðkirkjunnar verður til umræðu á málþingi sem haldið verður í Neskirkju á föstudaginn.

Í tilkynningu kemur fram að kannanir sýni að traust til Þjóðkirkjunnar sé í sögulegu lágmarki og því sé boðað til þessa málþings. Eftirfarandi munu flytja erindi á þinginu: Hulda Guðmundsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Ævar Kjartansson, Jóhann Páll Valdimarsson og Kolbrún Halldórsdóttir. - þj



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Karlmaður hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að hafa reynt að smygla tæpu kílói af amfetamíni til landsins.

Serbi dæmdur í héraði:

# Með 800 grömm falin í skópörum

**DÓMSMÁL Serbneskur karlmaður var dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í fyrradag fyrir að flytja tæp 800 grömm af amfetamíni inn til landsins sem hann hafði falið í tveimur skópörum.**

**Maðurinn neitaði því að fíkniefnin hefðu verið til söludreifingar í ágóðaskyni og vildi meina að þau hefðu verið til eigin nota. Hjá lögreglu skýrði hann frá því að hann væri atvinnulaus en samt hafi hann haft efni á því að fara í frí til Spánar í október 2010, kaupa þar fíkniefni fyrir fjögur þúsund evrur, fljúga svo til Danmerkur og dvelja þar í um eina og hálfa viku. Maðurinn vildi ekki tjá sig um það hvernig hann hefði fjármagnað ferðir sínar og uppihald.**

**BORGARMÁL**

### Nýr upplýsingastjóri

Bjarni Brynjólfsson hefur verið ráðinn upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar. Bjarni er 47 ára gamall fjölmiðlafræðingur. Hann á að baki langan feril á sviði fjölmiðla og almannatengsla auk ýmissa tengdra sviða. Hann hefur verið ritstjóri tímaritanna Iceland Review og Atlantica frá árinu 2007. Bjarni hefur störf hjá Reykjavíkurborg í byrjun apríl. Hann mun leiða upplýsinga- og vefteymi borgarinnar í upplýsingagjöf til starfsmanna og íbúa í borginni.


# Hvaða sparnaður hentar best á ólíkum æviskeiðum?

**Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld** hjá Landsbankanum og nú er að hefjast námskeið sem fjalla um sparnað á ólíkum skeiðum á lífsleiðinni. Fyrsta námskeiðið er 24. mars kl. 20 í útibúinu í Austurstræti 11.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280



Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans.

**Aðgengileg umfjöllun um sparnað**

Sigurður B. Stefánsson, sjóðstjóri hjá Eignastýringu Landsbankans, ræðir hvernig best er að haga sparnaði um ævina. Kristinn Tómasson, forstöðumaður fjármálaráðgjafar, ræðir um almennan lífeyrissparnað og Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar, spyr hvort hagfræðin skipti máli í daglegu lífi.

- **24. mars** » Útibúið í Austurstræti 11
- **31. mars** » Útibúið á Akranesi, Þjóðbraut 1
- **7. apríl** » Útibúið á Akureyri, Strandgötu 1
- **14. apríl** » Útibúið í Grafarholti, Vínlandsleið

Námskeiðin hefjast kl. 20. Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Við hlökkum til að sjá þig.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000



Konfúsíusarstofnun sýnir heimildamyndina

## Lifandi kínversk heimspeki

**Living Chinese Philosophy**

*Prófessor Roger T. Ames rýnir í kínverska heimspeki og birtingar hennar í daglegu lífi í Kína.*

**Fimmtudaginn 24. mars**
**kl 17:30-19:10**
**Askja, stofa 132**

Málstofa Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa

## What China Thinks:

**Philosophical Passages to China**

*Prófessorar Roger T. Ames og Henry Rosemont Jr., og fleiri ræða konfúsíanisma, pólitík ofl. Öll erindin verða flutt á ensku. Nánar á hugvis.hi.is*

**Laugardaginn 26. mars**
**kl. 10:30-16:30**
**Háskólatorg, St. 101**

**Allir velkomnir - aðgangur ókeypis!**



Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Meira að segja Vinstri græn styðja aðgerðirnar gegn harðstjóranum Gaddafí í Líbíu.

# Ill nauðsyn

Hernaður Vesturveldanna í Líbíu er ill nauðsyn. Alþjóðasamfélaginu bar skylda til að grípa inn í til varnar almenningi í landinu. Yfirlýsingar stjórnar einræðisherrans Gaddafí um að fyrirmælum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um vopnahlé yrði hlítt voru blekkingar einar og ekki um annað að ræða en að beita því hervaldi sem Öryggisráðið hafði heimilað.

Úr því sem komið er getur bandalag ríkjanna sem tekið hafa að sér að framfylgja ályktun Öryggiráðsins ekki annað en reynt að tryggja að uppreisnarmenn í Líbíu nái yfirhöndinni á ný og stjórn Gaddafí verði komið frá.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þar koma í fyrsta lagi til mannúðarsjónarmið. Haldi Gaddafí völdunum má gera ráð fyrir að niðurstaðan verði svipuð og í Írak 1991, þegar bandamenn hættu hernaðinum gegn Írak eftir að her Saddams Hussein hafði verið hrakinn frá Kúvæt. Saddam hrökklaðist ekki frá völdum, heldur brást við með grimmilegum árásum á eigin þegna.

Í öðru lagi er íhlutunin í Líbíu rækileg viðvörun til annarra harðstjóra í arabalöndunum, sem streitast nú við að halda völdum þrátt fyrir kröfu almennings um frelsi og lýðræði. Ef Gaddafí verður leyft að komast upp með að beita hörku til að berja niður uppreisnina í landinu er hætta á að aðrir arabaleiðtogar grípi til sömu ráða.

Það er þess vegna mikilvægt að ríki heims hviki ekki frá stuðningi sínum við aðgerðirnar gegn Gaddafí. Ríkisstjórn Íslands hefur gert rétt í því að lýsa yfir stuðningi við aðgerðirnar.

Það kemur ánægjulega á óvart að Vinstrihreyfingin – grænt framboð styðji nú hernaðaraðgerðir gegn sturluðum einræðisherrum. Það hefur flokkurinn hingað til ekki gert; þannig voru loftárásir NATO á Júgóslavíu þegar Slobodan Milosevic var að reyna að murka lífið úr Kosovo-Albönum kallaðar „árásarstríð“ í ályktunum VG. En ábyrgð stjórnarflokksins víkur gömlum slagorðum til hliðar.

Í stefnu VG segir enn þá: „Stríð og hernaður leysa engin vandamál, ekki frekar þó að hernaðarsinnar haldi því fram að barist sé fyrir friði og mannréttindum.“ Það er þó einmitt til að tryggja frið og mannréttindi í Líbíu sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur nú heimilað hernaðaríhlutun.

Árni Þór Sigurðsson, þingflokksformaður VG og formaður utanríkismálanefndar Alþingis, sagði hér í blaðinu í gær að forsenda stuðnings VG við aðgerðirnar væri að farið yrði eftir ályktun SÞ í einu og öllu. Vissulega er hægt að vísa til þess að aðgerðirnar gegn Milosevic 1998 voru ekki í umboði Sameinuðu þjóðanna. Rússar og Kínverjar lögðust þá gegn því að Öryggisráðið heimilaði árásir á Júgóslavíu. Siðferðilegar forsendur fyrir hernaðaríhlutun NATO þá voru hins vegar nákvæmlega þær sömu og fyrir aðgerðunum í Líbíu nú; verið er að koma í veg fyrir að stjórnvöld beiti hervaldi gegn eigin borgurum.

Stuðningur alþjóðasamfélagsins, Íslands þar á meðal, þarf að sjálfsögðu að ná lengra en aðeins til hernaðaraðgerða. Það verður að styðja við nýja stjórn í Líbíu þegar þar að kemur til að koma í veg fyrir að afleiðingarnar af falli Gaddafí verði stjórnleysi og ringulreið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

TASKI vélar á kynningarverði



TASKI by Diversey

Nýr sölu- og þjónustuaðili á Íslandi

Öflug viðgerða- og varahlutaþjónusta

Sími 510 1200
www.tandur.is

ATARNA

TANDUR - Þegar hreinlæti skiptir máli

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gamalkunnugt stef

Deilan milli Atla Gíslasonar og Lilju Mósesdóttur annars vegar og restar hins vegar er þekkt stef úr stjórnmálasögunni. Hún snýst ekki síst um hvor aðilinn sé trúrri stefnu VG. Atli og Lilja vilja meina að flokkurinn hafi vikið af leið; hann hafi fjarlægst upprunann og grundvallarsjónarmiðin. Þessu halda menn jafnan fram þegar þeir yfirgefa flokka eða þingflokka. Þeir sjálfir eru hinir sönnu merkisberar stefnunnar en þeir sem eftir sitja hafa svikið hugsjónirnar.



Sé það rétt eru VG, Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn allir úti á túni en fyrrverandi liðsmenn rækja manifestóið með sóma og sann.

### Góðu siðirnir

Úrsögn Atla úr þingflokknum var sett í nýtt ljós þegar ályktanir bárust úr kjördæmi hans í fyrrakvöld. Eyjamenn riðu á vaðið og hvöttu hann til að afsala sér þingmennsku. Í kjölfarið fylgdu Suðurnesjamenn og kjördæmisráðið. Þessar flokksstofnanir eru furðu lostnar yfir athæfi þingmannsins. Getur verið að Atli hafi ekki ráðfært sig við nokkurn mann í kjördæminu þegar hann ákvað að segja bless? Samrýmist það gagnrýni hans á foringjaræði? Samræmist það orðum hans um að ekkert hafi breyst eftir hrun? Nær krafa Atla Gíslasonar um samráð og góða siði í pólitík ekki til Atla Gíslasonar?



### Staðreynd

„Hreyfingin ekki á leið í stjórn,“ stóð á vef Ríkisútvarpsins í gær. Þá vitum við það.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Vandrötuð og áhættusöm leið

Icesave



Ingvar Gíslason
fv. alþm. Framsóknar og félagi í Heimssýn

9. apríl nk. er boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um svokallað Icesave-mál. Lagt er fyrir kjósendur að staðfesta lög frá Alþingi um skuldagreiðslu ríkissjóðs í máli þessu eða hafna þeim. Valið stendur á milli þess að segja já eða nei. Deilan um málið felst þá m.a. í því, hvort leysa eigi það með samningi eða dómi.

Skuldamál þetta er hins vegar þannig til komið, að það hlaut að verða að deilumáli meðal íslensku þjóðarinnar. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það þótt sú skoðun kæmi fram að skera yrði úr því fyrir dómi, hvort ríkissjóði væri skylt að lögum að greiða fyrir skuldir sem ríkissjóðir Breta og Hollendinga kröfðust. Eigi að síður var það sjónarmið skjótt ríkjandi meðal ráðamanna í landinu hvar í flokki sem var, að dómstólaleiðin væri áhættusöm og vandrötuð, þ.e. að samningaleiðin væri farsælli.

Ferill málsins sveigðist inn á þá braut að verða milliríkjamál, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Þegar svo er komið er langeðlilegast að gera út um slík mál með samningum. Sögulega séð hafa Íslendingar yfirleitt tekið samningaleið framyfir dómstólaleið í milliríkjadeilum. Með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) hafa Íslendingar fórnað fullveldisrétti í ríkum mæli m.a. í dómsmálum. Í Icesave-málinu hefur þjóðin fengið smjörþefinn af því evrópska alríkisdómsvaldi, sem yfir okkur er, með áminningarbréfi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Kjósendur ættu að kynna sér þetta bréf og þá áhættu sem þjóðinni stafar af dómstólaréttlæti EES og ESB, ef á það reyndi. Á dómstólaleiðinni væru Íslendingar eins og hvert annað peð í höndum framandi alríkisdómstóla. Ef samningaleiðin er farin hafa íslensk stjórnvöld vald á málsmeðferð með virkum hætti að sínu leyti, eða eins og gerist í samningaviðræðum. Núverandi samningur í Icesave-málinu felur í sér viðunandi lausn deilunnar, tryggir góð málalok. — Fráleitt er að túlka samninginn sem „aðgöngumiða að Evrópusambandinu“. Þar er blandað saman óskyldum málum.

> Fráleitt er að túlka samninginn sem „aðgöngumiða að Evrópusambandinu“.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Breytingar eða flatan niðurskurð?

Skólamál
Oddný Sturludóttir
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar



Tillögur til breytinga á skóla- og frístundastarfi í Reykjavík eru nú í umsagnarferli. Tillögurnar snúa að sameiningu í yfirstjórn nokkurra grunnskóla og leikskóla og sameiginlegri yfirstjórn frístundaheimila og grunnskóla. Eins eru tillögur sem snúa að breyttri aldursskiptingu, stækkun unglingadeilda og tvær tillögur snúa að sameiningu leikskóla, grunnskóla og frístundar.

**Breytingar í leikskólum**

Tillögur okkar kalla á breytingar og þær skila líka dýrmætri hagræðingu. Margar þeirra eiga sér forsögu, t.d. hafa sameiningar í yfirstjórn leikskóla verið í umræðunni frá 2008. Í Reykjavík eru margir litlir leikskólar og einnig er algengt að tveir leikskólar standi bókstaflega á leigu til framtíðar. Með nýjum lausnum má finna öllum nýju leikskólabörnunum sem fædd-ust 2009 og 2010 stað í leikskóla, án þess að taka eina skóflustungu. Þannig spörum við um 700 milljónir í stofnkostnað. Slíkar lausnir og margar fleiri blasa við en það þarf kjark til breytinga. Og breytingar mæta oft áhyggjum og andstöðu. Það er ekkert skrýtið því þær snerta börnin okkar. Það er þó ágætt að rifja upp að margar óvinsælar aðgerðir sem fræðsluyfirvöld hafa ráðist í í gegnum tíðina hafa reynst afar vel. Og fæstir vilja fara til baka.

**Frístundastarf**

Í dag koma fjölmargir að námi og frístundastarfi 6-9 ára barna. Kennarar og annað starfsfólk skóla, tómstunda- frístunda- og félagsmálafræðingar. Við getum nýtt fjármagn og mannauð betur með því að horfa á skóla- og frístundadag barna sem eina heild. Þetta eru sömu börnin, fyrir og eftir hádegi. Núna verjum við fjármagni í sérkennslu á tveimur stöðum, við kaupum inn og skipuleggjum starf með

> Það er börnum borgarinnar fyrir bestu að við förum vel með fjármuni, nýtum allt húsnæði borgarinnar til fullnustu og lækkum kostnað við yfirstjórn.

sömu lóð. Fjöldi barna á hvern stjórnanda í leikskólum Reykjavíkur er langt undir meðaltali. Reykjavík hefur sameinað leikskóla og önnur sveitarfélög hafa sameinað leikskóla. Það hefur gengið vel. Áfram verður hægt að bjóða öllum stjórnendum störf áfram á leikskólum borgarinnar.

Allir aðrir hagræðingarkostir voru taldir verri á leikskólunum. Það hefði mátt skerða kjör þeirra sem lægst hafa launin eða fjölga börnum á hvern starfsmann. Það hefði mátt lengja biðlistana og gefast upp fyrir því verkefni haustsins að fjölga leikskólaplássum fyrir stærsta árgang Íslandssögunnar. Við vildum ekkert af þessu. Við mættum hagræðingu á Leikskólasviði með afnámi heimgreiðslna og endurskipulagningu í stjórnun leikskóla. Ekkert verður skorið niður í innra starfi leikskólanna, ekki neitt. Tæplega 500 milljónum var bætt í ramma Leikskólasviðs til að koma til móts við yngstu Reykvíkingana. Þetta er skýr forgangsröðun í þágu leikskólastarfs og fjölskyldna í borginni.

**10-15 börn í árgangi?**

Borgin er að sligast undan leigukostnaði vegna slæmrar nýtingar húsnæðis grunnskóla. Í sumum hverfum eru hins vegar skólar að springa svo þörf er á viðbyggingum. Við höfum byggt fína og dýra skóla, svo eldast hverfin og yngjast á víxl, skólarnir eru hálftómir eða sneisafullir. Við getum ekki haldið áfram að byggja í hvert skipti sem nemendum fjölgar til þess eins að sitja uppi með hálftómt skólahúsnæði fáum árum seinna. Við verðum að endurskipuleggja. Það mun að sjálfsögðu hafa rask í för með sér fyrir börn og foreldra, en nú þegar Reykjavíkurborg hagræðir þriðja árið í röð verðum við að horfast í augu við staðreyndir. Sums staðar er fækkun barna farin að há skólastarfi og félagslífi barna og unglinga. Tíu börn í árgangi, er það gott fyrir skólastarf?

Ef börn hefja skólagöngu í Hagaskóla ári fyrr má spara verulegar fjárhæðir í stofnkostnaði bygginga og tilheyrandi sömu börnum á tveimur stöðum. Höfum við efni á því? Er það betra fyrir börnin? Er ekki lag að nýta kraftinn úr frábæru frístundastarfi börnum til góða allan daginn? Við leggjum til að í a.m.k. einu hverfi verði gerð tilraun með samþættan skóla- og frístundadag yngstu barna.

**Samráð**

Samráð okkar við foreldra og starfsfólk hefur mætt mikilli gagnrýni sem er að mestu ómakleg. Á frumstigum vinnu starfshóps um greiningu tækifæra var tekið einstaklingsviðtal við alla stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og frístund. Því næst var fundað með öllum kjörnum fulltrúum foreldra og starfsfólks í hverjum einasta skóla og frístundaheimili til að greina tækifæri í hverju hverfi. Rýnihópar, frekara stjórnendasamráð og loks ótal fundir með foreldrum og starfsfólki um alla borg. Ótrúlega margar ábendingar komu fram, einnig áhyggjur sem og róttækar og djarfar hugmyndir. Og margir vilja engu breyta.

Eitt er víst. Við myndum aldrei fara út í þær breytingar sem nú standa fyrir dyrum nema nauðsyn krefði, fagleg jafnt sem fjárhagsleg. Okkur þykir vænt um skólana okkar og við óttumst breytingar. Ég óttast þó meira aðgerðarleysi og óábyrga meðferð fjármuna. Það er einfaldlega ekki í boði að gera ekki neitt. Ef tillögur starfshópsins ná fram að ganga munu 300-400 milljónir króna sparast árlega og vel á annan milljarð ef stofnkostnaður við nýbyggingar er tekinn með í reikninginn. Það er ekki lítið.

Breytingar á yfirstjórn og skipulagi skólastarfs verða ávallt viðkvæmar. En fjárhagur borgarinnar er líka viðkvæmur og á honum berum við sameiginlega ábyrgð. Næstu ár verða mögur og við neyðumst til að hagræða. Það er börnum borgarinnar fyrir bestu að við förum vel með fjármuni, nýtum allt húsnæði borgarinnar til fullnustu og lækkum kostnað við yfirstjórn eins og kostur er. Einungis þannig getum við komið í veg fyrir flatan niðurskurð í skólastarfinu sjálfu.

# *Ískalt siðleysi*

Icesave

*Átta hæstaréttarlögmenn* skrifa um Icesave-lögin

Talsmenn laganna um Icesave tala um áhættu af dómstólameðferð og segjast hafa framkvæmt „ískalt mat“ á henni sem segi þeim að styðja lögin. Í þessu virðist felast að einhverjar líkur séu á að við myndum tapa dómsmáli, þar sem um þetta yrði fjallað. Ekki eru neinar umtalsverðar líkur á því. En segjum sem svo að hlutlaus dómstóll myndi dæma okkur í óhag. Þá fælist í þeim dómi að við hefðum brotið rétt á öðrum. Hafi svo verið hljótum við að vilja bæta fyrir það ef við á annað borð viljum telja okkur til siðaðra þjóða.

Hræðsluáróðurinn gegn dómstólunum felur því í sér að vegna hættunnar á að þurfa að standa við lagalegar skyldur eigum við að forðast þá! Það skal endurtekið að afar takmarkaðar líkur eru á að dómsmál tapist.

Þetta er aðeins nefnt til að benda á siðleysið í þessum málflutningi. Allt ber að sama brunni. Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Sveinn Snorrason hrl*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*

GÓÐGERÐARTÓNLEIKAR TIL STYRKTAR ÍSLENSKUM MÁLEFNUM
VERÐA HALDNIR
FÖSTUDAGINN 25. MARS 2011 KL. 20:00
Í DÓMKIRKJU KRISTS KONUNGS Í REYKJAVÍK



Rússneski fiðluleikarinn og stjórnandinn
Vladimir Spivakov
leikur ásamt fjórum löndum sínum:
VLADIMIR SPIVAKOV, FIÐLA
ANASTASIA BELUKOVA, SÓPRAN
EREMY TSUKERMAN, FIÐLA
DMITRY PROKOFIEV, SELLÓ
ZOYA ABOLITS, SEMBAL
Á EFNISSKRÁNNI ERU VERK EFTIR J.S. BACH:
RESITATÍF OG ARÍA FYRIR SÓPRAN ÚR KANTÖTU NR. 57, BWV 57 NR. 2
ARÍA ÚR KANTÖTU NR. 186, BWV 186 NR. 8
ARÍA ÚR KANTÖTU NR. 68, BWV 68 NR. 2
SÓNATA FYRIR FIÐLU OG PÍANÓ, BWV 1015
RESITATÍF OG ARÍA FYRIR SÓPRAN ÚR KANTÖTU NR. 57, BWV 57 NR. 6 OG 7
ARÍA FYRIR EINSÖNGSSÓPRAN, BWV 234 NR. 4
ARÍA ÚR KANTÖTU NR. 208, BWV 208 NR. 8
Miðar seldir á midi.is
Verð kr. 4.000,-
UMSJÓN MEÐ TÓNLEIKUNUM HEFUR KAÞÓLSKA KIRKJAN Á ÍSLANDI

Auglýsingasími
512 50 50




Allt sem þú þarft…

Auður Auðuns
frumkvöðull & fyrirmynd
-aldarminning



Félag kvenna í lögmennsku stendur fyrir málþingi í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur föstudaginn 25. mars kl. 15–17

Erindi flytja:
**Hanna Birna Kristjánsdóttir**, forseti borgarstjórnar
**Ragna Árnadóttir**, skrifstofustjóri Landsvirkjunar
**Tanya Zharov**, framkvæmdastjóri hjá Auði Capital
**Guðrún Sesselja Arnardóttir**, hæstaréttarlögmaður
**Guðrún Erlendsdóttir**, fyrrv. hæstaréttardómari

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JOAN CRAWFORD** leikkona (1908-1977) fæddist þennan dag.

*„Óttastu ekkert í lífinu.“*

ERLA GUNNARSDÓTTIR: ER NÝR SKÓLASTJÓRI VIÐ SAMEINAÐAN SÉRSKÓLA

# Hlakkar til næsta skólaárs



**REYNSLUBOLTI** Erla Gunnarsdóttir hefur víðtæka menntun og reynslu af sérkennslu og stjórnun skóla fyrir þroskahamlaða og fjölfatlaða nemendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég er mjög ánægð, hlakka til að takast á við þessa áskorun,“ segir Erla Gunnarsdóttir. Hún hefur verið ráðin sem skólastjóri við nýjan sérskóla í Reykjavík sem varð til við sameiningu Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla í ársbyrjun.

Erla hefur víðtæka menntun og reynslu af sérkennslu og stjórnun skóla fyrir þroskahamlaða og fjölfatlaða nemendur. „Að kennaranámi loknu í Ósló sérhæfði ég mig í sérkennslu. Seinna lauk ég diplómanámi í stjórnun við Kennaraháskólann á Íslandi og hef svo sótt mér alls kyns fróðleik bæði í námi og starfi,“ segir Erla, sem hefur starfað við kennslu og skólastjórnun næstum óslitið frá árinu 1978, lengst af sem skólastjóri í Safamýrarskóla.

En hvers vegna lagði hún sérkennslu fyrir sig? „Mér finnst gaman að fá tækifæri til að leita að styrkleikum nemenda. Stundum þarf að leita vel og vandlega en alltaf finnur maður þá að lokum og vinnur út frá þeim,“ segir Erla, sem finnst ánægjulegt að tendra áhuga barnanna, fylgjast með þeim læra og njóta samskiptanna við umhverfi sitt. „Það er mjög gefandi að eiga þátt í því að opna þennan möguleika fyrir þeim.“

Nýi sérskólinn tekur til starfa í núverandi húsnæði Öskjuhlíðarskóla í haust. Erla segir sameininguna hafa ýmsa hagræðingu í för með sér. „Til dæmis mun fagþekkingin sem dreifðist á tvo skóla safnast á einn stað, svo bæði starfsfólk og nemendur nýja skólans fái að njóta sín sem best. Best hefði verið ef áætlanir um að byggja nýtt og fullkomnara húsnæði undir starfssemina hefðu gengið eftir en vegna kreppunnar var hætt við þær.“

Nemendur beggja skóla munu fá inni í nýja skólanum að hennar sögn. „Við sameininguna verður nemendahópurinn bara fjölbreyttari. Auk þess verður áfram boðið upp á dagvistun hjá frístundaskólum ÍTR, kannski í breyttri mynd en þjónustan skerðist ekki. Ekki er þó útséð með að allt starfsfólkið haldi vinnu.“

En hvert verður fyrsta verk í starfi? „Ég ætla að byrja á því að heilsa upp á nemendur og starfsfólk. Það er góð byrjun á nýju starfi,“ segir hún.

roald@frettabladid.is

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sveinbjörg Baldvinsdóttir**

Tjarnarlundi 9b Akureyri,

lést á Öldrunarheimili Akureyrar í Hlíð miðvikudaginn 9. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Öldrunarheimila Akureyrar og heimahjúkrun við Heilsugæslustöðina á Akureyri fyrir umhyggju og góða umönnun.

**Helga Steinunn Ólafsdóttir** **Benidikt Sigurbjörnsson**
**Herdís Ólafsdóttir** **Torfi Sverrisson**
**Lilja Rósa Ólafsdóttir** **Þorvaldur Benediktsson**
**Magnús Ólafsson** **Anna Þóra Baldursdóttir**
**Aðalheiður Ólafsdóttir** **Erlingur Arason**
**og fjölskyldur**

---



*Ástkær unnusti, sonur, bróðir, tengdasonur, mágur og frændi,*

**Magnús Guðmundsson**

Laufvangi 1, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 15. mars. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju, fimmtudaginn 24. mars kl. 15.

**G. Ingibjörg Ragnarsdóttir**
**Guðmundur Hafliðason** **Guðrún Magnúsdóttir**
**Margrét Helgadóttir** **Eiríkur Eiríksson**
**Petrína Þórunn Jónsdóttir** **Björgvin Þór Harðarson**
**Hafliði Breiðfjörð Guðmundsson**
**Berglind Dís Guðmundsdóttir** **Arnar Sigurðsson**
**Ingibjörg Hulda Guðmundsdóttir**
**Ragnar Guðleifsson** **Hjördís Harðardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma okkar og langamma,*

**Þórunn Sigurjónsdóttir**

áður til heimilis að Hvassaleiti 58, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 20. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 25. mars kl. 15.00.

**Birna Garðarsdóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Ásta Björg Guðmundsdóttir** **Kjartan Þráinsson**
**Þorgerður Guðmundsdóttir** **Emanuel Geir Guðmundsson**
**Þórunn Guðmundsdóttir** **Hörður Ingi Björnsson**
**Guðrún Birna Kjartansdóttir og**
**Anna Sólveig Kjartansdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Hörður Guðjónsson**

skipstjóri

Sóleyjarima 3, Reykjavík,

andaðist föstudaginn 11. mars 2011 á Hrafnistu Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þann 25.03.2011 kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin.

**Guðlaug Dagmar Jónsdóttir**
**Eyrún Helgadóttir** **Guðbrandur Jónatansson**
**Steinar Helgason** **Elín Katla Elíasdóttir**
**Sævar Helgason** **Sigríður Halldórsdóttir**
**G. Harpa Helgadóttir** **Jónas Garðarsson**
**Berglind Helgadóttir** **Baldvin Örn Berndsen**
**Arnar Þór Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæri*

**Hörður G. Albertsson**

forstjóri

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 25. mars kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Þórdís Ásgeirsdóttir.**

---



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur hlýhug og samúð við andlát og útför sonar míns og bróður okkar*

**Ævars Gíslasonar**

Vanabyggð 2f, Akureyri.

**Elín Sigurjónsdóttir**
**Kári Gíslason**
**Árni Gíslason**
**og fjölskyldur**

---



*Elsku sonur okkar, bróðir og dóttursonur*

**Kári Þorleifsson**

Drekavogi 16,

verður jarðsunginn frá Áskirkju föstudaginn 25. mars klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð Bjöllukórs Tónstofu Valgerðar, 515-14-405790, kt.: 501100-3580, sbr. tonstofa.is.

**Guðný Bjarnadóttir**
**Þorleifur Hauksson**
**Þórunn Þorleifsdóttir**
**Álfdís Þorleifsdóttir**
**Ari Þorleifsson, Mette, Mathilde, Jóhann**
**Sigrún Hermannsdóttir**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Hulda Þórarinsdóttir**

Fögrubrekku 24, Kópavogi,

sem lést þriðjudaginn 15. mars, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 25. mars kl. 13.00.

**Halldór S. Guðmundsson**
**Jónas H. Bragason** **Guðrún Sólveig Guðmundsdóttir**
**Halla Ósk Halldórsdóttir** **Geir Atli Zoëga**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



*Fóstursonur minn, faðir okkar og bróðir,*

**Guðmundur Ágúst Hákonarson**

sem andaðist miðvikudaginn 16. mars, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn, 24. mars kl. 11.00.

**Gísli Guðmundsson**
**Guðrún Ág. Guðmundsdóttir**
**Ólafur Guðmundsson**
**Þorbjörg Guðmundsdóttir**
**Guðrún Þ. Gísladóttir.**

---



*Útför föðursystur okkar*

**Sigríðar Klemenzdóttur**

áður Leifsgötu 18,

fer fram frá Neskirkju, fimmtudaginn 24. mars kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Sóltún (5906000).

**Rúna Bína, Anna Ingibjörg, Unnur, Jakobína, Jóhanna og Sigríður Sigtryggsdætur.**



**Express ferðir** standa fyrir vorferð til Berlínar dagana 8. til 11. apríl. Farið verður í skoðunarferð um borgina og sögufrægir staðir heimsóttir undir leiðsögn þaulreynds fararstjóra. Nánari upplýsingar á www.expressferdir.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara

Umhverfisvænn frostlögur
FERNOX
fyrir hita og kælikerfi
- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni – umhverfisvænt
- Léttir dælingu

Heildsöludreifing • Skemmuvegur 10 • Sími 567 1330 • www.hringas.is
Hringás

friendtex
LAGERSALA
ÓTRÚLEG VERÐ
ÞÚ VELUR 3. FLÍKUR OG GREIÐIR AÐEINS KR. 5.000.- EÐA VELUR 3. BUXUR OG GREIÐIR KR. 7.990.-
BARA SKEMMTILEGT
Opnunartími:
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugard.11:00 - 16:00
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Viðar B. Þorsteinsson rafiðnfræðingur hlýddi á yfir 100 hljóðbækur á liðnu ári á leið í og úr vinnu.



# Bækur í þyngri kantinum bestar

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mér þykir bækur í þyngri kantinum láta vel í eyrum, til dæmis eftir Tolstoj, Dostojevskí og Kafka," segir Viðar B. Þorsteinsson rafiðnfræðingur, sem hlustar jafnan á hljóðbækur á leið í vinnuna og úr og komst yfir á annað hundrað bækur á síðasta ári.

Viðar býr í Kópavoginum en starfar hjá Íslenskri erfðagreiningu og ferðast æ oftar á milli á hjóli. Ekki bara vegna hækkandi eldsneytisverðs eða heilsufarssjónarmiða, heldur kveðst hann líka orðinn háður hljóðbókunum. „Ég hlakka oft til að fara út að hjóla og hlusta á sögu. Stundum fer ég meðfram sjónum til að lengja leiðina og er þá um fjörutíu mínútur."

Viðar kveðst hafa ánetjast hljóðbókunum haustið 2007 þegar hann var að æfa fyrir maraþon og hljóp einn yfir 30 kílómetra. „Þá prófaði ég að skella sögu í símann og það var svo frábært að ég hef ekki hætt síðan." Hann kveðst langt kominn með það sem til er á íslensku bókasöfnunum og einnig vera áskrifandi að erlendum hljóðbókum. *gun@frettabladid.is*

Jeppadekk
-20%
**afsláttur** af jeppadekkjum!
Bremsuklossar
-15%
**afsláttur** af bremsuklossaskiptum
Smurþjónusta
1000 kr.
**afsláttur** af smuri!
BÍLKÓ
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
Þjónustumiðstöð bílsins

**Sleðaskólinn** kennir grunnstjórnun á sleða, uppstökk og lendingar, beygjur og fleira sem ætti að nýtast sleðamönnum. Einnig er í boði sérkennsla fyrir þá sem vilja bæta kunnáttuna. Allar nánari upplýsingar á vefsíðunni www.lexi.is.






Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir


# Ástin innsigluð á Íslandi

**Ísland er komið á kortið sem heitur áfangastaður samkynhneigðra para í brúðkaupshugleiðingum, ef marka má eftirspurn rómantískra Íslandsferða hjá fyrstu ferðaskrifstofu samkynhneigðra á landinu.**



Eva María Þórarinsdóttir Lange og Birna Hrönn Björnsdóttir um borð í Eldingunni sem fara mun með samkynhneigða í hópsiglingar á vegum Pink Iceland.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við urðum strax varar við mikla ásókn og þetta fer mjög hratt af stað,“ segir Eva María Þórarinsdóttir Lange sem í byrjun mars i opnaði Pink Iceland, fyrstu sérhæfðu ferðaskrifstofu samkynhneigðra á Íslandi, ásamt Birnu Hrönn Björnsdóttur kærustu sinni. Hún segir þær stöllur hafa orðið mest undrandi á hversu marga langar að gifta sig á Íslandi.

„Eitt af brúðkaupum sumarsins hefur farið úr því að vera tveggja manna athöfn í krúttlegu umhverfi yfir í að 115 manna föruneyti er á leið til landsins til að samfagna brúðhjónunum. Það sýnir margföldunaráhrifin. Margir vilja giftast í villtri náttúru Vestfjarða eða við rætur Eyjafjallajökuls, en þessu fólki er fyrst og fremst mikilvægt að fá mannréttindum sínum fullnægt með því að giftast frammi fyrir Guði og mönnum, og gildir þá einu hvort hjónabandið gildi í heimalandinu,“ segir ferðamálafræðingurinn Eva María.

Hún segir hinsegin ferðamenn eftirsóknarverðan markhóp. „Hann ferðast mikið, lifir hátt og telst til tekjuhærri einstaklinga,“ segir Eva María og tekur sem dæmi bandaríska könnun sem sýndi að 84% samkynhneigðra eiga vegabréf á móti 23% almennings, en 98% hinsegin ferðamanna velja áfangastaði út frá því hvort þeir séu hinsegin-vænir. „Því leggst vel í íslenska ferðaþjónustuaðila að fá mikið af hinsegin ferðafólki því hver vill ekki fá gesti sem eyða miklu í skemmtanir og dekur? Af sömu ástæðu er mikilvægt að þjónusta samkynhneigða vel því orðsporið kvisast fljótt út í okkar samfélagi.“

Eva María segir Ísland vel í stakk búið til að taka mót hinsegin ferðamönnum því hér sé réttindabaráttan langt á veg komin. „Þeir hafa sínar þarfir og væntingar eins og aðrir, og þar ætlum við Birna að mæta þeim með hinsegin viðmóti og vörum,“ segir Eva María sem velur samstarfsaðila hérlendis eftir fordómaleysi.

„Vitaskuld er segull á samkynhneigð pör að forsætisráðherra Íslands sé opinberlega samkynhneigð og stórstjörnur eins og Jónsi í Sigur Rós, en mest heillar fólk að geta verið hér í fríi óáreitt því margir samkynhneigðir búa í afar lokuðum samfélögum þar sem jafnvel er lífshættulegt að vera hinsegin. Því er stundum talað um flóttaferðamennsku, þar sem fólk flýr sitt daglega líf til að komast í umhverfi þar sem það fær sýnt sitt rétta andlit og afar fallegt að geta boðið upp á slíkt hér.“ Pink Iceland áætlar að fara hefðbundnar ferðamannaleiðir með sitt ferðafólk, en vitaskuld með miklum hýrlegheitum.

„Mikil menning er fyrir hinsegin siglingum og við munum bjóða slíkar í samvinnu við Eldingu. Þá er diskótek um borð og mikið fjör, en tilgangurinn er sá sami og með hinsegin klúbbum þar sem fólk finnur annað sem er á sama stað í lífinu,“ segir Eva María kát.

„Ísland mun alltaf hafa það framyfir önnur lönd að hingað kemur fólk mestmegnis út af náttúrunni og markhópurinn því þroskaðri en þeir sem bara leita að partíum, eða 35 ára og eldri. Hinsvegar skemmir fjörugt næturlíf ekki fyrir og ýtir enn betur undir að hingað sé skemmtilegt sé að koma.“

*thordis@frettabladid.is*



Á netinu er að finna fjölda gagnlegra vefsíða sem eru sérstaklega ætlaðar samkynhneigðum ferðamönnum. Má þar nefna vefsíðuna Out Traveler sem veitir ítarlegar upplýsingar um hentuga áfangastaði, gistingu og afþreyingu fyrir samkynhneigða, svo fátt eitt sé nefnt.

**www.outtraveler.com**


Rafstilling ehf
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

ÞETTA ER TUDOR


Rafgeymar í allar gerðir farartækja
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is


ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?
Þarft þú að láta skoða bílinn þinn? Á meðan skoðunin fer fram getur þú látið fara vel um þig í biðstofunni, fengið þér kaffisopa og gluggað í blöðin eða tímarit.
Við hvetjum þig til að koma tímanlega með bílinn í skoðun
Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 16 ár
Aðalskoðun
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-0157
Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930
Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900
Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935
Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970
Opið kl. 8–17
www.adalskodun.is

# fermingar

MIÐVIKUDAGUR 23. MARS 2011

## Turtildúfur á toppnum

Ástríðubakarinn Margrét Jónsdóttir töfrar fram kökur við hvers kyns tilefni. BLS. 20






FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**● ÚR GÓÐRI BÓK** Og Jesús gekk til þeirra, talaði við þá og sagði: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar." (Mattheusarguðspjall 28.18-20)



**● BISKUPUN** Allt frá 12. öld hafa kaþólskir menn talið ferminguna vera eitt af sakramentum kirkjunnar og lengi vel máttu aðeins biskupar fremja þá athöfn. Var hún því oft nefnd „biskupun" á íslensku. Hún gekk þannig fyrir sig, að krossmark var gert á enni fermingarbarnsins með blöndu af ólífuolíu og viðsmjöri eða balsami; þetta efni nefndist krisma. Biskup hafði vígt það á skírdegi, og átti það að endast allt árið.

**● FERMINGARFRÆÐSLA** Kristján konungur IV. lagði grundvöllinn að fræðslustarfsemi presta með opnu bréfi dagsettu 22. apríl 1635. Þetta var m.a. skipunarbréf til biskupa, prófasta og presta að láta öll íslensk börn læra fræði Lúthers utan að og ganga úr skugga um að því væri hlýtt með því að fara oft í húsvitjanir. Skyldi þá presturinn láta börnin lesa og hvetja foreldrana til að kenna þeim eða láta kenna þeim lestur og kristinfræði. Hundrað árum síðar varð ferming barna lagaleg skylda með lögboði konungs 13. janúar 1735. Jafnframt var bannað að ferma börn ef þau hefðu ekki áður aflað sér nauðsynlegrar þekkingar í kristnum fræðum.




Gjafakortið sem gildir alls staðar

Þú velur upphæðina en viðtakandinn velur gjöfina.





- Fallegar gjafaumbúðir
- Hentar öllum
- Gildir hvar sem er

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is



Hannaðu þitt eigið fermingarkort á oddi.is

VERÐ FRÁ 159 KR. STYKKIÐ





Farðu inn á www.oddi.is og búðu til fallegt boðskort.

Persónulegt boðskort með þínum myndum.

Oddi




Séra Birgir Ásgeirsson prestur hefur foreldrana með í fermingarundirbúningnum í Hallgrímskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verða góðar manneskjur

**Séra Birgir Ásgeirsson segir fermingarundirbúninginn samtal og samfélag um trúna milli unglingsins, fjölskyldunnar og kirkjunnar.**

„Mér finnst fermingarundirbúningurinn vera samtal um trúna og tækifæri unglingsins til að kynnast sjálfum sér og bera sig saman við trúarlegan og siðfræðilegan þátt í eigin lífi. Hvað er ég, hver vil ég vera og hvert stefni ég, og þá um leið hver er Guð?" segir séra Birgir Ásgeirsson, prestur í Hallgrímskirkju.

Birgir segir fermingarundirbúning hafa breyst gegnum tíðina en hann tók vígslu árið 1973. Enn sé þó fjallað um sömu grundvallaratriðin, siðareglur kristinnar trúar. „Fermingarfræðslan fjallar um manngildi og náungakærleika, hvers virði það er að taka tillit til annarra og sýna samkennd. Einnig er talað um fjölskylduna og þann kærleika sem þar getur þróast og þrifist. Það hvernig fermingarfræðslan sjálf fer fram hefur breyst. Utanbókarlærdómur og yfirheyrslur heyra sögunni til og frekar er reynt að ná til hvers og eins. Í Hallgrímskirkju höfum við í vetur fengið foreldrana til að mæta í nokkra tíma með krökkunum. Það er dásamlegt þegar þeir vilja vera með því fermingarundirbúningurinn er einnig samfélag innan fjölskyldunnar, innan kirkjunnar og samfélag við vinina."

Spurður hvort tilgangur fermingarinnar gleymist jafnvel hjá foreldrum í veraldlegum undirbúningi, segir hann alltaf mikið umstang fylgja stórri veislu. Hann telji þó fermingarundirbúninginn yfirleitt ánægjulegan tíma hjá foreldrum.

„Undirbúningurinn skapar ákveðna samræðu innan fjölskyldunnar sem ég held að sé mjög mikilvæg. En það má ekki vanmeta það að fermingin er líka helgihald. Að iðka sína trú með því að fara með bænirnar sínar og kynna sér guðsorð."

En kemst boðskapurinn til skila til 14 ára krakka í dag?

„Unglingar eru óskaplega skemmtilegt fólk en ekki alltaf auðveldir. Að geta nálgast manneskju á þessum aldri er vandasamt en líka spennandi. Það er þeim mikilvægt að finnast þau viðurkennd og að þau séu tekin gild. Við prestar viljum gera fermingarundirbúninginn ánægjulegan og hjálpa krökkunum að skilja mikilvægi þess að eiga góða að og verða sjálf góðar manneskjur."

Séra Birgir hefur bæði fermt og skírt hundruð fólks á löngum prestferli. Hann segir alltaf gaman að ferma einhvern sem hann hefur jafnvel skírt og eins hafi hann stundum fermt börn fólks sem hann hafi skírt. „Það er sérstakt að fá að fylgjast með hvernig fjölskyldur vaxa og þróast og hvernig kynslóðir koma og kynslóðir fara. Það myndast tengsl sem mér þykir vænt um." *- rat*

# Pabbi fór á kostum

Þótt tæplega hálf öld sé liðin síðan leikkonan góðkunna Guðrún Ásmundsdóttir fermdist man hún ferminguna eins og hún hafi gerst í gær.

„Þá fylgdi því mikill kostnaður að fermast. Fermingarkyrtlar stóðu ekki til boða svo saumaðir voru á okkur stelpurnar glæsilegir hvítir fermingarkjólar, næstum eins og brúðarkjólar, og ekki nóg með það heldur var keyptur kjóll til að klæðast eftir ferminguna í veisluna og kápa. Ég man að ég var alveg í rusli því ég var alin upp af einstæðum föður, Ásmundi Gestssyni og vissi ekki hvernig átti að útskýra þetta fyrirkomulag fyrir honum," segir hún kímin og bætir við að til allrar hamingju hafi móðursystir hennar komið til hjálpar.



Guðrún Ásmundsdóttir

„Hún sagði: Ásmundur, nú ætla ég með stelpuna að kaupa þetta allt saman," rifjar Guðrún upp og var faðir hennar ekki lengi að samþykkja það, feginn að losna við rausið í dóttur sinni.



Systkinin Guðrún og Páll ásamt föður sínum Ásmundi daginn sem Guðrún fermdist.

Úr varð að keyptur var kjóll og kápa með mjóu mitti og víðu pilsi eins og var þá í tísku. „Ég vissi að kápan myndi sveiflast skemmtilega, þannig að þegar ég fór fyrst í henni í heimsókn sveiflaði ég henni og hrinti óvart borði um koll," segir hún og hlær.

Móðursystir Guðrúnar og faðir buðu í fermingarveislu að Aðalstræti í Reykjavík. Þangað mættu vinir og vandamenn og þar á meðal gítarkennari Guðrúnar, ungur myndarlegur piltur sem hún hafði augastað á. „Pabbi bað hann um að spila á harmonikku í veislunni og mér var því mjög í mun að fjölskyldan kæmi vel fyrir. Heldurðu að pabbi hafi þá ekki mætt í öfugum frakka og farið með heila Íslendingasögu fyrir gestina," segir hún og kveðst enn heyra að faðir hennar hafi vakið mikla lukku. „Sem sagt hjá öllum öðrum en dóttur sinni." *- rve*

# Fermingartilboð




# Fyrir ungt fólk á uppleið



## Crown heilsurúm

**30% afsláttur**

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 141.900 | 99.330 |
| 120x200 cm | 164.900 | 114.900 |
| 140x200 cm | 195.900 | 137.130 |



## Chiro Standard

**30% afsláttur**

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 162.900 | 113.900 |
| 120x200 cm | 186.900 | 129.900 |
| 140x200 cm | 220.900 | 154.630 |



## Chiro Deluxe

**30% afsláttur**

| | Verð áður: | Fermingartilboð: |
|---|---|---|
| 100x200 cm | 171.900 | 119.900 |
| 120x200 cm | 199.900 | 139.900 |
| 140x200 cm | 235.900 | 165.130 |




**Ný hönnun**
Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma.
Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr fm.
Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi eða 7cm Latex yfirdýnu. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa u.þ.b 25% meira svefnsvæði.
5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

**Þú þarft aldrei að snúa henni** The NeverTurn Mattress
Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.



Val um 100% náttúruleg gæðaefni



ConformaFoam eða Latex hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar



Tvíhert háþróað gormakerfi

**30 daga skiptiréttur**

**Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu**

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



**● HJÚPUR Á KÖKUR OG KONFEKT** Þessi helst alltaf gljáandi. Auk þess er hann fallegur og auðvelt að skera í hann.

100 ml rjómi
100 g glúkósi
500 g dökkt súkkulaði

Setjið rjóma og glúkósa í lítinn pott og hitið blönduna að suðu. Saxið á meðan súkkulaðið mjög smátt og setjið það í skál. Hellið helmingnum af heitum rjómanum yfir súkkulaðið og hrærið í því út frá miðju. Hellið afganginum af rjómanum saman við smátt og smátt og hrærið stöðugt í á meðan, þar til blandan er alveg slétt. Þá er hún tilbúin til notkunar.

Úr bókinni Súkkulaði/Vaka-Helgafell

**● HVAÐ FÉKKSTU MÖRG SKEYTI?** Fyrr á árum var þrennt sem fermingarbörn ræddu sín á milli daginn eftir ferminguna: Hvað fékkstu? Hvað fékkstu mikinn pening? Hvað fékkstu mörg skeyti? Símskeyti hrúguðust inn á heimili fermingarbarnsins og árið 2001 voru borin út tíu þúsund símskeyti til fermingarbarna. Eitthvað hefur dregið úr þessum sið með tilkomu smáskilaboða og facebook-skilaboða, en enn er þó hægt að senda skeyti á fermingardaginn og á heimasíðu Póstsins getur fólk valið mynd á skeytið, skrifað textann og borgað með kreditkorti. Pósturinn sér síðan um að koma skeytunum til skila.



# Æðisleg tilfinning að gefa peninga til góðs málefnis

**Á fermingardegi sínum í fyrra ákvað Harpa Hrönn Hjaltalín Agnarsdóttir að gefa hluta af fermingarpeningum sínum til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.**

„Ég vissi að ég fengi meiri peninga í fermingargjöf en ég hefði við að gera og að þeir færu mikið til í nammi og aðra vitleysu, svo mér fannst skynsamlegt að þeir rynnu til fólks sem hefði eitthvað þarfara við þá að gera,“ segir Harpa Hrönn, sem varð snortin af fréttaflutningi um bágstödd börn í Afríku og ákvað að láta tuttugu prósent af andvirði fermingarpeninga sinna renna til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, Unicef á Íslandi.

„Mér fannst tuttugu prósent mátulegt því ég vildi ekki gefa of lítið og ekki of mikið,“ segir Harpa Hrönn, sem fékk alls 210 þúsund krónur í fermingargjöf og gaf 40 þúsund til Unicef. „Eftir á hefði ég viljað gefa meira því sjálf fékk ég 50 þúsund krónur til að eyða að vild og keypti mér myndavél, en afgangurinn fór í nammi og bíó.“ Fermingarsystkin Hörpu vissu ekkert um þessar fyrirætlanir og hún veit ekki um neinn sem gerði neitt svipað. „Ég sagði reyndar engum frá þessu fyrir fram því mér fannst geðveikt vandræðalegt fyrst að ætla að gefa peningana til góðgerðamála, en þegar það spurðist út á netinu í gegnum Unicef gekkst ég við því öllu, enda mjög ánægð með það,“ segir Harpa Hrönn kát.

Hún segir viðbrögð vina sinna og fermingarsystkina hafa flest verið á einn veg.



**Hvergerðingurinn Harpa Hrönn Hjaltalín Agnarsdóttir segir bestu fermingargjöfina hafa verið ákvörðun um að gefa hluta fermingarpeninga sinna til bágstaddra barna.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„„„Ha?“ sögðu þau steinhissa og „Af hverju í ósköpunum?“, eins og unglingar eru í dag og vilja eiga sína peninga sjálfir, en ég sagðist ekki hafa haft við alla peningana að gera og væri með þessu að bæta líf barna í nauð, sem ekki veitti af,“ segir Harpa Hrönn full sjálfstæðis og þors.

„Mér fannst geðveikt spennandi að vita að með gjöfinni væri ég að bjarga fullt af litlum krökkum. Það var æðisleg tilfinning og besta gjöfin þegar ég lít til baka. Ég mæli hiklaust með því að gefa smávegis af fermingarpeningunum til góðs málefnis; jafnvel þótt það sé ekki nema 5.000 kall, því það munar um minna og margt smátt gerir eitt stórt.“ *- þlg*

# Kransakökuna upp á stall

Hlaðborð girnilegra veitinga tilheyrir fermingarveislunni og þá er kransakakan jafnan helsta stássið á borðinu, enda mikið í hana lagt. Kökudiskar á fæti gefa borðinu einnig fallegt yfirbragð en þó gæti kransakakan runnið til á háum diski þegar gestum er gefinn laus taumurinn á hlaðborðið. Til ráða er að þyngja kökuna með því að fylla hana af konfekti, setja undir hana gúmmímottu eða hlaða hana utan um eitthvað stöðugt.

Muffinsturninn er ný íslensk hönnun, þriggja hæða kökudiskur sem hægt er að taka sundur. Fyrir kransakökuna er sniðugt að taka efsta diskinn af og hlaða kökunni utan um standinn og ef kransakakan er mjög stór er hægt að hlaða hana frá neðsta diskinum og upp úr. Þá er engin hætta á að kakan fari á flakk um borðið.

Fallega skreyttar múffur eru einnig jafn girnilegar fyrir augað og magann og ekkert mál að slaufa kransakökunni fyrir múffur, ef fermingarbarninu sýnist svo. Samsettur tekur Muffinsturninn 36 múffur. Turninn hannaði María Krista Hreiðarsdóttir og fæst hann á vefsíðunni www.kristadesign.is



**Turninn tekur 36 múffur ef fermingarbarnið vill slaufa kransakökunni.** MYND/KRISTADESIGN



**Muffinsturn hentar vel undir háar kransakökur.** MYND/KRISTADESIGN








Manstu skeytin?
Skeyti eru fermingarkveðjur sem endast áratugum saman og vekja ljúfar minningar. Varðveitum þessa fallegu hefð og sendum fermingarbörnum 2011 skeyti.
SKEYTI
FRÁ Skagaströnd
NR. 102
7 ORÐ
KL.
Bestu hamingjuóskir með fermingardaginn
Jóhann og Fjölskylda
PÓSTURINN
www.postur.is | Sími 1446

# Fermingarfræðslan var mér algjör vakning

**Alex Már Gunnarsson fermist 17. apríl í Hafnarfjarðarkirkju. Hann segir fermingarfræðsluna hafa verið algera vakningu.**



**„Mér finnst gott að staðfesta að ég trúi á Guð og Jesú," segir Alex Már Gunnarsson fermingarbarn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég vil bara staðfesta trúna mína og staðfesta skírnina," segir Alex Már. „Ég er búinn að læra ýmislegt um Biblíuna, til dæmis að bækurnar eru í Gamla testamentinu og bréfin í Nýja testamentinu. Svo er ég auðvitað búinn að læra hvað við eigum að gera við fermingarathöfnina, en við lærum bara sjálf trúarjátninguna, Faðir vorið, gullnu regluna og fleira. Þetta er búið að vera alveg ágætt og ég myndi ekki fermast án fermingarfræðslu."

Bókin sem notuð er við fermingarfræðsluna heitir Trú og líf, en Alex Már segir hana að mestu leyti fjalla um trúna, þar sé engin lífsleikni eða slíkt.

„Við erum búin að gera nokkur verkefni úr bókinni og þá vorum við til dæmis að flokka Gamla testamentið og Nýja testamentið og svoleiðis. Presturinn hefur svo talað um við okkur hvernig við getum notað trúna í daglega lífinu, en það er ekki beint úr bókinni. Það var líka námskeið fyrir fermingarbörn í haust áður en fræðslan byrjaði, en þá var ég úti í Tyrklandi svo ég missti af því."

Alex Már segist ekki geta tekið eitthvað eitt út úr sem sé skemmtilegra en annað í fermingarfræðslunni. „En ég var eiginlega búinn að gleyma trúnni, svo þetta hefur verið alger vakning. Mér finnst gott að staðfesta það að ég trúi á Guð og Jesú og ég myndi alls ekki láta ferma mig ef ég hefði ekki trú."

*- fsb*

# Skemmtilegast að læra um trúna

**Anna Margrét Benediktsdóttir fermist 10. apríl í Seljakirkju. Hún segir aldrei hafa komið til greina að sleppa fermingunni, því hún trúi á Guð.**

„Ég var í sunnudagaskóla þegar ég var lítil og hef alltaf trúað á Guð," segir Anna Margrét. „Við erum svo búin að vera í fermingarfræðslu einu sinni í viku í allan vetur og læra betur um trúna og lífið. Kannski ekki neitt sem maður vissi ekki áður, en það er gott að rifja þetta upp og staðfesta trúna."

Anna Margrét hlakkar til fermingardagsins, sem mun hefjast með því að hún fer í hárgreiðslu. Hefur hún gert það áður? „Nei, ég hef aldrei gert það, þannig að þetta er dálítið stórt skref. En mér finnst gaman að eiga svona dag sem snýst bara um mig og er búin að kaupa bleikan kjól til þess að vera í, sem ég valdi sjálf og er rosalega ánægð með."

Mörg fermingarbörn setja tölvu efst á óskalistann yfir fermingargjafirnar, en Anna Margrét vill fá rúm í fermingargjöf og segist vongóð um að fá það. „Ég á reyndar ekki tölvu, en mig vantar rúm meira og get alltaf eignast tölvu seinna," segir hún.

En hvað hefur verið skemmtilegast í fermingarundirbúningnum? „Mér finnst eiginlega hafa verið skemmtilegast að læra meira um trúna, en þetta er allt búið að vera mjög skemmtilegt," segir Anna Margrét.

*- fsb*



**„Gaman að eiga dag sem snýst bara um mig," segir Anna Margrét Benediktsdóttir fermingarbarn.** MYND/RÚNAR MÁR JÓNATANSSON






**Elín Ósk ásamt foreldrum sínum á fermingardaginn.**

# Mamma erfði skyrtuna

„Þetta var yndislegur dagur," segir Elín Ósk Óskarsdóttir söngkona, sem fermdist 6. apríl 1975 í Stórólfshvolskirkju á Hvolsvelli. „Ég ólst upp á frekar trúuðu heimili. Mamma og pabbi sóttu messur og pabbi söng með kirkjukórnum. Ég fór snemma að syngja með kórnum og hugsaði mikið um trúna. Mér fannst því sjálfsagt að fermast," segir Elín, en séra Stefán Lárusson sá um ferminguna.



**Elín Ósk Óskarsdóttir**

Elín man vel eftir fermingardressinu. „Við fórum á Selfoss til að velja fötin. Á þessum tíma var mikið í tísku að vera í riffluðu pilsi og vesti. Ég fékk svart rifflað vesti, hnésítt pils og eldrauða blússu með blúndum, ægilega fallega," segir Elín og minnist þess hlæjandi að móðir hennar hafi síðar erft silkiblússuna fínu. „Hún var svo pen og nett og fékk blússuna þegar ég stækkaði upp úr henni."

Móðir Elínar var flinkur kokkur og meistari í að skreyta mat og kökur að sögn Elínar en fermingarveislan var haldin heima. „Allur undirbúningurinn var mjög spennandi. Móðursystur mínar komu frá Reykjavík til að hjálpa mömmu við að útbúa matinn en boðið var upp á bæði steikt læri, hangikjöt og fleira góðgæti. Eftir matinn var boðið upp á kaffi," lýsir Elín. Hún minnist með hlýju alls þess fólks sem kom bæði úr Reykjavík og að austan í ferminguna hennar.

Gjafirnar voru heldur ekki af verri endanum. „Ég fékk miklu meira en ég bjóst við," segir Elín sem fékk úr frá foreldrum sínum sem hún á enn í dag og auk þess skatthol. „Það var hvítt eins og var í tísku þá og hægt var að draga út borðið og jafnvel læra við það," segir hún glaðlega.

EJS | HLUTI AF SKÝRR

The power to do more

# Leika Læra




## Dell® Inspiron™ Duo

Fyrir fermingarfólkið er Dell Inspiron Duo frábær. Hún er tafla með snertiskjá í sófanum á kvöldin og fartölva í skólanum á daginn. Bættu við JBL dokku / hljóðstöð og Inspiron Duo verður að lifandi myndaramma, fermingargræjum og jafnvel vekjaraklukku – og ekki veitir af þeim í unglingaherbergin :-)

**Sjáðu allt sem Inspiron Duo getur gert á http://www.ejs.is/fermingarvefur**

**Fermingartilboð**

129.900 kr.

149.900 kr. ef dokka er keypt með




www.facebook.com/EJSehf

**Velkomin** í fullorðinna manna **tölvu**

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Tilboð gildir á meðan birgðir endast. Verð eru með vsk.

# Sniðugheit í veislunni



Praktískt og drjúgt veisluborð sem kostar ekki of mikið. Pitsusneiðar, einfaldar kökur, karamelluepli, poppkorn, appelsínusafi og fleira til.

**Fermingarveislur eru í dag með margbreytilegu sniði. Orðtækið að „ekkert skuli til sparað“ þarf ekki að þýða að kostnaðurinn þurfi að vera í formi peninga. Hugmyndaflugið getur ekki síður gert veisluna ógleymanlega en beinharðir peningar.**



Gerbakstur er ódýr en ljúffengur, hvort sem það eru brauðbollur, kanilsnúðar eða pitsusnúðar.

**Maturinn:** Víða um heim er það þekktur siður að hver og einn meðlimur í stórfjölskyldu fermingarbarnsins leggi til eina köku eða einn rétt. Ef ekki er stemning fyrir því er hægt að drýgja veisluborðið með fjölbreyttum snakk- og smáréttum sem kosta ekki mikið. Poppkorn er sívinsælt. Bæði er hægt að búa til skemmtilega bíóstemningu og setja popp í plastmál og salta vel eða skella því í skálar á veisluborðið sjálft.

Aðrir góðir smáréttir geta verið rifnar kartöfluflögur, heimagerð karamella sem hægt er að skera í bita, sleikipinnar fyrir yngstu kynslóðina (smart að stinga þeim jafnvel í melónu) og alls kyns gerbakstur er ódýr en ljúffengur. Má þar nefna pitsusnúða, kanilsnúða og brauðbollur.



**Húsnæðið:** Hrein heimili eru alltaf falleg heimili og það kostar lítið (sápuvatn dugir vel) að þrífa eins og forsetinn sé að koma í heimsókn. Ef fólk býr í litlu rými og einblínir á sal er verðugt að athuga hvort ömmur, afar eða aðrir náskyldir ættingjar sem búa á fleiri fermetrum séu til í að leggja til húsnæði. Það sakar í það minnsta ekki að spyrja, sérstaklega veisluglaða fólkið, sem finnst fátt skemmtilegra en bjóða heim.

**Skreytingar:** Aukaskreytingar geta svo einfaldlega verið æðislegar blöðrur í litaþema. Í Partíbúðinni er hægt að kaupa blöðrur í stykkjatali eftir litum og velja þannig kannski vorþema – bara grænar blöðrur. Þjóðfáninn setur svo alltaf hátíðlegan blæ í skreytingar veisluborðsins.

Margar fermingarveislur eru í apríl og maí þegar fyrstu krókusarnir eru að koma upp. Það er því engin bjartsýni að taka það sem komið er upp úti í garði í fermingarskreytingarnar. Páskaliljur og annar vorgróður gerir veisluna vorlega og bjarta.


Góðar fermingargjafir

TJÖLD



MONTANA, 3000mm vatnsheld
2. manna 16.995 kr. 12.796 kr.
3. manna 19.995 kr. 15.996 kr.
4. manna 26.995 kr. 21.596 kr.

SVEFNPOKAR



SWALLOW 250
Kuldaþol: -8 °
þyngd: 1,7 kg.
11.995 kr. 8.397 kr.

SWALLOW 350
Kuldaþol: -13
þyngd: 1,83 kg.
14.995 kr. 10.496 kr.

✓ Góð gæði
✓ Betra verð

Gott úrval:
• Karrimor gönguskór
• Hitabrúsar
• Göngustafir



Verð: 19.995 kr.



BAKPOKAR
Mikið úrval af bakpokum

TRANSIT 65 + 10 lítra
19.995 kr. 15.995 kr.
AIRSPACE 30 + 5 lítra
17.995 kr. 12.597 kr.
NORD BLANC 32 lítra
TILBOÐ: 9.995 kr.

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727



FERMINGARGJAFIR Í EYMUNDSSON

# Íslands eina von þarf góðan stuðning til framtíðar

Verð frá
9.999kr.
Verð áður 12.995 kr.
**Ferðatöskur**
Auður djúpúðga landsnámskona átti ekki ferðatöskusett. Hún átti þræla.



Verð frá
5.999kr.
Verð áður 7.995 kr.
**Hnattlíkön**
Hver man ekki eftir Guðríði Þorbjarnardóttur? Átti hún upplýst hnattlíkan?



Verð frá
4.999kr.
Verð áður 6.995 kr.
**Pennasett**
Axlar-Björn hefði betur vitað að penninn er máttugri en sverðið!






19.990kr.
**Fuglar í náttúru Íslands**
Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi, hugsaði Muninn á leiðinni heim.




6.780kr.
**Saga daganna**
Litlu munaði að Jón Sigurðsson fæddist á Jónsmessu. En hann fékk 17. júní í staðinn.



5.990kr.
**Íslenskir málshættir**
Köld eru kvenna ... mælti Flosi í Njáls sögu. Og hikaði.




Mundu eftir gjafakortunum | Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Tilboðsverð gildir til og með 30. apríl

ENNEMM / SÍA / NM45914

# FERMINGARTILBOÐ



**OLYMPUS**

**Olympus T100**
Digital myndavél með 12 millj. punkta uppl., 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,4" LCD skjá, Face Detection, Autofocus, hreyfimyndatöku, USB, 10,8MB minni, hleðslurafhlöðu ofl. Rauf fyrir SD kort. Þyngd 123g.

**TILBOÐ 12.990**
FULLT VERÐ kr. 14.990



**OLYMPUS**

**Olympus VG120**
Myndavél með 14 milljónir punkta uppl., 5x Optical og 4x Digital Zoom, 4.7 – 23,5mm linsu, 3" LCD skjá, iESP Auto, AF Tracking, Face Detection, Autofocus, HD hreyfimyndatöku, USB, 49MB minni, hleðslurafhlöðu, rauf fyrir SD kort ofl. Þyngd 120g.

**TILBOÐ 18.990**
FULLT VERÐ kr. 19.990

**Panasonic**



**Panasonic DMCG10**
Stafræn MYNDAVÉL með 12,1 milljón punkta uppl., Venus Engine HDII, LUMIX G VARIO 14-42mm/F3.5-5.6 ASPH./MEGA O.I.S. linsa, HD hreyfimyndatöku, AVCHD Lite, Intelligent Resolution, Advanced iA, 3" skjá, Live View Finder, Burst Shooting, rykhreinsikerfi, hljóðnema, hátalara, allt að 400 mynda rafhlöðu, kortarauf, mini HDMI og USB 2.0.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990

**Panasonic**

**Panasonic RCDC1**
2.6w iPhone og iPod ÚTVARPS-VEKJARI með FM og AM, 25mm hátalara, Bass reflex, 2 vekjarastillingum og 10 stöðvaminnum.



**TILBOÐ 17.990**
FULLT VERÐ kr. 19.990

**JBL**

**JBL ONSTAGE MICROIII**
iPod vagga með HÁTALARA, fjarstýringu, Odyssey Neodymium hátölurum, Aux tengi fyrir MP3, CD ofl.



**VERÐ 19.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**JBL**

**JBL ONSTAGE400ID**
iPod vagga með HÁTALARA, fjarstýringu, DSP Digital Signal Processing, line-in ofl.



**TILBOÐ 39.990**
FULLT VERÐ kr. 49.990

Ath. iPod fylgir ekki iPod vöggum.



**PHILIPS**

**Philips MC147**
Hljómgóð MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 14.990**
FULLT VERÐ kr. 19.990



**JVC**

**JVC UXF3**
120w MÍKRÓSAMSTÆÐA með tveimur iPod vöggum, geislaspilara, FM útvarpi með stöðvaminnum, Active Hyper-Bass, vídeó-út, Aux-inn að framan, heyrnartólstengi, tónjafnara, klukku ofl.

**VERÐ 44.990**
FRÁBÆRT VERÐ



**harman/kardon**

**HarmanKardon MAS100**
2x65w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, FM útvarpi með stöðvaminnum, Bridge II tengi fyrir Harman Kardon iPod vöggu (fylgir ekki), 2x Digital Optical, 2x Coaxal, Phono, AUX, Analog, vekjara ofl.

**VERÐ 149.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**UNITED**

**United 19DD92HD**
19" HD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1440x900p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

**TILBOÐ 44.990**
FULLT VERÐ kr. 54.990




**UNITED**

**United 22DD92HD**
22" FHD LCD SJÓNVARP með innbyggðum fjölkerfa DVD spilara, stafrænum DVB-T EPG móttakara, 1920x1080p upplausn, Nicam Stereó, 2x HDMI, Scart, VGA, heyrnartólstengi ofl. 12v/230v.

**TILBOÐ 54.990**
FULLT VERÐ kr. 59.990




**Dantax 32LCDVD92**
32" HD LCD SJÓNVARP með WXGA 1366x768p upplausn, 10.000:1 skerpu, innbyggðum DVB-T móttakara, 40w stereó hljóði, 2x HDMI, 2x Scart, VGA tengi, ofl.

**TILBOÐ 74.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990

# SJÓNVARPSTILBOÐ




**Panasonic**
**ideas for life**




**AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!**

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, innbyggður gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

**TILBOÐ ▶ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

## ÚRVAL GÆÐATÆKJA FRÁ FINLUX




**Finlux 19FLX850UD**
19" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**19" ▶ 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 22FLX850UD**
22" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**22" ▶ 54.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 24FLX850UD**
24" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**24" ▶ 64.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 26FLX850UD**
26" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 8000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 1x Scart (með RGB), 1x HDMI, USB, D-Coax, Ci, heyrnartólstengi og CVBS tengi ofl.

**26" ▶ 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 32FLX850UD**
32" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxial, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.

**32" ▶ 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Finlux 37FLHX850U**
37" HD LCD Sjónvarp með DVB-T með 1366x768 punkta upplausn, 20000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 2 x HDMI, 2 x Scart, VGA, Component, Composite, CVBS, Audio in og út, S/PDIF Digital coaxia, heyrnartólstengi, USB með MKV stuðningi, Common Interface lesari ofl.

**37" ▶ 109.990**
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# Fermingarbörn taka skírn í kvöldkirkju

Í hverjum fermingarhópi eru börn sem ekki hafa tekið skírn. Þau þurfa hins vegar að skírast áður en hægt er að ferma þau og er afar persónubundið hvernig sú athöfn fer fram. Í Dómkirkjunni er algengt að þessi börn taki skírn í svokallaðri kvöldkirkju sem er opin alla fimmtudaga, árið um kring.

„Í kvöldkirkjunni eru ljósin dempuð og fólki gefst kostur á að kveikja á kertum. Þá eru fyrirbænir og kvöldbæn. Þeir sem vilja taka skírn mæta með fjölskyldu sinni og fer athöfnin fram á milli bæna. Þessar skírnir fara oft fram snemma á vormánuðum áður en fermingarnar taka við,“ segir Anna Sigríður Pálsdóttir Dómkirkjuprestur.

Hún segir ýmsa velja að láta skíra sig heima, í messu eða við annað tækifæri en skírnir í kvöldkirkjunni séu vinsælar enda umgjörðin falleg og notaleg stemning. „Fjölskyldan safnast þá í kringum skírnarfontinn og eru jafnvel dæmi um að yngri systkini fermingarbarnsins, sem þó eru komin til vits og ára, ákveði að láta skíra sig í leiðinni og ég hef meira að segja skírt heilu systkinahópana.“



Á skírnarfontinum í Dómkirkjunni, sem er eftir Bertel Thorvaldsen, má sjá Jóhannes skírara skíra Jesú. Við hann taka stálpuð tilvonandi fermingarbörn gjarnan skírn og oftar en ekki fer athöfnin fram í svokallaðri kvöldkirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Valgerður Halldórsdóttir er framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands. Hún segir mikilvægt að virða óskir fermingarbarna, en geti fólk ómögulega verið undir sama þaki sé stundum skynsamlegt að halda tvær veislur, enda sé andrúmsloftið þá síður óþægilegt og streitufullt fyrir fermingarbarnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bara einn fermingardagur

**Deilur fráskilinna foreldra skyldu ætíð látnar lönd og leið á fermingardegi barna og gleði fá í staðinn stærstan sess.**

„Aðeins einn dagur í ævi barns heitir fermingardagur. Því þurfa foreldrar að hafa hagsmuni barns síns að leiðarljósi og setja eigin ágreining til hliðar, sé hann til staðar. Við getum haldið mörg jól og farið í mörg sumarfrí, en hvaða sögu viljum við að barn okkar segi af fermingardegi sínum? Minningarnar munu lifa og því skal hafa í huga að deilur foreldra bitna mest á börnunum,“ segir Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi og formaður Félags stjúpfjölskyldna, spurð um heillaráð til handa foreldrum barna sem eiga tvö heimili.

„Stundum er í góðu lagi að halda tvær fermingarveislur, sé samkomulag um það, en æskilegt er að foreldrar geti staðið saman á þessum degi í lífi barnsins. Foreldrar þurfa að vera börnum sínum góð fyrirmynd því deilur fylgja kynslóð eftir kynslóð, og því þroskamerki að geta brotið odd af oflæti sínu til að ná samkomulagi um að halda skemmtilegt boð,“ segir Valgerður og útskýrir að foreldrum beri einnig að hugsa til framtíðar því börn þeirra eigi eftir að gifta sig og eignast fjölskyldu.

„Ætla þeir þá ekki að mæta í brúðkaup barna sinna eða skírn barnabarna af því fyrrverandi maki verður þar líka? Hversu lengi ætla þeir að láta börn sín líða fyrir ágreininginn? Stundum þarf að setja punkt og vinna úr samskiptavandanum ef ekki á að smita komandi kynslóðir, og ef við treystum okkur ekki til að haga okkur eins og manneskjur í einn dag þurfum við að endurskoða margt í sjálfum okkur,“ segir Valgerður, sem ráðleggur fólki að setja sig í spor hins aðilans þegar leysa á deilur.

> „Ef við treystum okkur ekki til að haga okkur eins og manneskjur í einn dag þurfum við að endurskoða margt í sjálfum okkur.“

„Gæta þarf þess að vera ekki eigingjarn þegar ákveða á hverjum og hversu mörgum á að bjóða. Ef fólk upplifir ákveðna samkeppni er skynsamlegt að nýi makinn sýni foreldrunum stuðning og gefi þeim það pláss sem þau þurfa, því fleiri tækifæri munu gefast síðar á lífsleiðinni til að sýna velvilja og stuðning,“ segir Valgerður og leggur einnig áherslu á samráð um fermingargjafir. „Fermingargjafir eru eign barnsins sem það á að geta tekið milli heimila að vild, sem og fermingarföt sín og fleira,“ segir Valgerður, sem bendir á þriðja aðila, eins og vin, skynsaman fjölskyldumeðlim eða félagsráðgjafa, ef samráð gengur illa.

„Ferming er einstakur atburður og góð skilaboð til barns ef foreldrar geta gefið barninu gjöf saman. Auðvitað mega stjúpforeldrar vera með í gjöfinni, en líka er gott að þeir gefi sér gjöf og skapi sér þannig sérstöðu. Í sameiginlegri gjöf felast skilaboð um að mamma og pabbi séu tilbúin að standa með barni sínu þegar þarf á að halda; alveg sama hvernig hjónabandi þeirra var háttað. Börnum er nauðsynlegt að finna þetta bakland, því baklandið gliðnar oft með tilkomu stjúpfjölskyldna, jafnvel þótt fjölskyldumeðlimum fjölgi.“ - þlg








**VPCEA4S1E**

14" fartölva sem tekið er eftir
i3 örgjörvi, 320GB HD og 4GB minni
ATI Mobility Radeon myndvinnsla
Windows7 Home Premium 64Bit
Playstation 3 Samhæfing:
Remote Keyboard og Remote Play
Úrval lita

Verð: 179.990



**VPCEB4E1E**

Flott 15,5" fartölva á góðu verði
Intel Pentium P6200
320GB HD og 4GB minni
Windows7 Home Premium 64Bit
HDMI tengi og minniskortalesari
Playstation 3 Samhæfing:
Remote Keyboard og Remote Play

Verð: 139.900



**VPCEC4L1E**

Hágæða 17,3" LED skjár
i3 örgjörvi, 500GB HD og 4GB minni
ATI Mobility Radeon HD
Windows7 Home Premium 64Bit
Quick Web Access: 30 sek starfími á inter-
neti með einni snertingu
Playstation 3 Samhaefing

Verð: 189.900



**VPCYB1S1E**

Létt 11,6" LED skjár
Aðeins 1,5 kg
AMD Dual core E-350
320GB HD & 2GB minni
AMD Radeon™ HD 6310
Windows® 7 Home Premium
HDMI útgangur

Verð: 109.900

# Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

Eirberg

Fermingargjafir



Sunrise útvarpsklukka
• Kveikir stigvaxandi á ljóslampa
• Vekur með náttúruhljóðum
• Einnig slakandi að kvöldi



Vönduð höfuð- og vasaljós
• Kröftugt höfuðljós - 170 lumens
• Hannað fyrir atvinnumenn
• Þyngd aðeins 117 grömm
• Með fókus og dimmer



Handsnyrtisett
• 12 mismunandi hausar
• Naglalakksþurrkari



HandaSpa
• Handsnyrting og vatnsbað
• 12 mismunandi hausar
• Naglalakksþurrkari



Stækkunarspegill
• Með ljósi
• Fimmföld stækkun

Stórhöfða 25 • 569 3100
eirberg.is

Opið virka daga kl. 9 -18
og á laugardögum kl. 11 -16



**Svartur blúndukjóll:** Dúkkuhúsið Vatnsstíg 8.990 krónur. **Rauðir skór með blómum:** Manía Laugavegi 12.900.

**Hvítur kjóll með ermum:** Sautján 11.990. **Gammósíur með blúndu:** Sautján 5.990. **Kross: Sautján** 1.990. **Hvítir bandaskór:** Skór.is 9.995.

**Ermalaus blúndukjóll:** Topshop 10.990. **Ugluhálsmen:** Topshop 2.690. **Gráir skór:** Bossanova 6.900.



**Kjóll: Dúkkuhúsið Vatnsstíg, 8.990 krónur.**

# LAGLEGIR unglingar

**Undir hvítum kuflinum á fermingardaginn leynast oft fagrir kjólar og litrík klæði sem valin hafa verið af kostgæfni. Fermingarbörnin hafa oft á tíðum sterkar skoðanir á því hverju þau vilja klæðast á þessum merkilega degi í lífi þeirra.**



**Kjóll:** Dorothy Perkins, 9.495 krónur.
**Skór:** Manía Laugavegi, 9.900 krónur.



**Hattur:** 4.900.
**Jakkaföt:** 24.990.
**Skyrta:** 9.900.
**Slaufa:** 4.900.
Fæst allt í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar í Kjörgarði.

**Fyrirsætur:** *Anna Margrét Benediktsdóttir*
*Inga Lára Stefánsdóttir*
*Sunna Baldvinsdóttir*
*Eyjólfur Snær Eyjólfsson*
**Ljósmyndari:** *Valli*
**Hárgreiðsla:** *Hárgreiðslustofan Primadonna á Grensásvegi 50*
**Tökustaður:** *Grafarvogskirkja*



**Skyrta og bindi:** Debenhams 4.990.
**Vesti:** Debenhams 9.990.
**Buxur:** Debenhams 3.990.
**Skór:** Skór.is Smáralind 2.995.

# Ferming 2011

*flott ...á fermingardaginn*



Jakkaföt
frá: **19.990**
Skyrta
**5.990**
Slaufa
**2.990**
Skór
**Converse**



| | |
|---|---|
| Skyrta | **5.990** |
| Slaufa | **2.990** |
| Axlabönd | **2.990** |
| Buxur stakar | **6.990** |
| Skór | **8.990** |

Kjóll
**10.990**
Leggings
**3.990**
Armband
**2.990**
Jakki
**12.990**
Skór
**FOCUS**





| | |
|---|---|
| Kjóll | **8.990** |
| Bolur | **1.990** |
| Sokkabuxur | **2.990** |
| Armband | **2.990** |
| Skór | **GS SKÓR** |



| | |
|---|---|
| Blazer jakki grár | **19.990** |
| Buxur gráar | **10.990** |
| Skyrta | **5.990** |
| Axlabönd | **2.990** |
| Slaufa | **2.990** |
| Converse skór | **13.990** |



Vesti
frá: **6.990**
Skyrta
**5.990**
Bindi
**2.990**
Buxur
**10.990**
Skór
**8.990**



| | |
|---|---|
| Jakki | **11.990** |
| Kjóll | **7.990** |
| Leggings | **5.990** |
| Hálsmen | **2.990** |



Kjóll
**7.990**
Kjóll
**10.990**
Hálsmen
**2.990**
Sokkabuxur
**2.990**
Armband
**2.990**
Skór
**11.990**

*... flottir fylgihlutir*










galleri sautján

Smáralind | Kringlunni | www.ntc.is | erum á facebook

# ÚRVALIÐ ER

## STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓ




10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

HD6370 DX11 SKJÁKORT

packard bell

JU621

## TK85

### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Glæsileg og öflug leikjafartölva á áður óséðu verði stútfull af nýjustu og bestu tækninni, örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Intel Dual Core P6200 2.1GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6370 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.900**

ÖFLUG LEIKJAFARTÖLVA

BZ100



packard bell

## TK11

- AMD Dual Core X2 E-350 1.6GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD6310 DX11 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐSVERÐ!

HVERGI BETRA VERÐ

AV105



packard bell

## TK36

- Intel Celeron 900 2.2GHz 1MB
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**69.900**

PACKARD BELL Á BETRA VERÐI



VAR AÐ LENDA

SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

packard bell

HR0009

## TS11

### SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

Ný kynslóð fartölva með Sandy Bridge og því nýjasta og einu öflugasta sem í boði er ásamt 2GB ofur öflugu leikjaskjákorti.

- Intel Core i3-2310M 2.1GHz 3MB 4xHT
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT540M DX11 skjákort
- nVIDIA Optimus orkusparandi tækni
- 300Mbps þráðlaust net og USB3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**159.900**

Á KYNNINGARTILBOÐI!

615



## DOT.se

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 8 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 8 TÍMA

packard bell

- Intel Atom N450 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED UltraBright 1024x600
- 256MB Intel GMA 3150 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 8 tímar
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

**59.900**

FÆST Í 4 LITUM

1215N



## EEEPC

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 6 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 6 TÍMA

ASUS

- Intel Dual Core Atom D525 1.8GHz
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 12.1" HD LED 1366x768 skjár
- 512MB Nvidia ION2 HD skjást.
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 6 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 32-BIT

**99.900**

AÐEINS 1.4KG OG ÖRÞUNN

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 |

acer ASUS hp lenovo

# HJÁ OKKUR

## ÓÐANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ

0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI*

SB970

## TK81

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Ein öflugasta fartölvan í dag með ofur öflugan fjögra kjarna örgjörva, alvöru DX11 leikjaskjákort, örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Phenom II Quad Core X4 N970 2.2GHz
- 6GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB ATI HD6650 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

packard bell

**144.900**

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG

P344G50

1GB DX11 SKJÁKORT

acer

## G640G

- Athlon II Dual Core X2 P340 2.4GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED CineCrystal 1600x900
- 1GB ATI HD6650 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.900**

ÖFLUG 17" LEIKJAFARTÖLVA!

P343G32

acer

## G640

- Athlon II Dual Core X2 P340 2.4GHz
- 3GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED CineCrystal 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4250 skjást.
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.900**

17" Á ÓTRÚLEGU VERÐI

SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR
Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

SB661

## LM81

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Ofur öflug 17" fartölva með 6GB vinnsluminni, einn hraðasta örgjörvann í dag og öflugu 1GB HD6650 DX11 leikjaskjákorti

- Phenom II Dual Core X2 N660 3.0GHz
- 6GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD LED SLIM Diamond 1600x900
- 1GB ATI HD6650 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

packard bell

**149.900**

OFUR ÖFLUG MEÐ LEIKJASKJÁKORTI

# VUTEK

Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

packard bell SONY TOSHIBA

AIR

## MacBook

- Intel Core 2 Duo 1.4GHz - 4MB
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 64GB flash geymslupláss
- 11.6" HD LED háglans 1366x768
- 256MB GeForce 320M skjástýring
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth
- innbyggð FaceTime vefmyndavél
- Örþunn og fislétt aðeins 1.06 kg
- Mac OS X 10.6 Snow Leopard

**167.900**

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR!

iPAD2 SPJALDTÖLVUR ALLAR ÚTGÁFUR VÆNTANLEGAR

ÚRVAL SPJALDTÖLVA 7" OG 10" FRÁ 29.900



Brynja Vilhjálmsdóttir í Mimosu á Glerártorgi með borðskreytingu úr túlípönum, pálmablaði og hvítum hjörtum. MYND/HEIDA.IS



„Mér þykir gaman að stilla þannig upp að ég miðli hugmyndum til fólks," segir Guðrún Hrönn, sem hefur opnað Blómastúdíó Hrönn í Nóatúni 17. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leikið með litrík blóm

**Bjartir og glaðlegir litir eru við hæfi þegar lagt er á borð fyrir fermingarbörnin. Þar koma blómin sterk inn.**

„Mér finnst fólk farið að leika sér meira með blómin en áður og blanda ýmsu saman," segir Rannveig Vernharðsdóttir, eigandi Mimosu á Glerártorgi á Akureyri, spurð um nýjungar í fermingarblómum. Hún segir rósir jafnan vinsælar og nú séu túlípanar til í mörgum nýjum og skemmtilegum litum. Kertin eru fjölbreytileg sem keypt eru fyrir fermingar og þau eru skreytt í Mimosu fyrir þá sem það kjósa.

Blómastúdíó Hrönn er ný verslun í Nóatúni 17. Þar ræður húsum Guðrún Hrönn Einarsdóttir blómaskreytir. „Ég legg áherslu á einfaldleikann og nota ýmislegt með blómunum," segir hún um fermingarskreytingarnar, sem hún teygir sumar hverjar út á borðið með hjálp vírs og oasis-kúlna. Hún er líka með ódýra og litríka vasa sem er hægt að sveigja og setja flottan svip á borð. Guðrún Hrönn tekur fram að fólk geti komið með eigin kerti og hún skreytt í kringum þau. *- gun*



Gerberur í glervasa með silfurvír. Í botninum eru bláar kúlur. Úr Mimosu á Glerártorgi. MYND/HEIDA.IS



Litirnir blár og límónugrænn fara ljómandi vel saman eins og sést í Blómastúdíói Hrönn.



Nellikurnar eru margar saman á stilk og eru því ekki dýrar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hér er smáu og stóru blandað saman í Blómastúdíói Hrönn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


## TIL FERMINGAGJAFA

- FERÐATÖSKUR
- ÍÞRÓTTATÖSKUR
- BEAUTYBOX
- BAKPOKAR
- SEÐLAVESKI
- TÖLVUTÖSKUR



Létt ferðataska 2,7 kg
Verð 11.300 kr.

Bakpoki
Verð 7.500 kr.



Stór taska verð: 15.600 kr.
Miðstærð verð: 14.300 kr.
Lítil taska verð: 10.500 kr.

Komið í miðbæinn og skoðið vöruúrvalið okkar

Töskru og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is


● **SÁLMABÓK FERMINGARBARNSINS** Margir eignast sína fyrstu sálmabók við fermingu. Víða er hægt að kaupa sálmabækur og fá á þær gyllingu, Fréttablaðið kannaði verð á örfáum stöðum.

Hjá Kirkjuhúsinu-Skálholtsútgáfu kosta sálmabækurnar 2.000 krónur og gylling 1.580 krónur. Í verslunum Eymundsson kosta sálmabækur 2.190 krónur og gylling 1.255 krónur. Í bókabúð Máls og menningar kostar sálmabók 1.990 krónur en ekki er boðið upp á gyllingu. Í Garðheimum kosta sálmabækur 1.995 krónur og gylling 1.450 krónur. Blómaval býður sálmabækur á 1.790 krónur og gyllingu á 1.399 krónur og þar býðst fermingarbörnum einnig 20 prósenta afsláttur. Hjá Stell prentþjónustu á Akureyri kostar sálmabók með gyllingu 3.480 krónur.



● **SYNIR OG DÆTUR BOÐORÐSINS**
„Bar Mitzvah" þýðir bókstaflega „sonur boðorðsins" en hefur á seinni árum yfirfærst á þá athöfn í gyðingdómi þegar börn eru tekin í fullorðinna manna tölu. Ef um stúlku er að ræða er talað um „Bat Mitzvah" því Bat þýðir dóttir. Athöfnin, sem framkvæmd er þegar drengir eru þrettán ára en stúlkur tólf ára, markar þau tímamót að nú séu þau fullorðið fólk sem beri að hlýða boðorðunum.

Börnin fara í fræðslu hjá rabbínanum sem felst í því að kynna sér Gamla testamentið á hebresku. Börnin flytja síðan þann kafla sem þau hafa valið sér við hefðbundna hvíldardagsathöfn. Oftast syngja þau hann, en það fer þó eftir getu þeirra. Athöfnin hefst á föstudagskvöldi, þegar hvíldardagurinn hefst, en aðalathöfnin er síðan á laugardeginum þar sem barnið fer með þann kafla sem það hefur valið sér auk þess að þurfa að halda ræðu fyrir framan söfnuðinn. Á eftir er svo hefð fyrir því að slá upp mikilli veislu.

*- fsb*




FERÐAÆVINTÝRI
Í FERMINGARGJÖF
Landsins mesta
úrval af bakpokum
Stærri bakpokar
Verð frá: 18.990 kr.
Deuter Futura
Frábæru dagpokarnir
með baki sem andar vel.
Verð frá: 16.990 kr.
Deuter Aircontact 55+10
Margverðlaunaðir bakpokar.
Frábært burðarkerfi, regnvörn
fylgir. Verð áður: 34.990 kr.
Tilboð: 29.990 kr.
TNF Alutian
Vandaður svefnpoki til notkunar
sumar, vor og haust.
Þolmörk: -5°C. Þyngd: 1.546 g.
Verð áður: 19.990 kr.
Tilboð: 17.990 kr.
TNF Hotlum
Vandaður, léttur dúnsvefnpoki, 3 árstíða.
Þolmörk: -10°C. Þyngd: 1.311 g.
Verð áður: 44.990 kr.
Tilboð: 38.990 kr.
Svefnpokar. Verð frá: 14.990 kr.
Úrval af tjöldum.
High Peak Cave 3
Göngutjald. Létt 3 manna braggatjald
2.000 mm vatnsvörn. Þyngd: 3,5 kg.
Verð áður: 23.990 kr.
Tilboð: 18.990 kr.
Silva ferðasjónaukar
10X50 vandaðir, léttir
og handhægir.
Verð: 7.990 kr.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF



Margrét hefur gert kökur fyrir ýmis tilefni. Þessa gerði hún fyrir þrítugsafmæli. Hún er með vanillu-oreomús fyllingu, súkkulaðikremi og ganache. Skreytt með jarðarberjum og súkkulaðiskrauti.



Margréti finnst skemmtilegast að hanna kökurnar enda liggur það vel fyrir henni. Hér má sjá karamellubollaköku með súkkulaðikremi. Hún er skreytt með möndluflögum, sykurmassa, súkkulaðidropum og Oreo-kexkökum.



Skírnarkaka að hætti Margrétar.

# Engar tvær kökur eru alveg eins

**Margrét T. Jónsdóttir er mikill ástríðubakari. Henni finnst skemmtilegast að hanna kökurnar og gerir sjaldan tvær eins. Hún töfrar fram kökur við hvers kyns tilefni og gerði glæsilega fermingarköku fyrir Fréttablaðið.**



Kakan hæfir tilefninu; fjólublá með friðardúfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jarðfræðingurinn Margrét Theodóra Jónsdóttir hefur haft áhuga á kökugerð frá unga aldri og sinnir áhugamálinu í hjáverkum. Hún sérhæfir sig í kökum með smjörkremi og getur gert alls kyns kúnstir. Hún féllst á að hanna og gera tveggja hæða fermingarköku fyrir Fréttablaðið sem gefur góða mynd af þeim möguleikum sem eru fyrir hendi.

„Ég valdi að gera kökuna í fjólubláu og hvítu enda kirkjulegir litir og skreytti með friðardúfunni,“ segir Margrét. Hún segist leggja sig fram um að gera engar tvær kökur eins. „Mér finnst skemmtilegast að hanna kökurnar og er því lítið í fjöldaframleiðslu.“

En hvenær vaknaði áhuginn? „Mamma keypti Wilton-kökuskreytingarbók þegar ég var yngri og ég og litli bróðir minn gátum legið yfir henni tímunum saman. Þegar ég fór með manninum mínum til náms í Ameríku ákvað ég svo að nota tækifærið og fara á kökuskreytingarnámskeið hjá Wilton. Ég lauk við Wilton Method Basics þar sem ég lærði grunnatriðin í kökugerð og kökuskreytingum eins og hvernig maður bakar og undirbýr fallega köku, hversu þykkt smjörkremið á að vera fyrir hvert einstaka atriði, stöðu sprautupoka og fleira. Síðan fór ég á Wilton Method Flowers and Cake Design námskeið þar sem aðaláherslan var lögð á sykurblómagerð. Þar að auki lauk ég við sérstakt brúðartertunámskeið hjá Cake Art.“

Margrét tók með sér ýmis áhöld til kökugerðarinnar frá Ameríku en segir verslunina Allt í köku, sem opnaði nýverið á Suðurlandsbraut, algera byltingu fyrir kökuáhugafólk og að þar verði hún sér úti um ýmsar nauðsynjar. „Þar er reyndar mikil áhersla á sykurmassa en ég get þó nýtt mér ýmislegt þó ég vinni að mestu með smjörkrem.“

Margrét býr yfirleitt til möndlubotna með hindberjamús og vanillusmjörkremi en gerir líka súkkulaðikökur með ýmis konar fyllingum. „Allt hráefnið sem ég vinn með er ætilegt og sömuleiðis allar skreytingar.“ En getur þú hugsað þér að leggja þetta fyrir þig? „Ég veit það nú ekki en ef jarðfræðin klikkar er gott að hafa þetta í bakhöndinni og svo er gaman að geta gripið í þetta af og til.“

Áhugasömum er bent á að slá inn Kakan mín á Facebook-síðunni. - ve






© Inter IKEA Systems B.V. 2011

# Fermingarleikur IKEA

Ert þú að fermast? Er kominn tími til að hressa aðeins upp á herbergið þitt? Nú bjóðum við öllum fermingarbörnum ársins að taka þátt í skemmtilegum leik. Til mikils er að vinna en sigurvegarinn fær

**100.000 króna vöruúttekt í IKEA.**

Allar nánari upplýsingar má finna á **www.IKEA.is**




**Frábær fermingargjöf!**
Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar. Upphæð að eigin vali.

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# Glæsilegt fermingartilboð



DÚN & FIÐUR
Laugavegi 86 • sími: 511-2004



## Fermingarskart

Ný sending af vinsælu úrunum tilvalin í fermingarpakkann.



Mikið úrval af hárskrauti, hönskum, krossum og öðrum fylgihlutum fyrir ferminguna.

SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66



BYLGJAN 989
ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50






# Í veislum hvor hjá öðrum

**Frændurnir Bjarnar Ingi Pétursson og Örvar Svavarsson hafa verið leikfélagar frá unga aldri. Í vetur hafa þeir fylgst að í fermingarfræðslu í Hjallakirkju og nú styttist í að þeir staðfesti skírnina.**



Fljótt og vel gekk að velja fermingarfötin að sögn Örvars og Bjarnars Inga, en hvor fór með sínum foreldrum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þeir ætla að fermast hvor sinn daginn, vinirnir Bjarnar Ingi og Örvar. Bjarnar Ingi 10. apríl og Örvar viku seinna. Ákvörðunin er útspekúleruð. „Það er miklu betra að geta verið í veislum hvor hjá öðrum,“ segja þeir kankvísir. Sjálfir spá þeir svolítið í veisluföngin. Bjarnar Ingi nefnir franska súkkulaðiköku og fleira góðgæti og Örvar kveðst hafa valið kjúklingasúpu, svo ætli mamma hans eitthvað að baka.

Þótt veislurnar séu tilhlökkunarefni taka piltarnir andlega undirbúninginn líka alvarlega. Báðir þylja þeir ritningarversin sín fyrir blaðamann og Örvar er búinn að uppfylla messuskylduna, sem hljóðar upp á tíu guðsþjónustur eða bænastundir. Bjarnar Ingi á eftir að fá einn stimpil í kladdann.

Allt frá því í ágúst hafa frændurnir verið í fermingarfræðslu hjá séra Írisi Kristjánsdóttur í Hjallakirkju. „Þetta hafa verið ágætir tímar,“ segir Bjarnar Ingi. „Íris er aðallega að fara með okkur í gegnum bók sem heitir Trú og líf og spjalla við okkur,“ segir hann og neitar því ekki að hún grínist stundum, einkum að sjálfri sér. Skyldu þeir eiga að læra mikið utanbókar? „Ekki miðað við móðurafa minn. Hann þurfti að læra fjörutíu og eitthvað sálma,“ svarar Örvar og hlær. „Við förum bara í próf þar sem við þurftum að kunna faðirvorið, signinguna, trúarjátninguna og einn sálm,“ upplýsir Bjarnar Ingi. „Já, númer 367. Hann er eftir Sigurbjörn Einarsson,“ bætir Örvar við.

Drengirnir bjóða ættingjum og vinum heim í tilefni tímamótanna og hlakka til að hitta þá. En hverju vonast þeir eftir í fermingargjöf? „Ég væri alveg til í fartölvu,“ viðurkennir Örvar en Bjarnar Ingi veðjar á pening „Ég kaupi mér bara eitthvað sjálfur.“ *- gun*



Örvar og Bjarnar Ingi eru grannar og vinir. Í seinni tíð hefur fótboltinn tekið við af sandkassaleikjum. MYND/SVAVAR SIGURJÓNSSON

# Var höfðinu hærri en flestir

„Það er ekki séns að þú fáir fermingarmynd af mér. Ég held ég sé búinn að eyða öllum eintökunum enda leit ég út eins og fífl á þessum aldri,“ eru fyrstu viðbrögð Magna Ásgeirssonar tónlistarmanns við beiðni um viðtal. Þegar því hefur verið kyngt er honum ekkert að vanbúnaði að leysa frá skjóðunni.

„Ég fermdist í Bakkagerðiskirkju á Borgarfirði eystri vorið 1992 og var höfðinu hærri en flestir við altarið. Við vorum sex sem fermdumst saman sem þótti stór hópur á þessum stað. Í árgangnum á undan var reyndar einum fleiri en bekkurinn á eftir hét Sveinn.“

„Þetta var indælis tími,” segir Magni spurður um fermingarundirbúninginn. „Presturinn, Sverrir Haraldsson, var yndislegur maður og konan hans ekki síðri, hún Sigríður Eyjólfsdóttir eða Sigga prestsins, eins og við kölluðum hana. Það var einhver heilagleiki yfir henni líka. Þau hjón bjuggu í miðju þorpinu og manni leið vel í návist þeirra.“

Fermingardagurinn sjálfur er Magna í fersku minni. „Þetta var ánægjuleg athöfn og fermingarveislur á eftir úti um allan bæ. Ég og frændi minn sem ólumst upp saman héldum veislu í félagsheimilinu og vorum í samstæðum jökkum, rauðum bleiserum, ansi reffilegir. Ég fékk þarna fyrsta míkrófóninn minn og líka fyrsta gítarinn. Þá gat ég hætt að misþyrma stóra tólf strengja gítarnum hennar mömmu.“ *- gun*



„Ég fékk fyrsta gítarinn minn í fermingargjöf. Þá gat ég hætt að misþyrma stóra tólf strengja gítarnum hennar mömmu,“ segir Magni. MYND/HEIDA.IS


VAXTALAUST 9
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
DMTECH
59.999
LG
89.999
við skjótum niður verðin!
LG
129.999
19" LED með DVD- Upplausn: 1440x900
32" LCD 320- Upplausn: 1366x768
37" LCD 450 - Upplausn: 1920x1080 - Full HD
fermingargjafirnar fást í BT
119.999
packard bell TK85-JU-621
Skjár: 15.6" LED
Örgjörvi: Intel Pentium Dual Core P6200
Skjákort: AMD Radeon HD6370M
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Harður diskur: 500GB
HP Pavilion DV6-3130EO
Skjár: 15,6" LED
Örgjörvi: AMD Athlon II
Skjákort: ATI Radeon HD5470
Vinnsluminni: 4 GB DDR3
Harður diskur: 320GB
149.999
3G
packard bell TK81-RB-110NL
Skjár: 15,6" LED
Örgjörvi: AMD Athlon II
Skjákort: ATI Radeon HD4250
Vinnsluminni: 2GB DDR3
Harður diskur: 320GB
89.999
HP Pavilion DM1-2140EO
Skjár: 11,6" LED
Örgjörvi: AMD Athlon II
Skjástýring: ATI Radeon HD4225
Vinnsluminni: 2GB DDR3
Harður diskur: 250GB
129.999
prentarar
Deskjet 1000
9.999
11.999
Deskjet 2050 All-in-One
Photosmart CN245B All-in-One - WiFi
16.999
flakkarar
13.999
Verbatim 53007 store 'n' go 320GB
39.999
Verbatim 47540 sjónvarpsflakkari 1TB
44.999 1,5TB
49.999 2TB
ARGOSY sjónvarpsflakkari Full HD
heyrnartól
8.999
HESH
9.999
GI
SKULL CANDY
14.499
SkullCrushers
hárvörur
8.999
REMINGTON sléttujárn S1005
6.999
REMINGTON mini sléttujárn S2880
10.999
REMINGTON pro krullujárn auðvelt og fljótlegt!
9.999
REMINGTON AC Lux hárblásari
skemmtilega dótið
19.999
ion Key49 hljómborð
14.999
ion Discover DJ
9.999
ion Discover keyboard
ion Discover DJ Pro
34.999
ion pro session trommusett
59.999
myndavélar
OLYMPUS
T-10 stafræn myndavél
10 MP - 2,4" skjár
9.999
ótrúlegt verð
19.999
SAMSUNG ES70
stafræn myndavél
12,2 MP - 2,7" skjár
99.999
SAMSUNG NX-10 SLR myndavél
14,6 MP - 3,0" skjár
18-55mm linsa
mp3 spilarar
Coby MP3 spilari
Clip - 2GB - MP550
4.999
Coby MP3 spilari
2" skjár - FM útvarp
MP707
7.999 2 GB
10.999 8 GB
leikjatölvur
NINTENDO 3DS
49.999
3D þrívíddar leikjatölva -engin gleraugu !
lendir á föstudaginn
Nintendo fjölskyldan fæst í BT
Wii leikjatölva
Sport Resort leikur og Motion Plus fylgja
39.999
160GB 64.999
320GB 76.999
PS3
15.999
Coby MP3 spilari
2,8" widescreen skjár
FM útvarp - MP828
Snertiskjár - 8GB
19.999
Coby MP3 spilari
2,8" widescreen skjár
FM útvarp - MP815
BT Skeifan - BT Glerártorgi - S: 550-4444 - www.bt.is

# Ásinn Týr í uppáhaldi



Ívan Breki Guðmundsson sökkti sér ofan í bók um ásatrú og tók eftir það þá ákvörðun að taka siðfestu í stað þess að fermast.
MYND/THELMA HJALTADÓTTIR

„Ég var að bíða eftir að komast í tónmenntatíma, og tók upp bók og fór að lesa. Bókin var um ásatrú og ég las hana alla,“ segir Ívan Breki Guðmundsson, nemandi í Grunnskólanum á Ísafirði. Ívan heillaðist af ásatrúnni og tók þá ákvörðun að taka siðfestu í stað þess að fermast.

„Þetta er gömul íslensk trú og mér finnst hún rökréttari en kristin trú. Ásatrú tengist mikið náttúrunni og að bera virðingu fyrir landvættunum,“ segir Ívan Breki, sem hefur undirbúið sig í eitt ár fyrir siðfestuna, meðal annars lesið Hávamál og sögur af goðunum.

„Sögurnar af goðunum eru mjög skemmtilegar. Týr er uppáhaldsásinn minn en hann er stríðsguð og hugrakkastur þeirra allra. Ég las líka Hávamál sem er lífsspeki Óðins. Þau kenna manni mannasiði og gefa manni góð ráð. Í þeim eru líka hugleiðingar um lífið og hvað beri að varast. Þau segja manni til dæmis að njóta lífsins á meðan maður getur. Þetta eru ekki boðorð eða reglur eins og í kristinni trú heldur meira svona góð ráð sem maður ræður hvort maður tekur eða ekki. Margt af þessu á alveg jafn mikið við fólk í dag eins og fyrir kristnitöku á Íslandi.“

Ívan Breki veit ekki til þess að fleiri í hans árgangi ætli að taka siðfestu en hann setur það ekkert fyrir sig. Hann mun halda veislu í tilefni siðfestingarinnar eins og haldnar eru fermingarveislur og klæðast víkingabúningi við athöfnina, líkt og fermingarbörn í kristinni trú klæðast hvítum kyrtlum. Fjölskylda hans er ekki ásatrúar en þó var Ívan Breki hringaberi, ásamt bróður sínum, í giftingu frænku þeirra að heiðnum sið fyrir þremur árum. Hann segist samt taka þátt í kristnum hátíðum eins og jólum.

„Já ég geri það með fjölskyldunni, enda bannar ásatrú ekki að maður taki þátt í öðrum trúarbrögðum. Heiðnir menn héldu líka jól í gamla daga en þá var því fagnað að sólin væri að koma aftur en ekki fæðingu Krists.“ *- rat*









Feðgarnir skelltu sér í siglingu umhverfis eyna Caye Caulker fyrir utan Belís.



Forvitinn hákarl hjá eynni San Pedro.

# Upplifði ævintýri í Ameríku

**Hákarlar og píramídar eru á meðal þess sem rak á fjörur Alexanders Sigmarssonar þegar hann ferðaðist nýlega um Mið-Ameríku.**

„Þetta var rosalega skemmtilegt, alveg eins og ég bjóst við,“ segir Alexander Sigmarsson, fjórtán ára, sem ákvað að verja fermingarpeningunum sínum í ævintýraferð um Mið-Ameríku á síðasta ári. Með í för var faðir hans Sigmar Alexandersson.

Ferðin hófst í New York og þaðan lá leiðin til Hondúras, með viðkomu í Mexíkó og Gvatemala. Ævintýrið byrjaði af alvöru þegar til Gvatemala var komið en þá skildi tímabundið leiðir þeirra feðga. „Í bænum Flores skellti ég mér í spænskuskóla sem gerði kröfu um að ég byggi hjá spænskumælandi fjölskyldu til að ná betri tökum á málinu. Á meðan varð pabbi að búa annars staðar,“ rifjar Alexander upp og viðurkennir að tungumálaörðugleikar hafi valdið vandkvæðum í fyrstu, sem hafi skánað eftir því sem spænskukunnáttan jókst.



Feðgarnir Alexander og SIgmar á góðri stundu í Yaxha í Gvatemala.

Feðgarnir vörðu áramótunum í Flores og segir Alexander það hafa komið á óvart hve flugeldaglaðir íbúarnir voru. „Þeir sprengdu alveg jafn mikið og við Íslendingar. Helsti munurinn var sá að minna var um ljós en meira um hvelli.“

Fleira skemmtilegt gerðu feðgarnir sér til dægrastyttingar og er heimsókn til Yaxha í Gvatemala Alexander sérlega minnisstæð. „Þar skoðuðum við vandlega fornminjar frá tímum Maja alveg óáreittir og þannig gat ég príl-að upp píramída án þess að vera skammaður.“

Hann segir ferðalagið því ekki síður hafa verið lærdómsríkt en skemmtilegt og telur Mið-Ameríku af þeim og fleiri sökum vera spennandi áfangastað sem jafnaldrar hans ættu að skoða. „Þetta er fyrir þá sem vilja upplifa öðruvísi ferðalag.“ *- rve*



Í Yaxha gafst Alexander færi að skoða rústir frá tímum Maja.



Alexander ferðaðist með bát á hverjum degi í skólann.



Fáir ferðamenn eru á sveimi í Yaxha, sem Alexander finnst gott.



Í bænum Tulum í Mexíkó.

# Allt fyrir veisluna

Stórkaup býður upp á fjölbreytt úrval
af tilbúnum réttum á veisluborðið



## Kökur og eftirréttir




**Lúxus hindberjaterta**
1,2kg 12-14 manna **2.498kr/stk**




**Draumakaka**
1,2kg 12-14 manna **1.998kr/stk**




**Gulrótakaka**
1,1kg 12-14 manna **1.998kr/stk**




**Valhnetuterta** með karamellukremi
1,2kg 12-14 manna **2.498kr/stk**




**Súkkulaði tríó**
með krókant og möndlum
20stk í pk. **3.698kr/pk**




**Vatnsdeigsbollur**
með rjómakremi
80stk í pk. **1.598kr/pk**




**Vatnsdeigsbollur**
með jarðaberjarjómakremi
80stk í pk. **1.598kr/pk**

## Pinnamatur




**Piccolinis smápizzur**
2 teg. 40stk í pakka
**2.298kr/pk**




**Krabbakökur**
mini -15 stk í pakka
**1.998kr/pk**




**Rækjur á spjóti**
50 stk í pakka - 1kg
**2.998kr/pk**




**Butterfly rækjur**
50stk í pakka - 1kg
**2.298kr/pk**




**Torpedo rækjur**
60-65stk í pakka - 1kg
**2.298kr/pk**



**Kjúklingastrimlar**
foreldaðir **1.659kr/kg**



**Svínahryggur með puru**
frosinn **998kr/kg**



**Kalkúnabringur**
frosnar **1.998kr/kg**

**Einnig erum við með úrval af einnota dúkum, glösum og servéttum.**

**STÓRKAUP**
BIRGÐAVERSLUN

Faxafen 8 • Sími 567 9585 • www.storkaup.is • storkaup@storkaup.is















Margir kjósa að láta mynda sig utandyra. MYND/LALLI SIG





Harpa Hrund Bjarnadóttir og Margrét Hauksdóttir með fermingarbarn á milli sín. Harpa segir ráðlegt að panta myndatöku með góðum fyrirvara og ekki á sjálfan fermingardaginn.

# MINNING UM GÓÐA

**Fermingin er viðburður sem flestir vilja varðveita sem lengst. Fallegar ljósmyndir eiga sinn þátt í að halda á lofti minningunni um daginn en svo þær heppnist sem best er gott að hafa nokkur atriði á hreinu.**

Harpa Hrund Bjarnadóttir rekur Ljósmyndaver Hörpu Hrundar ásamt Margréti Hauksdóttur. Hún segir ráðlegt að panta myndatöku nokkru fyrir fermingardaginn. „Strákar panta yfirleitt eftir að hafa keypt fötin eða að fermingardegi loknum. Fyrir stelpur er sniðugt að panta töku daginn þegar þær fara í prufugreiðslu, þá er hægt að mynda þær með og án greiðslunnar, í kjól og í hversdagsklæðnaði."

Lárus Sigurðarson, Lalli Sig, samsinnir því og segir tilvalið að mæta í myndatöku með nokkuð af fötum til skiptanna og eins einhverja hluti sem tengjast áhugamálunum. „Afslappaðar myndir eru í tísku í dag; krakkar taka gjarnan mið af myndaþáttum í glanstímaritum og vilja láta mynda sig uppstríluð í flottu umhverfi fyrir utan stúdíóið eða tengja sig við áhugamálin. Sumir dripla bolta, aðrir mæta með besta vininn eða gæludýrið í myndatöku og innan við helmingur er í kyrtlum," segir hann.

Þau eru sammála um að best sé að panta myndatökuna fyrir eða eftir fermingardaginn. „Það er bara alltof mikið stress að taka myndirnar á fermingardaginn sjálfan. Krakkarnir eru þá ekki með hugann við sjálfa myndatökuna heldur ferminguna og njóta sín bara ekki," segir Harpa og Lárus skýtur því inn að unglingar í dag séu þó almennt sjálfsöruggir fyrir framan myndavélina. „Enda eiga flestir stafrænar vélar og unglingarnir eru vanir því „að sitja fyrir"." - rve



Lárus Sigurðarson segir fermingarbörn gjarnan vilja myndir sem sverji sig í ætt við tískuþætti í glanstímaritum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sumir mæta með vinina eða gæludýrin í myndatöku. MYND/HARPA HRUND



Harpa segir tilvalið fyrir stúlkur að mynda með prufugreiðsluna, þá sé hægt að mynda þær með greiðsluna og án. MYND/HARPA HRUND



Ungur og upprennandi hnefaleikakappi.

MYND/HARPA HRUND



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

N DAG



Vinsælt er að láta tengja sig við áhugamálin. MYND/LALLI SIG



Fermingarbörn eru tiltölulega afslöppuð fyrir framan myndavélina, að mati Lárusar. MYND/LALLI SIG

**● SANNAR GJAFIR TIL BARNA** Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, Unicef á Íslandi, hefur sett á markað gjafir sem geta breytt lífi nauðstaddra barna, eða svokallaðar „Sannar gjafir".

Um er að ræða raunverulegar gjafir sem fólki býðst að kaupa í vefverslun Unicef, en þeim er síðan dreift til barna í samfélögum þar sem þörfin er mest.

Þegar keypt er Sönn gjöf fylgir persónulegt gjafabréf með ljósmynd og lýsingu á gjöfinni sem valin var til að senda viðtakanda gjafarinnar. Varan er því næst send frá vöruhúsi Unicef í Kaupmannahöfn til einhvers af þeim 156 löndum sem Unicef starfar í. Kaupendur Sannra gjafa fá svo upplýsingar um hvert gjöf þeirra var send.

Unicef býður upp á gott úrval gjafa, þar á meðal bóluefni, vatnsdælur, moskítónet, námsgögn og margt fleira. - þlg






**Fermingargjöf frá okkur:**
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.
RB RÚM

Svíf þú inn í svefninn

VELJUM ÍSLENSKT



Alþjóðleg viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í framleiðslu á rúmum og springdýnum



**Úrval fylgihluta:**
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.

**Eftir þínu höfði:**
RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafli og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðasamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

**Opið alla virka daga frá 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**
RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB RÚM
Stofnað 1943

# Gullmolarnir Í LÍFINU

**Börn með þroskahömlun gera Jesú að ævilöngum vini á fermingardaginn.**



Hér fermir séra Guðný Halldórsdóttir fermingarbarnið Ragnar Vilberg Bragason. Hún segir einstakt að upplifa gleði dagsins með börnunum og fjölskyldum þeirra, þar sem þörfum hvers og eins barns sé ávallt mætt. MYND/JAK

„Áður fyrr var undir hælinn lagt hvort börn með þroskahömlun fermdust, og í starfi mínu hef ég talað við margt aldrað fólk sem svíður sárt að hafa ekki fengið að fermast af því það gat ekki lært kverið sitt og var kannski ekki læst. Við þurfum ekki að vera læs til að eiga Jesú að vini. Við þurfum bara að vera læs á hjarta okkar og umhverfi,“ segir Guðný Halldórsdóttir, sem starfað hefur sem prestur fatlaðra frá árinu 1990 og þjónar sérstaklega einstaklingum með þroskahömlun.

„Ég nýt ríkulegra forréttinda í starfi mínu og ef einhver hefur lært mikið á þessum tíma er það ég, bæði hvað varðar viðhorf, hugrekki, þolinmæði, vináttu og hvað þau eru dugleg að líta eftir hvert öðru,“ segir séra Guðný, sem árlega fermir á milli 20 og 30 þroskahamlaða unglinga.

„Fermingar fatlaðra fara alfarið eftir aðstæðum hvers og eins barns, og ekki til nein ríkisleið þar. Stærsta fermingin fer fram á sumardaginn fyrsta, með nemendum Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla, en þroskahömluð börn í sérdeildum grunnskólanna fermast oftast með sínum bekk og þá kem ég inn í ferminguna með sóknarpresti. Öðrum hentar ekki að vera í hópi og eru þá fermd ein og sér, en einnig fermi ég heima hjá sumum barnanna,“ segir séra Guðný, sem er með fermingarfræðslu í fimm skólum og hittir fermingarbörn sín einu sinni í mánuði í fermingarkirkjunum til að gera þau heimavön þar.

„Í fermingarfræðslunni fylgi ég námskrá Þjóðkirkjunnar en nota annað tungutak og nálgun. Allan veturinn geng ég út frá vinahugtakinu og tala um Jesú sem vin, því öll vitum við hvað vinir eru og hve miklu skiptir að eiga vin og vera vinur. Þegar kemur að fermingarspurningunni á fermingardaginn spyr ég því ekki: „Viltu gera Jesú Krist að leiðtoga lífs þíns?“ heldur „Viltu vera vinur Jesú alla þína ævi?“, og það skilja þau vel,“ segir séra Guðný og bætir við að dásamlegt sé að fylgjast með börnum í fræðslunni þar sem þau deila upplýsingum og fræðslu sín á milli, allt frá því hversu marga lítra af rjóma þarf í fermingartertuna yfir í spennandi skammtímavistunarúrræði.

„Hálfan veturinn fikrum við okkur áfram um hvernig við ætlum að hafa fermingunа. Börnin velja sjálf sálmana, utan eins sem ég fæ að velja, og svo hafa mörg þeirra sérþarfir sem þarf að taka tillit til. Þannig hef ég fermt barn sem ekki vildi sitja til altaris með hinum heldur úti í sal þar sem það hafði átt sæti í kirkjunni áður og sat þá bara þar, og svo annan sem gat ekki hugsað sér að taka ofan derhúfuna sem hann tók bara ofan þegar hann svaf, og þá var hann með húfuna sína á fermingardaginn,“ segir séra Guðný um gefandi og skemmtilegt starf sitt.

„Fermingardagur er sannarlega mikill dagur í lífi barns og við leggjum okkur fram um að gera hann sem bestan. Sem sóknarprestur hef ég samanburð á því að þroskahömluð börn eru ekkert öðruvísi en aðrir unglingar þegar kemur að tilhlökkuninni og þau þæla í fötum, gjöfum, hárgreiðslu og veislu, en það sem einkennir öll fermingarbörn, fötluð eða ekki, er hversu einlæg þau eru á fermingardaginn og hversu mikilvægur hann er þeim öllum.“ *- þlg*

Tal

INNILEGAR HAMINGJUÓSKIR Á FERMINGARDAGINN



FERMINGARTILBOÐ
HTC WILDFIRE
56.900 KR.
12.000 kr. frínotkun fylgir með



FERMINGARTILBOÐ
NOKIA X3-02
28.900 KR.
12.000 kr. frínotkun fylgir með



FERMINGARTILBOÐ
NOKIA C3-00
24.900 KR.
12.000 kr. frínotkun fylgir með

MINNA BRUÐL. MEIRA TAL.



iittala



ROSENDAHL





ÍSLENSK HÖNNUN epal

ALESSI

royalvkb

# Allir fá þá eitthvað fallegt...

**1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal 35 ÁRA 1975 2010







stelton

Joseph Joseph

menu SCANDINAVIAN DESIGN ORIGINALS



eva solo

marimekko®

GEORG JENSEN

helgo®





# Vinsælar gjafir fyrri tíma



Húsgögn hafa lengi verið með vinsælustu fermingargjöfunum og á sjöunda og áttunda áratugnum voru þau oftar en ekki úr tekki; hillur, kommóður og skatthol.




Plötuspilarar, útvörp, ipod-ar og aðrar græjur sem miðla tónlist hafa unnið hjörtu fermingarbjarna.

**Sumar fermingargjafir hafa verið gefnar aftur og aftur í 100 ár. Má þar nefna kvæðabækur, Biblíuna og úr. Aðrar hafa öðlast sess í seinni tíð. Fermingargjafaauglýsingar fyrri tíma gefa ágætis sýn inn í tíðarandann hverju sinni.**

Ein fyrsta blaðaauglýsingin hérlendis er snerti fermingargjafir er frá árinu 1897 og birtist í Þjóðólfi. Guðjón Sigurðsson auglýsir þar vasaúr, nýjar birgðir af „beztu Anker- og Cylinder-úrum“. Guðjón stofnaði verslun sína árið 1894, upphaflega á Eyrarbakka og síðar í Reykjavík. Vasaúr voru lengi vel með vinsælustu fermingargjöfum drengja.

Ekki var gefið að börn fengju sérstakar fermingargjafir á fyrri hluta síðustu aldar. Flestir fengu þó sálmabók, sem er líklega með vinsælustu fermingargjöfum fyrri tíma. Árið 1900 auglýsir Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar Sálmabókina nýju í skrautbandi, gyllta í sniðum á 6 krónur. Bækur almennt hafa alla tíð verið vinsælar í pakka fermingarbarna.



Vasaúr voru auglýst 1897 í Þjóðólfi.

Orðabækur, kvæðabækur, ljóðabækur og skáldsögur. Árið 1908 var verslun Guðmundar Gamalíelssonar í Lækjargötu með fermingargjafir á við skáldsögu Lew Wallace um Ben Hur.

Með veglegri fyrri tíma fermingargjöfum, sem sérstaklega voru ætlaðar stúlkum, voru vandaðir íslenskir smíðisgripir úr gulli og silfri sem voru þá gjarnan notaðir á fermingardaginn við íslenskan búning. Má þar nefna steypt belti, upphlutsbelti, brjóstnælur og skúfhólka úr silfri, gulli eða gullhúðaða.

Húsgögn til fermingargjafa fóru að verða vinsæl upp úr 1940 og í auglýsingum var oft reynt að höfða til fermingarstúlkna. Þannig auglýsti verslunin Gamla kompaníið við Hringbraut „tilvaldar fermingargjafir fyrir stúlkur“ sem voru kommóður í mörgum litum og litlir fataskápar. Kommóður og skatthol með spegli urðu reyndar vinsæl næstu áratugi þótt útlit og efniviður hafi verið misjafn eftir því hvaða tíska ríkti hverju sinni. Þau voru úr tekki árið 1970 og tekkhúsgögn voru þá með vinsælustu fermingargjöfunum, bæði minni einingar og svo svokallaðar Hansahillur. Um 1985 voru basthúsgögn vinsæl í fermingarherbergið, svo sem bastruggustólar og skrifborðsstólar á hjólum. Þá var algengt um þær mundir að í stað einstakra húsgagna; rúms, skriborðs og svo framvegis, fengju fermingarbörnin yfirhalningu á herbergi sínu, þar sem öllum húsgögnum var skipt út og til að gera sérlega vel við fermingarbarnið var settur inn hljómtækjaskápur í rósaviðarlíki með hálfsjálfvirkum plötuspilara, gettóblaster eða jafnvel agnarlitlu sjónvarpi. *-jma*



Alls kyns smíðisgripir við íslenskan búning voru vinsælir til fermingargjafa áður fyrr.


## Fermingargjöf sem gefur

Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400.
Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig.
Einfalt og gleðilegt.



Óskalistinn minn:

Rúm
Myndavél
Svefnpoki
Ipod
Webcam
Handklæði
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“. Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugar fyrir 4 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 2 geitur. Namm! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara maísgrautur! Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening fyrir ýmsu sem okkur vantar.

www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf kirkjunnar




Þeim fjölgar stöðugt sem kjósa borgaralega fermingu. NORDICPHOTOS/GETTTY

# Vinsæll valkostur

Borgaraleg ferming nýtur vaxandi hylli hérlendis. Þannig ætla 195 börn að fermast borgaralega í ár en þau voru 166 á síðasta ári. Hope Knútsson, formaður Siðmenntar, telur gott orðspor ráða því að sífellt fleiri velja þennan kost.

„Það er helsta ástæðan sem mér dettur í hug. Þegar börnin fermast borgaralega eru vinir þeirra og vandamenn viðstaddir, upplifa athöfnina með eigin augum og þannig fjölgar þeim statt og stöðugt sem fara að velta þessum möguleika fyrir sér.“

Margir tengja ferminguna fyrst og fremst við kirkjulega athöfn þar sem einstaklingurinn staðfestir skírnarheit og játast kristni. Hver er þá tilgangurinn með borgaralegri fermingu ef slíkt stendur ekki til? „Þetta er valkostur fyrir þá sem vilja fagna tímamótum, góð viðbót í flóruna,“ svarar Hope og bætir við að fermingarbörnin læri að auki margt gagnlegt.

„Þau fá sína fermingarfræðslu eins og önnur fermingarbörn en áherslurnar eru aðrar. Þannig einblínum við á siðfræði, gagnrýna hugsun og lífsleikni; jafnrétti, almenn mannréttindi, virðingu fyrir trúarbrögðum og ólíkum skoðunum og mannleg samskipti eru hluti af því sem við tökum fyrir.“

Hún getur þess að hvorki barnið né foreldrar eða aðstandendur þess þurfi að vera skráðir í Siðmennt til að geta fermst borgaralega.

„Skráning í trúfélög er heldur engin fyrirstaða fyrir því,“ tekur hún fram og vísar á heimasíðu félagsins, sidmennt.is, þar sem nálgast megi allar nánari upplýsingar. *-rve*


Kringlan
Ferming
ENDALAUST ÚRVAL!
Kringlan hefur komið við sögu í meira en 50 þúsund fermingum.
Við vitum að það borgar sig að hefja undirbúninginn sem allra allra fyrst.
VISA
Gjöf sem hentar öllum!
Mán–mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000



## Upplifun í pakkanum

Það er fátt sem jafnast á við að prófa og reyna nýja hluti. Fermingargjafir sem innihalda einhvers konar upplifun, svo sem ferðalög, leikhúsferð, námskeið eða annað njóta sívaxandi vinsælda.

- Ýmsir möguleikar eru í boði kjósi forráðamenn fermingarbarnsins eða stórfjölskyldan að gefa fermingarbarninu ferð til útlanda. Fjölskyldan gæti farið öll og fermingarbarnið valið áfangastað (innan skynsamlegra marka).
- Séu mörg börn í fjölskyldunni gætu foreldrarnir fengið pössun fyrir hin systkinin og farið í ferðalag með fermingarbarninu einu. Þá gæti pabbinn eða mamman farið ein með barninu.
- Ýmis námskeið og skólar eru í boði erlendis. Til að mynda tungumála- og íþróttaskólar en ferðir þangað hafa íslenskar ferðaskrifstofur til að mynda skipulagt.
- Þeir sem gefa minni gjafir gætu boðið fermingarbarninu að koma og sjá með sér skemmtilegt verk í leikhúsinu eða farið á tónleika. Ferðir á tónleika erlendis eru oft skipulagðar í gegnum ferðaskrifstofur eða flugfélögin og gott að leita sé vilji til að skoða slíka möguleika.
- Mikið framboð er af tungumála-, leiklistar-, söng- og dansnámskeiðum hér heima. Fiskaðu eftir því hjá fermingarbarninu hvað það hefur alltaf langað til að læra en aldrei prófað.









**HERMENN KRISTS** Fermingin er eitt sjö sakramenta bæði rómversk-kaþólsku kirkjunnar og grísku rétttrúnaðarkirkjunnar. Rómversk-kaþólska kirkjan kennir að fermingin hafi komið frá Kristi í gegnum lærisveinana sem inngönguskilyrði í kirkjuna. Litlum sögum fer þó af fermingunni í frumkristni og það tók töluverðan tíma að festa hana í sessi sem eitt af sakramentum kirkjunnar. Sá fyrsti sem vildi gera ferminguna að sakramenti var Peter Lombard sem uppi var á tólftu öld. Tómas Aquinas studdi þá tillögu á þrettándu öldinni og að lokum lagði kirkjuráðið í Trent blessun sína yfir ferminguna sem eitt af heilögum sakramentum á sextándu öld. Tilgangurinn með fermingunni var upphaflega sá að styrkja þá sem höfðu látið skírast í trúnni og gera þá að öflugum hermönnum Krists.



**FERMING ÞÝÐIR STAÐFESTING.** Í fermingunni staðfestir barnið skuldbindingu foreldra og guðfeðgina í skírnarathöfninni. Það fer með trúarjátninguna, vinnur fermingarheit og þiggur fyrirbæn og blessun. Fermt er við messu. Til þess að öðlast rétt til að mega fermast stundar fermingarbarnið sérstakt nám í kristnum fræðum hjá presti sínum eða fermingarfræðara, sem kallast fermingarfræðsla. Heimild er fyrir því að barn megi vera til altaris með foreldrum sínum frá unga aldri, en meginreglan er þó sú að við ferminguna eða á meðan fermingarfræðslan stendur yfir, neyti barn í fyrsta sinn kvöldmáltíðarsakramentisins.



# BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN HF BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5 www.bilaholin.is



Land Rover Discovery 3 SE Diesel, 10/2007 Ekinn 81þús. Ssk, 7manna, Ásett Verð 6.790.000.- Möguleiki á allt að 90% láni. Ath skipti ódýrari



Hyundai Tucson 2.0 Diesel, 06/2008 Ekinn 81þús. Bsk. 6gíra, Ásett Verð 2.690.000.- Möguleiki á allt að 90% láni



Hyundai Getz 1.6 GLS, 07/2005 Ekinn 52þús. Ssk. Ásett Verð 1.150.000.-



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira . Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

**bilfang.is S.567 2000**



Toyota Landcruiser 100 VX 10/2004 ek 148 þ.km TEMS, leður ofl gullfallegur jeppi verð aðeins 3990 !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**STÓRA BÍLASALAN**



Hyundai Santa Fe Árgerð 2002, ekinn 199þ.km, vél ekin 130þ.km, ný tímareim og nýtt í bremsum! Tilboðsverð 790.000kr! Bíllinn er á staðnum. Raðnúmer 151367. Sjá nánar á www.stora.is



Subaru Forester Plus Árgerð 2010, óekinn bíll!! Álfelgur, loftkæling, hiti í sætum o.fl.. Verð aðeins 4.690.000kr!! Bíllinn er á staðnum. Raðnúmer 130890. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**bíll.is bestir í bílum...**



DODGE Durango limited hemi. Árgerð 2006, ekinn 118 Þ.km Sjálsk Hlaðinn Búnaði Mjög Snyrtilegur Bíll 7 manna DVD Verð 2.940.000. Rnr.133339.



ISUZU D max at d-max. Árgerð 2008, ekinn 86 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.990.000 ásett 3.690.000. Rnr.133157.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

**100bilar.is bílasala**



Audi A4 3,0 Quattro Wagon, árg.2002, sjálfsk, 221hö, 4x4, leður, lúga, Bose hljómkerfi, sportsæti omfl, Flottur og vel búinn bíll, Ásett verð aðeins 1990þús.kr, bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Skoda Octavia 2.0 FSI, 2005, 150 hö., 83þ. km. tvöf. dekkjaumg. sumard. á álfelgum. 1780þ., S. 863 7550.



Nissan Almera 1,8 Sedan '02. Ásett verð 690 þús. Vetrar og sumardekk. Uppl. í s. 893 2284.





Jeppar, pallbílar, fólksbílar. NÚ FÆRÐU EINNIG VARAHLUTI Á BETRI VERÐUM! Útvegum á betri verð frá Toyota, Ford, Dodge, Chrysler, Audi, Benz, BMW og öðrum helstu framleiðendum. HYBRID umhverfisvænir bílar sem eyða 40% minna eldsneyti. Meira en milljón bílar á söluskrá. Toyota Tacoma sýningarbílar á milljóna afslætti. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000



Tilboð 359.900.- HYUNDAI ACCENT 100% LÁN Í BOÐI Á ÞENNAN BÍL . Árgerð 2001, ekinn 135 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 359.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is í 100% Visa/Euro lán í boði ásett verð 550

Til sölu Toyota Corolla Hatcback XLI árg.'95, 5g, sk'11. Fallegur og góður. V. 250þ. Uppl. í s. 896 8568.

## Bílar óskast

Óska eftir Skoda Octavia station diesel árg 2005-2008. Staðgreiðsla í boði. Aðeins góður bíll með þjónustu/smurbók kemur til greina.Uppl. í s: 8929160 eða 8922892

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

**Vantar bíl!**
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

## Jeppar



MMC Pajero árg'98, bensín, ssk, 7.manna. V. 690 þús staðgr. Uppl í s. 772 0000

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Kerrur

**VIÐGERÐAR- OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA**
Allir gerðir af kerrum, viðgerðar- og varahlutaþjónusta. Dráttarbeisli á flestar gerðir bíla. Ásetning á staðnum. Víkurvagnar ehf. S 577 1090 www.vikurvagnar.is

## Vinnuvélar

**LEIGÐU VÉL Í VERKIÐ**



**leiguvelar.is**
**Sími: 414-8600**



Til sölu Tellefsdal fjölplógur, mesta breidd 3m óslitnir skerar og í topplagi. Uppl. í síma 660 1155.

Uppgerð Deutz 6 syl disel vél, árg. '85. 177hp, 130KW 1/2500mín typ. F6L413 F. Tilboð óskast. S. 893 2550.

## Lyftarar





**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar

**Grásleppuveiðimenn**
Nálfeld grásleppunet, 12 mm flot- 10 mm blý. Vorum að fá sendingu af grásleppunetum, vönduð vara. Heimavík, S. 892 8655. www.heimavik.is

**Strandveiðar**
Vanur skipstjóri og vélstjóri til 38 ára, óskar eftir að vera með góðann bát, helst hraðbát, á strandveiðum í sumar. Helst á svæði D. Uppl. í s. 869 9971

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

## Varahlutir

**NET-PARTAR**



486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**BILAPARTAR.IS**
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11, sími 661 5270.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is japvel@carparts.is

**Erum að rífa!**
Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Nissan DC 97, Trooper, Ford 250, Clio 00, Megan 98, Freelander, Impreza 97, Baleno 96, VW Polo 99, Ford Escape 01, Opel Corsa 98, Peugot 306. Kaupum bíla til niðurrifs . Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

## Pípulagnir

**Pípulagnir Arinbjarnar**
**Allar almennar pípulagnir, nýlagnir & skolplagnir. Tökum út hitakerfi fjölbýlishúsa.**
**Flísaverk ehf Verktakar.**
**S. 897 5599.**

**Pípulagnir**
Vantar þér pípara? Hringdu í Rivus ehf S.8563030 rivus@rivus.is FAGLEG ÞJÓNUSTA

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Til sölu


**Þarft þú að færa þína tunnu?**
**Er hætta á að hún fjúki?**

**Tunnufestingin heldur henni á sínum stað!**



Ódýr lausn og einföld í uppsetningu.

Tunnufestingin veldur engum töfum við sorphirðu.

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

Hringhella 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 535 2550
info@hafnarbakki.is • www.hafnarbakki.is


## Til sölu


# Marstilboð!
## 20% afsláttur

**20% afsláttur af öllum T-Max dráttarspilum.**
**Gerðu frábær kaup!**

**Rúlluvarir fylgja öllum spilum**



| | | |
|---|---|---|
| T-Max | 2500 pund | **kr. 23.990** með afsl. |
| T-Max | 9000 pund | **kr. 94.990** með afsl. |
| T-Max | 9500 pund outb. | **kr. 104.718** með afsl. |
| T-Max | 12000 pund outb. | **kr. 129.990** með afsl. |
| T-Max | 12500 pund | **kr. 119.918** með afsl. |

**Opnunartími verslunar:**
Alla virka daga frá kl. 8-18.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## Garðyrkja










**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald

**Framtöl og Fjármál**
Framtöl fyrir einstaklinga og einstaklinga með rekstur. Vönduð vinna, verð frá 5000kr. Sími 577-3434.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

## Fjármál

Er fjármagn þitt að skila þér ábata ? Hafðu samband hornsteinn@netland.is

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Handriðaplast**
Efni og ásetning. 27 ára góð reynsla. Uppl. í síma 8408282 , www.pyrite.is

**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

GOOD MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS 659 62 69

THE BEST!!!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! !869 8602.

**ERTU MEÐ SVEPPASKÝKINGU**
KOMDU Í HEILSUGREININGU. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

## Spádómar




Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

## Til sölu



**Tilboð**
Vandaðir dömuskór úr leðri, skinnfóðraðir. Tilboðsverð: 4.500.- Misty skór Laugavegi 178, s: 551 2070.




**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer. Örfá stk eftir.

**City Runner ehf**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 13 til 18 mánudaga til föstudaga.**






Stór - Vacuum pökkunarvél - Hencovac 5000 3 fasa - árg. '96 - ný yfirfarinn - Upplýs. í s. 822 8983.

Nýlegur ísskápur til sölu á hálfvirði. Uppl. í s. 897 9939.

Ísskápar, þvottavélar, Eumenia með þurrkara, uppþvottavélar, þurrkarar, frystikista, frystiskápur, sjónvörp, Tölvuflatskjár S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun







## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

ORKA/ÚTHALD= vellíðan, prófaðu HERBALIFE , UPPL./RÁÐGJÖF Svavar, gsm 6183909 :)

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

**Spa Dream Oasis**
**Margar gerðir af nuddi fyrir menn, konur og pör. Vel menntuð og með góða reynslu á þessu sviði. Ekkert sex nudd. Opið frá 10-19 mán-lau. Uppl. s. 862 0941**




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www. tantra-temple.com

Kínverskur nuddari/læknir hjálpar þér að losna við verki. Nálastunga. Hamraborg 20A Sími: 564 6969

## Þjónusta



EINKATÍMAR Í YOGA OG YOGAÞERAPÍU. www.yogaheilsa.is Gummi: 6918565

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Húsgögn

Til sölu 30 ikea stólar með örmum og tau setum uppl. s. 421 2185 / 847 2185.

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Til leigu**
**81,6 fm 3ja herbergja íbúð við Bárugranda í Reykjavík. Leiga 140 þús. á mánuði, verðtryggt. Innifalið hússjóður og hiti í íbúð. Trygging skv. samkomulagi við leigusala. Langtímaleiga. LAUS STRAX! Upplýsingar veitir Magnús í síma 699-0775**

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

**Útsýnis íbúð**
Ný uppgerð ca. 30fm stúdíó íb. m. húsgögnum til langtímaleigu á góðum stað í miðb. Rvk. laus strax uppl: 8671933 frá. 14 - 21 Reglusemi áskilin v. 85þ. m. raf/hit tryggingu krafist.

## Húsnæði óskast

Par óskast eftir lítill íbuð helst í miðbæ Rvk, greiðslug. 75 þús. S. 615 8425.

68 ára kona óskar eftir 2 herb. íbúð til leigu á sv. 111 eða 112. Greiðslugeta 70 þús. á mán. Uppl. í s. 661 3858.

Par með 4 ára barn óskar eftir 2-4herb í Hfj. Skilvísum greiðslum heitið. Vantar strax, fyrir 1. April. S. 694 6054.

## Sumarbústaðir

Til sölu 2. lóðir rétt austan við Laugarvatn. Seljast báðar á 3,5 mill. Uppl. 8434275

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu iðnaðarhúsnæði fyrir matvælavinnslu, 400 fm.**
**Til leigu 1. flokks matvælavinnsluhúsnæði með fitugildru. Tvær innkeyrsludyr ca. 3,6 m. á hæð. Mjög góð lofthæð í húsnæðinu. Skrifstofurými á milligólfi ca. 20 fm. Kaffistofa og starfsmannaaðstaða. Vinnslusalur með innkeyrsludyrum, rúmir 200fm,. Úr sal eru vörudyr yfir í stóran kæli með innkeyrsludyrum. Frystir ca. 10 fm. Eldhús. Gott pláss fyrir gáma við húsið. Lyftarageymsla. Frekari upplýsingar veitir Magnús hjá Atvinnueignum í síma 861-0511 eða magnus@atvinnueignir.is.**

Iðnaðar-og lagerhúsnæði í Hafnarfirði til leigu. Ýmsar stærðir. S. 6601060, 8224200

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting




## Atvinna í boði

Óskum eftir hressum einstaklingum í sölu og markaðsstörf. Starfið byggist á samvinnu. Miklir tekjumöguleikar. Uppl. 773 6099.

Óskum eftir að ráða mann í járnsmíði. Þarf að vera vandvirkur og reglusamur. Uppl. í s. 897 6630.

## Einkamál

Tilbreyting Íslenskar konur sem leita mjög ákveðið að tilbreytingu nota símaþjónustuna Rauða Torgið Stefnumót. Auglýstu frítt: s. 555-4321. Heyra auglýsingar: 905-2000 og 535-9920.

## Atvinna

**Atvinna**
**Starfskraftur óskast til að ræstistarfa í leikskólum á Höfuðborgarsvæðinu:**
**104 Reykjavík - 203 Kópavogi og 221 Hafnarfirði**
**Ásamt því að ræsta þarf viðkomandi að geta tekið þátt í öðrum störfum leikskólanna**
**.**
**Verkið skal unnið á tímanum 13:00 til 17:00**
**Hæfniskröfur:**
**Viðkomandi þarf skilja Íslensku og tala Íslensku að einhverju leiti**
**Viðkomandi þarf að hafa starfað við ræstingar.**
**Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og geta unnið í nálægð barna**
**Leitað er að einstaklingi 25 ára eða eldri.**

**Allt hreint leitar eftir hressum og duglegum einstaklingum sem eru tilbúnir að starfa með öðru fólki í lifandi starfi.**
**Umsóknum skal skila á heimasíðu Allt hreint allthreint.is undir liðnum**

**" Atvinna í boði " fyrir 26 mars nk.**

## Til sölu





# Þú lætur skipta um dekk ...

... á hjólbarðaverkstæðinu í hverfinu. Þeir geta endurnýjað tækin til að auka afköstin, og næst þarftu að borga minna fyrir þjónustuna.

SPILUM SAMAN

Í hvert sinn sem þú greiðir fyrir vörur eða þjónustu á Íslandi heldur þú hagkerfinu gangandi.

www.spilumsaman.is

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

Virðing Réttlæti VR

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** gá, **6.** í röð, **8.** framhjáhald, **9.** móðuþykkni, **11.** peninga, **12.** tágarílát, **14.** dvaldist, **16.** grískur bókstafur, **17.** hrópa, **18.** maka, **20.** málmur, **21.** skrifa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umrót, **3.** eftir hádegi, **4.** lófalestur, **5.** viður, **7.** brennivínstegund, **10.** úði, **13.** útsæði, **15.** hnappur, **16.** samstæða, **19.** bardagi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gelt, **6.** aá, **8.** hór, **9.** ský, **11.** fé, **12.** karfa, **14.** varst, **16.** pí, **17.** æpa, **18.** ata, **20.** ál, **21.** rita.
**LÓÐRÉTT: 1.** rask, **3.** eh, **4.** lófaspá, **5.** tré, **7.** ákavíti, **10.** ýra, **13.** fræ, **15.** tala, **16.** par, **19.** at.


# Aðalfundur

Aðalfundur MATVÍS, matvæla-og veitingafélags Íslands, verður haldinn þann 23. mars n.k. að Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogs megin.

Fundurinn hefst kl. 16.00

**Dagskrá:**
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Lagabreytingar.

MYNDAKVÖLD

## Töfrar náttúru Grænlands og berghlaup á Morsárjökli

**Myndakvöld Ferðafélags Íslands verður haldið í sal FÍ í Mörkinni 6 kl. 20.00 miðvikudaginn 23. mars.**

Myndasýningin er í umsjá Jón Viðars Sigurðssonar, jarðfræðings og ritstjóra árbókar Ferðafélagsins. Jón Viðar hefur ferðast vítt og breytt um byggðir og óbyggðir Grænlands s.l. 30 ár við leik og störf.
Sagt verður frá áhugaverðum göngusvæðum á Grænlandi, söguslóðum og stórbrotinni náttúru. Siglingar til Grænlands koma einnig við sögu en Jón hefur í fjölmörg skipti siglt til Grænlands sem fyrirlesari og leiðsögumaður með skemmtiferða- og leiðangursskipum.
Á myndasýningunni verður einnig fjallað um mikla skriðu eða berghlaup sem féll á Morsárjökul árið 2007.
Allir velkomnir. **Aðgangseyrir kr. 1000. Kaffiveitingar í hléi.**

**Skráðu þig inn – drífðu þig út**
**Ferðafélag Íslands**

# Hádegistónleikar í Fríkirkjunni

alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45

ÓKEYPIS AÐGANGUR
ALLIR HJARTANLEGA VELKOMNIR

LISTRÆNN STJÓRNANDI
GERRIT SCHUIL

LJÁÐU OKKUR EYRA



Sjá nánar:
frikirkjan.is

FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK


# Þegar dýrin sjá við mönnunum

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Það er svo makalaust skemmtilegt þegar lífið kemur manni á óvart með einhverri nýlundu. Slíkt tilverukrydd getur verið svo bragðmikið að jafnvel háskalegar hetjudáðir virðast bragðdaufar langlokur í samanburði.

**ÞANNIG** var mér allavega innanbrjósts þegar ég fór á nautaat mikið um síðustu helgi í bænum Priego de Córdoba. Mættu þar færustu nautabanar eins og El Fandi og Paquirri yngri. Jafnvel þótt þessir kappar legðu líf sitt að veði við atið atarna er mér minnisstæðast eitt atvik sem hefur ekkert með dirfsku þeirra að gera.

**VENJULEGA** koma bolarnir á harðahlaupum inn í hringinn. Um leið og þeir sjá nautabanann veifa skikkju sinni hlaupa þeir bandóðir í átt að honum. Oft eru bolarnir svo bráðir að þeir stanga í tréveggina á nautaatshringnum svo dynur í.

**ÞRIÐJA** nautið sem steig inn í hringinn í Priego de Córdoba um síðustu helgi brá heldur betur út af vananum. Það tölti þetta í rólegheitum inn í hringinn en nam svo staðar og horfði upp í stúku líkt og það væri að velta því fyrir sér hvort einhverjir framsóknarmenn væru á meðal áhorfenda. Nautabaninn hóf þá köll og veifaði skikkju sinni líkt og óður væri en boli var bara upptekinn við annað.

**ÞÁ VORU** góð ráð dýr, þetta naut var ekki tækt til leiks. En þá er það að ná því út. Það duga engir kattasmalar í slíkt. Afréðu menn að senda þá kúahjörð til að hlaupa einn hring en fara því næst út um hliðið og til stekkjar utan við leikvanginn. Algjör kúvending varð þá hjá áhugalausu nautinu, sem hljóp spennt á eftir jussunum.

**ÞESS MÁ** geta að þessi naut lifa mun betra lífi en þær skepnur sem lifa á bás sem óunnin kæfa eða kótilettur. Þau hlaupa frjáls um haga, nærast á landsins gæðum og fá jafnvel á broddinn. Það er því ekki ónýtt hlutskipti að vera alinn til nautaats en gefa sig svo ekki þegar til á að taka.

**SVONA** nýlunda er ekki jafn skemmtileg í pólitíkinni. Til dæmis er það bölvað vesen fyrir marga leiðtoga í arabaheiminum að fólk skuli allt í einu standa upp og krefjast mannréttinda og betri stjórnarhátta. Eða þá fyrir þá sem þurfa að smala sauðum en svo stökkva allt í einu tveir út í buskann eins og kettir.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**MEÐ HATT Á HAUS** Söngkonan Lady Gaga er neydd til að ganga með hatt þessa dagana eftir að hárið fór að detta af.

# Missir hárið

**Söngkonan skrautlega Lady Gaga er byrjuð að missa hárið og þarf að ganga með hatt til að fela skallablettina. Skrautlegar hárgreiðslur og sífelldar breytingar á háralit virðast vera byrjaðar að taka sinn toll á hári söngkonunnar, sem er byrjuð að sanka að sér hárkollum. „Ég nota hárkollur og hárlengingar til að bæta upp lokkana sem detta af.“**



**EKKI EINS OG EASTWOOD** Leikarinn Ewan McGregor ætlar ekki að vera nakinn aftur í kvikmynd.
FRÉTTABLAÐIÐ/IMAGEFORUM

# Aldrei aftur allsber

**Breski leikarinn Ewan McGregor lét hafa það eftir sér á dögunum að hann væri hættur að koma nakinn fram á hvíta tjaldinu. McGregor, sem verður fjörutíu ára á þessu ári, segist ekki vilja enda eins og margar karlkyns Hollywood-stjörnur sem sífellt eru naktar í ástarleikjum með ungum konum. Tekur hann leikarann Clint Eastwood sem dæmi.**

**„Við leikaranir eldumst á meðan leikkonurnar verða alltaf yngri og yngri. Mér finnst ekki smart að vera fáklæddur á hvíta tjaldinu með einhverri sem lítur út fyrir að vera 50 árum yngri en ég,“ segir McGregor en hann hefur verið án spjara í myndum á borð við Trainspotting, The Pillow Book og Velvet Goldmine.**


Snyrtivörudagar
23.-26. mars
20%
afsláttur af öllum snyrtivörum

Kynning á húð-, hár- og snyrtivörum í Maður Lifandi

Allt að vinna en engu að tapa. Snyrtivörur sem skaða hvorki þig né lífríkið. Komdu í verslanir okkar og kynntu þér lífrænar og náttúrulegar snyrtivörur framleiddar án skaðlegra kemískra efna.

Til að hjálpa þér að stíga skrefið bjóðum við 20% afslátt af öllum snyrtivörum dagana 23.-26. mars.

Stígðu skrefið í átt að lífrænum lífsstíl













maður lifandi
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720

Útsölumarkaður Verðlistans opnar í dag
kl. 12 í Ármúla 44. (á horni Grensásvegar og Ármúla)
verðlistinn
Opið virka daga 12-18


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
2,3 kg
599
ÞVOTTAEFNI
299
1 ltr
MÝKINGAREFNI
1 ltr
249
BLAUTKLÚTAR
Soft baby 72 stk
199
ELDHÚSRÚLLUR
3 í pk
3ja laga
199
SALERNISPAPPÍR
8 í pk
Verð áður: kr 9999
6990
GEYMSLUKASSI
Keter
117x45x58 cm
16.990
MYNDAVÉLAR
HP CA 350 og Pentax Optio E90
Verð pr stk
1799
STEIKARPANNA
26 cm
Fyrir spanhellur
3 í pk
599
LÍTRAMÁL
3 í pk
0,25/0,5/1 ltr
599
GEYMSLUKASSI
Blár/grár/fjólublár
44,7x34,5x25 cm

# Opið alla virka daga til kl. 19:00 og til kl. 18:00 um helgar





**19.990**

**VERKFÆRASKÁPUR Á HJÓLUM**
Efri skápur: 600 x 260 x 340 mm
Þyngd á efri skáp: 11,5 kg
Skápur: 616 x 330 x 658 mm
Heildarþyngd: 15,9 kg

**5990**

**DÖMUREGNKÁPA**
St S-XL



**2990**

**GÚMMÍSTÍGVÉL**
St 36-41
Kremhvít /svört/mynstruð





10 kg

**2199**

**HUNDAFÓÐUR**
10 kg



Verð áður: kr 4999

**2990**

**REGNBUXUR**
St XS-XXL

Verð áður: kr 6999

**4990**

**REGNJAKKI**
St XS - XXL





5 kg

**699**

**KATTASANDUR**
Max Cat
5 kg





2 kg

**699**

**KATTAMATUR**
2 kg



frá

**5999**

**HUNDABÚR**
St 60 x 43 x 51 cm, kr 5999
St 76 x 48 x 56 cm, kr 8999
St 91 x 57 x 65 cm, kr 10.999

**www.europris.is**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri

SKANNAÐU
SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:20 | VIP |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 10:20 | 16 |
| THE KING´S SPEECH | kl. 8 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | L |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| UNKNOWN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 8 | L |
| KING'S SPEECH | kl. 10.30 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| LUCIA DI LAMMERMOOR Ópera Endurflutt | kl. 6 | L |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 8:20 - 10:40 | 12 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tali | kl. 6:20 | L |
| THE WAY BACK Númeruð sæti | kl. 10:40 | 12 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |

SKANNAÐU
SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SEASON OF THE WITCH | KL. 8 – 10.15 | 14 |
| BATTLE LOS ANGELES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BATTLE LOS ANGELES LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THE ROOMMATE | KL. 10.30 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| LOVE AND OTHER DRUGS | KL. 8 – 10.30 | 7 |
| BIUTIFUL | KL. 6 – 9 | 12 |
| THE ROMANTICS | KL. 10.30 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 8 | 16 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| BLACK SWAN | KL. 6 | 16 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 8 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is AUKAKRÓNUR 5%
facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075







**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| LOVE & OTHER DRUGS | 8 og 10.20 |
| BATTLE: LOS ANGELES | 10.20 |
| RANGO - ENS TAL | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6 |


# Stafrænt pípuorgel og tíu metra pendúll á tónleikum

**Björk Guðmundsdóttir frumflytur tónlist af plötu sinni Biophilia í sumar með aðstoð hugbúnaðar og nýrra hljóðfæra, þar á meðal stafræns pípuorgels og tíu metra pendúls.**

Björk kemur fram á sex tónleikum á Alþjóðlegu listahátíðinni í Manchester, MIF, í sumar. Hún verður gestalistamaður á margmiðlunarsviði hátíðarinnar í þrjár vikur þar sem hún frumflytur tónlist af væntanlegri plötu sinni Biophilia með aðstoð hugbúnaðar og nýrra hljóðfæra sem hafa verið sköpuð fyrir þetta verkefni. Á meðal sérhannaðra hljóðfæra verður pípuorgel sem verður stjórnað stafrænt og um tíu metra pendúll sem nýtir sér þyngdarafl jarðarinnar til að skapa tónlistarleg mynstur sem skapa brú milli þess forna og nútímalega.

Verkefnið Biophilia vegsamar það hvernig hljóð birtist í náttúrunni í tengslum við óendanlega útþenslu alheimsins, frá sólkerfum til samsetningar atómsins. Tónlistin og hugbúnaðurinn verður fáanlegur hjá iTunes og í Appbúðinni. Tónlistin verður einnig fáanleg á geisla- og vínylplötu. Enn á eftir að tilkynna útgáfudag.

Í sérstöku samstarfi við MIF-hátíðina ferðast Björk með Biophilia til annarra borga í heiminum eftir frumflutninginn í Manchester. „Það er heiður að fá að vinna með Björk og hjálpa henni við þessa metnaðarfullu frumsýningu og við hlökkum til að ferðast með þetta verkefni til helstu borga heims,“ sagði Alex Poots, stjórnandi hátíðarinnar. Ísland hefur hingað til ekki verið útundan í tónleikaferðum Bjarkar og vafalítið hefðu íslenskir áhorfendur gaman af að sjá þetta nýjasta sjónarspil hennar. Ásmundur Jónsson hjá Smekkleysu segir að enn eigi eftir að ganga frá þeim málum. „Það er ekki ennþá komið á hreint en Ísland hefur alltaf verið með í öllum þessum ferðum hennar.”

MIF-hátíðin mun einnig vinna með ungu fólki í Manchester til að kynna sér tónlistarlegar, vísindalegar og tæknilegar hugmyndir sem liggja á bak við verkefnið. Skólabörnum verður gefið tækifæri til að kynnast heimi Biophilia frá fyrstu hendi í gegnum námskeið sem veitir þeim innblástur og gerir þeim kleift að sökkva sér inn í heim þar sem tækni, tónlist og náttúra mætast.

freyr@frettabladid.is



**NÝ PLATA Á LEIÐINNI** Björk frumflytur tónlist af plötu sinni Biophilia á Alþjóðlegu listahátíðinni í Manchester.

### TILGÁTAN BIOPHILIA

Bandaríski líffræðingurinn Edward O. Wilson setti fram tilgátuna Biophilia. Í bók sinni Biophilia hélt hann því fram að órjúfanleg bönd væru á milli mannverunnar og lífrænna kerfa. Orðið Biophilia var fyrst notað af þýsk-bandaríska fræðimanninum Erich Fromm, sem lést árið 1980.

# Hópferð á sænska rokkhátíð

„Þetta er mjög spennandi festival,“ segir Sigurður Sverrisson, sem verður fararstjóri í fyrstu íslensku hópferðinni á rokkhátíðina Sweden Rock Festival svo vitað sé.

Hátíðin verður haldin í tuttugasta sinn í bænum Sölvesborg í Svíþjóð í júní. Sextíu hljómsveitir stíga þar á svið á þremur dögum, þar á meðal Judas Priest, Whitesnake og Ozzy Osbourne. Einnig troða upp bönd á borð við The Cult, Accept, Down, Helloween, Thin Lizzy og Rob Zombie.

„Þetta er rosalega flott dagskrá fyrir þennan klassíska rokkhóp. Þarna eru að minnsta kosti tuttugu bönd sem ég hefði brennandi áhuga á að sjá,“ segir Sigurður.

Upphaflega stóð til að fara á High Voltage rokkhátíðina í London annað árið í röð en vegna vonbrigða með dagskrána þar varð sænska hátíðin fyrir valinu. „Judas Priest er í kveðjutúr og Ozzy er væntanlegur að hætta bráðum. Maður þakkar Guði fyrir hvern dag sem hann dregur andann,“ segir Sigurður og er sannfærður um að hátíðin verði ógleymanleg fyrir íslenska rokkhunda.

Gist verður á tjaldsvæði hátíðarinnar og eru 25 flugsæti í boði. Áhugasamir geta haft samband við ÍT-ferðir.

- fb



**FLOTT DAGSKRÁ** Sigurður Sverrisson segir að dagskráin í Svíþjóð sé í heimsklassa.

**OZZY** Rokkarinn stígur á svið á Sweden Rock Festival í sumar.

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ÞÝSKIR DAGAR: IM WINTEN EIN JAHR (L) | 22:00 |
| ARNARHREIÐRIÐ: FISTFUL OF DYNAMITE (16) | 20:00 |
| ROKLAND | 17:50, 20:10, 22:20 |
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 22:10 |
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 23:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:30 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:50 |
| INSIDE JOB | 19:50 |




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS




**Geisladiskur með lögum og upplestri væntanlegur í apríl!**

**Vertu með okkur á Facebook og þú gætir unnið eintak!**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LAU 2/4 | KL. 13:00 | UPPSELT | SUN 17/4 | KL. 13:00 | SUN 8/5 | KL. 14:30 |
| SUN 3/4 | KL. 13:00 | ÖRFÁ SÆTI | SUN 17/4 | KL. 14:30 | LAU 14/5 | KL. 13:00 |
| SUN 3/4 | KL. 14:30 | | LAU 30/4 | KL. 13:00 | LAU 14/5 | KL. 14:30 |
| LAU 9/4 | KL. 13:00 | | LAU 30/4 | KL. 14:30 | SUN 15/5 | KL. 13:00 |
| LAU 9/4 | KL. 14:30 | ÖRFÁ SÆTI | SUN 1/5 | KL. 13:00 | SUN 15/5 | KL. 14:30 |
| SUN 10/4 | KL. 13:00 | UPPSELT | SUN 1/5 | KL. 14:30 | | |
| SUN 10/4 | KL. 14:30 | UPPSELT | LAU 7/5 | KL. 13:00 | | |
| LAU 16/4 | KL. 13:00 | | LAU 7/5 | KL. 14:30 | | |
| LAU 16/4 | KL. 14:30 | | SUN 8/5 | KL. 13:00 | | |

BAUNAGRASIÐ

Tryggðu þér miða strax!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið



**ÞRÍR ODDALEIKIR** fara fram í úrslitakeppni Iceland Express deildar karla í kvöld og má búast við mikilli spennu á þeim vígstöðum. Teitur Örlygsson (á mynd) og hans menn í Stjörnunni mæta Grindavík á útivelli, Keflavík tekur á móti ÍR og deildarmeistarar Snæfells leika við Hauka í Stykkishólmi. Leikirnir hefjast allir kl. 19.15.




Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.

BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

# Ævintýrið heldur áfram í Danaveldi

**Jesper Nielsen, eigandi AG Kaupmannahafnar, segist ætla að fá þrjá íslenska landsliðsmenn til liðs við félagið í sumar. „Hættur að verða hissa á því sem maður les í blöðunum," segir Snorri Steinn Guðjónsson.**

**HANDBOLTI** Jesper Nielsen, eigandi danska handboltaliðsins AG Kaupmannahafnar, varpaði enn einni sprengjunni í handboltaheiminn í gær þegar hann nafngreindi þrjá íslenska landsliðsmenn sem hann ætlar að fá til liðsins næsta sumar. Þetta eru þeir Ólafur Stefánsson, Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson – allir leikmenn Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi.

Nielsen hefur einnig sterk ítök í Löwen, þar sem hann er stjórnarmaður auk þess sem fyrirtæki hans, KasiGroup, er einn helsti styrktaraðili félagsins.

Það lá fyrir að Ólafur myndi koma í sumar og á heimasíðu AG er haft eftir Nielsen að hann hafi samið við bæði Ólaf og Guðjón Val. Sá síðarnefndi sagði reyndar í samtali við Vísi í gær að málið væri ekki komið svo langt en að hann hefði átt í viðræðum við félagið.

Fréttablaðið fékk viðbrögð Snorra Steins Guðjónssonar við þessu en hann leikur með AG í dag ásamt öðrum landsliðsmanni, Arnóri Atlasyni. Ólafur Guðmundsson er einnig samningsbundinn AG en var lánaður þetta tímabilið til FH.

„Ég hafði auðvitað heyrt af þessu en veit ekki til þess að þeir séu búnir að skrifa undir. En það væri frábært að fá þá," sagði Snorri Steinn. „Þetta væri vissulega sérstakt en líka mjög gaman. Það væri gaman að prófa þetta og sjá hvernig þetta virkar."

Nielsen stefnir að því að gera AG að stærsta íþróttafélagi Danmerkur og að liðið verði í allra fremstu röð í evrópskum handbolta. „Hann hefur ekki farið leynt með sín markmið og maður er hættur að verða hissa á því sem maður les í blöðunum þegar hann er annars vegar. Hann er nokkuð djarfur en stendur yfirleitt við það sem hann segir. Ég hélt til dæmis að hann væri að grínast þegar hann sagðist ætla að láta úrslitaleik deildarinnar fara fram á Parken fyrir framan 40 þúsund manns. En nú er hann greinilega búinn að panta völlinn þó svo að úrslitakeppnin sé ekki einu sinni hafin," sagði hann en Parken er þjóðarleikvangur Dana og er yfirleitt notaður fyrir knattspyrnuleiki.

Snorri segir að þetta mál hafi vissulega borið á góma á æfingu í gær. „Þeim finnst nóg að vera með tvo Íslendinga fyrir," sagði Snorri og hló. „En ég held að allir gera sér grein fyrir því að þetta yrði mikill styrkur fyrir liðið. Vissulega er það hausverkur fyrir þjálfara að vera með þrjá leikmenn í hverri stöðu en leikmenn hræðast ekki samkeppnina."

Snorri segir að það sé ljóst að leikmenn fái ekki að spila 60 mínútur í hverri viku í svo sterku liði. „En maður fær svo mikið annað í staðinn. Ég lít á þetta sem ævintýri og ég er viss um að Nielsen sé ekki hættur. Nú ætlar hann á Parken og guð má vita hvað kemur næst."

eirikur@frettabladid.is



**ÍSLENDINGANÝLENDA?** Leikmennirnir fimm sem gætu spilað í Danmörku á næsta ári.


## Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs

**verður haldinn miðvikudaginn 23. mars kl. 20.00 í Félagsheimili aldraðra Gullsmára 13.**

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Erindi flytur Friðrik Baldursson garðyrkjufulltrúi Kópavogsbæjar um atvinnuátak á skógræktarsvæði Skógræktarfélags Kópavogs.

Félagsmenn er hvattir til að fjölmenna og gestir velkomnir.

*Skógræktarfélag Kópavogs*
*www.skogkop.net*


KR jafnaði í gær metin gegn Keflavík í undanúrslitaeinvígi liðanna:

# Hraðsendingin skilaði KR sigri

**KÖRFUBOLTI** KR jafnaði metin í einvíginu gegn Keflavík um sæti í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express deild kvenna, eftir sigur í gær í öðrum leik liðanna, 75-64. KR fékk nýjan bandarískan leikmann, Melissa Ann Jeltema, með sannkallaðri DHL-hraðsendingu fyrir leikinn en hún lék frábærlega í gær, skoraði 25 stig og tók 10 fráköst. KR lék án Margrétar Köru Sturludóttur, sem tók út leikbann en verður lögleg með liðinu í næsta leik.

Leikurinn var í járnum framan af og leiddi Keflavík með einu stigi í hálfleik, 37-38. Frábær varnarleikur hjá heimastúlkum í lokaleikhlutanum setti sóknarleik bikarmeistara Keflavík úr skorðum og sigu heimastúlkur framúr og tryggðu sér loks mikilvægan sigur.

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, var afar ánægður með sigur liðsins. „Við erum frábært varnarlið og höfum sýnt það í allan vetur," sagði Hrafn en hvernig líst honum á nýjan leikmann liðsins, Jeltema, sem fengin var til að leysa Chazny Morris af hólmi sem reif liðþófa á dögunum?

„Við höfðum ekki mikinn tíma til að leita en mér sýnist við hafa tekið nokkuð góða ákvörðun. Ég get ekki sagt annað en að ég sé bjartsýnn fyrir framhaldið."

Pálína Gunnlaugsdóttir, leikmaður Keflavíkur, hafði ekki miklar áhyggjur af þrátt fyrir tapið. „Það hefði verið sætt að komast 2-0 yfir en ég held að við höfum allar vitað það að við værum ekki að fara að vinna KR í þremur leikjum. Við vorum alls ekki að spila saman og þeir sem spila ekki saman í liðsíþrótt vinna ekki leiki," sagði Pálína, sem skoraði 15 stig gær.

- jjk

**KR-Keflavík 75-64 (37-38)**

**Stig KR**: Melissa Ann Jeltema 25/12 fráköst/6 stoðsendingar, Hildur Sigurðardóttir 12, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 11, Helga Einarsdóttir 10, Signý Hermannsdóttir 8/8 fráköst, Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir 5, Hafrún Hálfdánardóttir 4.
**Stig Keflavíkur**: Bryndís Guðmundsdóttir 21, Pálína Gunnlaugsdóttir 16, Jacquline Adamshick 12/12 fráköst, Ingibjörg Jakobsdóttir 8, Marina Caran 7.



**25 STIG** Melissa Jeltema var ekki búin að vera lengi á landinu þegar KR mætti Keflavík í gær. Hér reynir Keflvíkingurinn Bryndís Guðmundsdóttir að verjast henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
Súperform
Herþjálfun
Peak Pilates
Lífstíll 20+
World Class ICELAND
SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

# NÚ er Tíminn




## KOMDU í heimsókn




- **Tíminn** er nýr frétta-, þjóðlífs-, og afþreyingarmiðill á netinu.
- **Tíminn** býður nútímalesendum faglega fréttamennsku.
- **Tíminn** ræðir málefni með rökum og án þess að fylgja rétttrúnaði í pólitík eða viðskiptum.
- **Tíminn** lætur ekki stjórnast af ríkjandi viðhorfum heldur skoðar hann málin frá öllum hliðum.
- **Tíminn** leggur áherslu á fréttir úr nærsamfélagi lesandans, hvar sem hann býr, og á almennar fréttir, innlendar og erlendar.

Tíminn.is

*- orð í Tíma töluð*

> **Nicolas Cage**

„Ég reyni að gera eins mörg áhættuatriði og mér er leyft að gera. Mér finnst mikilvægt að áhorfandanum líði eins og leikarinn sé í raun og veru að framkvæma atriðin.“

***Nicolas Cage leikur töframann sem tekur að sér að aðstoða FBI við það að koma í veg fyrir yfirvofandi kjarnorkuárás í kvikmyndinni Next sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR HELDUR MEÐ FIMMU-GEFANDI MH-STELPUM

# *Gettu betur á góðu róli*

Í gegnum árin, eða áratugina öllu heldur, hef ég verið frekar dyggur áhorfandi Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna. Áhuginn hefur heldur dalað undanfarin ár, en ég viðurkenni fúslega að undanfarin laugardagskvöld hef ég setið límd yfir þáttunum.

Endurvakinn áhugi minn á þessum langlífa spurningaþætti á sér nokkrar skýringar. Edda Hermannsdóttir, sem er nýliði í spyrilshlutverkinu, stendur sig einkar vel, hún er látlaus og laus við tilgerð. Spurningarnar hafa líka verið mjög fínar og fjölbreyttar hjá höfundinum Erni Úlfari Sævarssyni. Mér þykir reyndar óþarfi að guma í hvert einasta skipti af því hversu skemmtilegar ólesnu vísbendingarnar eru þegar liðin svara áður en spurningu er lokið og vona að Edda og Örn Úlfar dragi úr því á lokasprettinum.



Ég hef svo haft alveg sérstaklega gaman af liðunum í ár. Gettu betur hefur nefnilega átt það til að vera þreytandi sjónvarpsefni vegna einhæfra liða þar sem sjálfumglaðir nördar hafa húmorslaust þulið upp staðreyndir í gríð og erg. Liðin eru fjölbreytilegri núna og svo er auðvitað mjög gaman að sjá stelpur taka þátt í þessari strákakeppni. Ein var í liði Kvennaskólans sem keppa mun til úrslita á móti annaðhvort MR eða MH. MR-ingurinn ég ætti kannski að halda með liði gamla skólans míns en eftir að hafa séð MH-liðið í átta liða úrslitum get ég ekki annað en haldið með því. Stúlkurnar tvær og pilturinn félagi þeirra voru einfaldlega svo skemmtileg og klár og fögnuðu hverju réttu svari með svo afkáralegri en um leið krúttulegri fimmu að ég vona að leið þeirra liggi í úrslitakeppnina. Ef þau slá MR-ingunum við þá verður líka jafnmargar stelpur og strákar í úrslitakeppninni sem yrði góð tilbreyting.

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Bítlabærinn Keflavík** (1:2) (e)
**16.50 Návígi** (e)
**17.20 Einu sinni var...lífið** (26:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (26:42)
**18.30 Gló magnaða** (26:26)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (46:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Hvert stefnir Ísland?** Þáttaröð um þjóðfélagsmál í umsjón Þórhalls Gunnarssonar. Í þessum þætti verður leitað svara við spurningunni hvað er samfélag? Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**23.40 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Uptown Girl**
**10.00 Harry Potter and the Half-Blood Prince**
**12.30 The Baxter**
**14.00 Uptown Girl**
**16.00 Harry Potter and the Half-Blood Prince**
**18.30 The Baxter**
**20.00 The Hoax**
**22.00 Next**
**00.00 Street Kings**
**02.00 The Man in the Iron Mask**
**04.10 Next**
**06.00 The Incredible Hulk**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (8:22)
**11.00 Cold Case** (10:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (21:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (7:12)
**13.25 Gossip Girl** (8:22)
**14.10 ER** (21:22)
**15.00 iCarly** (5:45)
**15.28 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (1:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (1:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (18:23)
**20.10 Hamingjan sanna** (2:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld.
**20.45 Pretty Little Liars** (18:22) Þættirnir fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.
**21.30 Hawthorne** (10:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu.
**22.15 Ghost Whisperer** (2:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon.
**23.00 Sex and the City** (6:8)
**23.30 NCIS** (6:24)
**00.15 Fringe** (6:22)
**01.00 Life on Mars** (14:17)
**01.45 Chok-Dee**
**03.30 Pretty Little Liars** (18:22)
**04.15 Hawthorne** (10:10)
**05.00 Ghost Whisperer** (2:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: RN Löwen - Füchse Berlin**
**17.35 Þýski handboltinn: RN Löwen - Fuchse Berlin** Útsending frá leik Íslendingaliðanna Rhein-Neckar Löwen og Füchse Berlin í þýska handboltanum.
**19.00 Iceland Express deildin 2011**
**21.00 Barcelona - Man. Utd 25.11. 1998** Leikir Barcelona og Manchester United eru alltaf stórskemmtilegir. Félögin mættust í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu keppnistímabilið 1998-99. Eftir 3-3 jafntefli á Old Trafford var búist við miklu og aðdáendur liðanna urðu ekki fyrir vonbrigðum. Rauðu djöflarnir mættu ákveðnir til leiks og voru staðráðnir í að láta Börsunga ekki slá sig út af laginu. Sú varð raunin en árangur Manchester United í Meistaradeildinni þennan vetur mun seint gleymast.
**22.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**23.15 Iceland Express deildin 2011**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.35 Blackburn - Blackpool** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
**19.20 Aston Villa - Wolves** Útsending frá leik Aston Villa og Wolves í ensku úrvalsdeildinni.
**21.05 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.00 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.30 Beckenbauer** Að þessu sinni verður fjallað um Franz Beckenbauer, goðsögnina frá Þýskalandi.
**23.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**00.15 Tottenham - West Ham** Útsending frá leik Tottenham og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Dr. Phil**
**17.40 Innlit/ útlit** (3:10) (e)
**18.10 Dyngjan** (6:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (20:22)
**19.45 Will & Grace** (10:24)
**20.10 Spjallið með Sölva** (6:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.
**20.50 Blue Bloods** (8:22) Jamie Reagan er á frívakt en sér grunsamlegt athæfi tveggja manna í Kínahverfinu.
**21.40 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret - LOKAÞÁTTUR** (6:6) Veröld Todds er við það að hrynja. Í örvæntingu sinni reynir hann að heilla Alice og lýgur að henni að hann eigi heima í breska þinghúsinu.
**22.05 Rabbit Fall - LOKAÞÁTTUR** (6:6) Vinsælir kanadískir þættir sem fjalla um lögreglukonuna Tara Wheaton sem tekur að sér löggæslu í yfirnáttúrulega smábænum Rabbit Fall.
**22.35 Jay Leno**
**23.20 Hawaii Five-0** (3:24) (e)
**00.05 CSI: Miami** (24:24) (e)
**00.55 Will & Grace** (10:24) (e)
**01.15 Blue Bloods** (8:22) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Transition Championship** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 Transition Championship** (2:4)
**15.40 PGA Tour Yearbooks** (7:10)
**16.25 Ryder Cup Official Film 1999**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (11:42)
**19.20 LPGA Highlights** (3:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (4:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (12:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (11:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (19:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (17:24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
**22.15 Chuck** (19:19) Chuck var óskóp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**23.00 Burn Notice** (14:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**23.45 Talk Show With Spike Feresten** (8:22) Spjallþáttur með Spike Feresten sem var einn af aðalhöfundum Seinfeld-þáttanna.
**00.10 Falcon Crest** (19:28)
**01.00 The Doctors**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**Dagskrá N4 – Er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Haraldur Briem sóttvarnarlæknir.
**20.30 Já** Skyldu Jáarar vera fundnir?
**21.00 Nei** Hallur Hallsson stýrir þætti andstæðinga Icesave-samningsins.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur og kjarni málsins.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.10
### Hamingjan sanna

Annar þátturinn í nýrri íslenskri þáttaröð þar sem fylgst er með venjulegum Íslendingum freista þess að auka hamingju sína. Verkefnið þessa vikuna er að skrifa þakklætisbréf og afhenda þeim sem er þakkað.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Jónas Jónasson **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Carson McCullers og Kaffihús tregans **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.07** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**13.20** Whose Line Is It Anyway? **13.45** Deal or No Deal **14.20** Deal or No Deal **14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** Live at the Apollo **20.15** Live at the Apollo **21.00** Whitechapel **21.50** The Catherine Tate Show **22.20** The Catherine Tate Show **22.45** Whose Line Is It Anyway?

## DR 1

**12.30** Søren Ryge **13.00** Vores Liv **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Humf **15.05** Timmy-tid **15.15** Alfons Åberg **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Jeg er et dyr! **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Bonderøven **19.30** Smag på Danmark **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Pigen der forsvandt **21.45** En splittet familie **22.30** Onsdags Lotto **22.35** OBS

## NRK 1

**13.05** Ut i naturen **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Kjærlighetshagen **15.40** Glimt av Norge **16.00** NRK nyheter **16.10** Vår aktive hjerne **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** FBI **19.15** Folk **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** Åse tonight **21.10** Migrapolis **21.50** Fysikk på roterommet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Nasjonalgalleriet **22.45** Oppdrag Sognefjorden **23.15** Brennpunkt

## SVT 1

**09.30** Gomorron Sverige **10.15** Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Gandhi **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Älskade Carl-Gustaf **15.15** Lyx **15.30** Smartare än en femteklassare **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Borgen **21.00** The Event **21.45** Simma lugnt, Larry! **22.15** Plus **23.15** Skavlan








VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Shawarma-rúllan á Habibi í Hafnarstræti er besta Mið-Austurlandasamlokan sem þú getur fengið á landinu.“*

Logi Hilmarsson kvikmyndagerðarmaður.

# Pabbi Mugisons bjargaði bassa Diktu

„Það er einhver draugur í þessum bassa. Bassabölvunin,“ segir Jón Þór Sigurðsson, best þekktur sem Nonni kjuði, trommuleikari hljómsveitarinnar Dikta.

Dikta hefur tvisvar á skömmum tíma lent í því að bassi Jóns Bjarna Péturssonar, bassaleikara hljómsveitarinnar, fylgir þeim ekki á áfangastað. Í fyrra skiptið kom hann ekki með flugi frá Þýskalandi til London og í það seinna var hljómsveitin komin til Seattle þegar það fréttist af bassanum í Orlando – í rúmlega 4.000 kílómetra í fjarlægð. Það var enginn annar en Guðmundur Kristjánsson, pabbi tónlistarmannsins Mugisons, sem fann bassann á færibandi á flugvelli í Orlando.

„Við hittum pabba hans Mugison í Leifsstöð,“ rifjar Nonni upp. „Svo lendum við í Seattle og þá kemur enginn bassi. Við bíðum og bíðum og bassinn kemur ekki. Svo erum við komnir í gegnum tollinn og erum að bíða eftir að geta tilkynnt um týndan farangur þegar við fáum sms frá Mána [Péturssyni, umboðsmanni Diktu]. Þá hafði pabbi Mugisons komist í samband við hann.“

Guðmundur kannaðist við merkingarnar á bassanum og lét strax vita. Bassinn var svo sendur til Texas þar sem Dikta kom fram nokkrum dögum síðar á tónlistarhátíðinni South by Southwest. „Hann bjargaði bassanum,“ segir Jón að lokum og veltir fyrir sér hvar bassinn endi næst. **- afb**



**BÖLVUN BASSANS** Bassi Jóns Bjarna hefur átt erfitt með að fylgja hljómsveitinni Diktu undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eagles-menn koma með einkaþotu

„Þetta er eitt mesta brjálæði sem ég hef upplifað og hef ég þó upplifað margt,“ segir tónleikahaldarinn Ísleifur B. Þórhallsson. Íslenskir aðdáendur bandarísku hljómsveitarinnar Eagles settu miðaverð ekki fyrir sig því uppselt er á tónleika sveitarinnar í Nýju Laugardalshöllinni hinn 9. júní næstkomandi. Miðaverðið var með því hærra sem gengur og gerist á Íslandi og kostuðu miðar á A-svæðið tæplega tuttugu þúsund. Þeir miðar ruku út eins og heitar lummur og fengu færri en vildu. Miðar á B-svæðið voru heldur ekki ókeypis því þeir kostuðu fimmtán þúsund krónur en aðdáendur Eagles, sem eflaust flestir eru í eldri kantinum, létu það ekki aftra sér og bíða nú spenntir eftir að sjá goðin leika öll sín bestu lög.

Alls verða 65 starfsmenn í föruneyti Eagles sem kemur hingað til lands. Það er með því mesta sem hefur komið hingað vegna tónleikahalds. Einhver hluti starfsfólksins mætir fjórum dögum fyrir tónleikana til að hefja uppsetningu á sviði og hljóðkerfi en Eagles-liðarnir sjálfir mæta svo til landsins á einkaþotu tveimur dögum fyrir tónleikana. Þeir hyggjast nýta miðvikudaginn 8. júní til æfinga og þá munu kokkarnir á veitingastaðnum Vox hafa í nægu að snúast því þeir munu elda ofan í listamennina og þeirra menn í Laugardalshöllinni sjálfri. **- fgg**



**LÚXUS** Kokkarnir á Vox elda ofan í Glenn Frey og aðra Eagles-liða í Laugardalshöllinni þegar þeir æfa sig fyrir tónleikana 9. júní. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýttu tækifærið og prófaðu!

Netið í símanum á 0 kr. fyrir viðskiptavini Símans í dag.

Magnaðir miðvikudagar!

Síminn

Notkun á Íslandi. 100 MB innan dagsins. Þú greiðir f. símanr. og aðra notkun skv. verðskrá á siminn.is

**GUÐMUNDUR G. ÞÓRARINSSON:** LEITT AÐ SJÁ ÞETTA FARA ÚR LANDI

# Selur sögufræga taflmenn til að borga erlent lán

„Þetta eru taflmennirnir sem þeir Boris Spasskí og Bobby Fischer tefldu með í þriðju skákinni í einvíginu mikla árið 1972 ásamt skákborði, árituðu af þeim báðum,“ segir Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur og fyrrverandi forseti Skáksambands Íslands. Hann hefur látið uppboðsfyrirtækinu Philip Weiss í té sögufræga taflmenn sem honum áskotnuðust fyrir tæpum fjörutíu árum í afmælisgjöf en Guðmundur var forseti Skáksambandsins þegar þeir Spasskí og Fischer mættust í einvígi aldarinnar. Taflmennirnir og platan verða boðin upp 2. apríl ásamt öðrum sögufrægum hlutum en ekki liggur fyrir hversu mikill peningur fæst fyrir taflmennina. Víst þykir að nóg er af söfnurum sem hafa áhuga á munum tengdum Bobby Fischer og þessari sögufrægu rimmu stórveldanna í Reykjavík.

Guðmundur segir ástæðuna fyrir því að hann lætur taflmennina frá sér ekki vera neitt sérstaklega góða. „Ég er með erlent lán eins og svo margir aðrir og var að leita leiða hvernig ég gæti klórað mig út úr því. Sonur minn kom þá með þessa uppástungu, af hverju ég seldi ekki þessa taflmenn. Hann fór í kjölfarið að leita leiða hvernig við gætum komið þeim í verð og hafði samband við Sotheby‘s en þeir selja víst ekki svona söfnunargripi. Þeir bentu okkur hins vegar á Philip Weiss í New York.“

Guðmundur segir auðvitað leitt að þessir munir skuli vera á leið út úr landi en hann hafi bara ekki átt annarra kosta völ. „Skákborðið og taflmennirnir sem þeir notuðu í Laugardalshöll eru auðvitað á Þjóðminjasafninu en þessir taflmenn hafa mjög merkilega sögu.“



**ÚR 3. SKÁKINNI**

Guðmundur G. Þórarinsson hefur sett taflmenn úr þriðju skák Boris Spasskí og Bobby Fischer á uppboð í New York enda þarf hann að kljást við erlent lán eins og svo margir aðrir. Þriðja skákin var tefld í bakherbergi Laugardalshallarinnar og þykir nokkuð söguleg.



Þannig var að Fischer vildi ekki tefla inni í Laugardalshöll eftir fyrstu skákina því honum fannst myndavélarnar trufla sig. Hann gaf því aðra skákina og einvígið var í hálfgerðu uppnámi. „Mönnum tókst að telja hann á að tefla þriðju skákina inni í bakherbergi Laugardalshallarinnar og þar voru þessir taflmenn notaðir. Þessi skák er því oft kölluð „The Legendary 3rd game“ enda bjargaði hún einvíginu.“

Guðmundur fékk taflmennina og skákborðið í afmælisgjöf í október árið 1972. Og taflmennirnir hafa síðan þá verið inni í skáp hjá honum. Hann segist enn fá að minnsta kosti tvær til þrjár heimsóknir á ári frá erlendum sjónvarpsstöðvum sem vilja fjalla um einvígið.

„Mér hefur alltaf fundist svolítið sorglegt hvað við Íslendingar gerum lítið úr þessum viðburði.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

**MENNTASKÓLINN V/ HAMRAHLÍÐ**

**Opið hús fimmtudaginn 24. mars 2011**

Menntaskólinn v/Hamrahlíð verður með opið hús fimmtudaginn 24.mars frá kl. 17.00 - 19.00.

Námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf verður kynnt.

Kór Menntaskólans v/Hamrahlíð syngur nokkur lög kl. 18.00.

10 - bekkingar og forráðamenn þeirra eru sérstaklega velkomnir.



# Vill komast í jarðarför Perkins

Blúsarinn Halldór Bragason ætlar að reyna að vera viðstaddur jarðarför vinar síns, bandaríska blúsgoðsagnarinnar Pinetop Perkins, sem er nýlátinn, 97 ára gamall.

„Einhvern veginn kom þetta manni á óvart því maður hélt að Pinetop Perkins væri eilífur,“ segir Halldór. „Ég frétti þetta frá fjölskyldunni hans. Hann var að leggja kapal, fór út að reykja sígarettu og fannst hann vera slappur. Svo fékk hann hjartaáfall í svefni.“

Perkins kom þrisvar til Íslands, síðast árið 2009, þegar hann var gerður að heiðursfélaga Blúsfélags Reykjavíkur. „Hann er guðfaðir íslenska blússins. Ég er feginn að hafa fengið karlinn hingað enda var það algjör töfrastund þegar hann spilaði hérna,“ segir Halldór, sem hitti Perkins síðast í fyrra þegar blúsarinn aldni tók þátt í myndbandsverki listamannsins Ragnars Kjartanssonar, The Man.

Perkins spilaði um tíma með Dóra og félögum í Blue Ice Band í byrjun tíunda áratugarins. Þeir gáfu saman út plötu sem Perkins sagði sína bestu á ferlinum. Fyrr á árinu hlaut hann Grammy-verðlaunin ásamt blúsaranum Willie Smith fyrir plötuna Joined at the Hip en árið 2007 hlaut hann verðlaunin fyrir æviframlag sitt til tónlistarinnar.

Perkins hafði ekki drukkið áfengi í fjórtán ár þegar hann dó. „En hann fékk sér hamborgara, reykti sígó, fékk sér eplaböku og brosti og hló. Það var eitthvað ótrúlegt við hann. Það var ekkert sem fór í taugarnar á honum,“ segir Dóri um vin sinn. „Þetta er mesta ljúfmenni sem ég hef nokkurn tímann hitt á ævinni.“ **- fb**



**PINETOP PERKINS** Blúsarinn aldni er farinn yfir móðuna miklu. NORDICPHOTOS/GETTY



**SYRGIR VIN SINN** Blúsarinn Dóri Braga ætlar að reyna að vera viðstaddur jarðarför Perkins.

# GÁÐU. FÁÐU MEIRA EN BARA BÍL

**Bíldshöfði 6**

Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar

**Kafaðu dýpra** þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 6 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Citroën og Mazda, Bíldshöfða 8 og Brimborg á Akureyri, Tryggvabraut 5.

**Gerðu kröfur til okkar**
**Komdu í Brimborg í dag**



**Volvo XC70 SE AWD (UT314)**
2,5i bensín 210 hö
Station sjálfskiptur
Dráttarbeisli, leðuráklæði, álfelgur ofl.
Skrd. 11/2006. Ek. 91.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 266 g/km
**Gáðu: 3.880.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Volvo XC90 SE+ AWD (JP239)**
4,4i V8 bensín 315 hö
7 manna sjálfskiptur
Leðurákl., 18" álfelgur, dráttarb. ofl.
Skrd. 12/2006. Ek. 117.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 322 g/km
**Gáðu: 5.150.000 kr.**



**Volvo S40 S (IIH18)**
2,4i bensín 140 hö
4 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, hraðastillir ofl.
Skrd. 11/2007. Ek. 52.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 217 g/km
**Gáðu: 2.945.000 kr.**



**Volvo V70 SE AWD (MZF47)**
2,4 D5 dísil 185 hö
Station sjálfskiptur
Leðuráklæði, álfelgur, olíumiðsstöð m/tímaliða ofl.
Skrd. 12/2007. Ek. 66.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 209 g/km
**Gáðu: 5.280.000 kr.**

**Spurðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar**

**Með þér alla leið**

Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.



**Ford Fiesta Trend (VS633)**
1,4i bensín 80 hö
5 dyra 5 gíra
Skrd. 6/2007. Ek. 69.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 147 g/km
**Gáðu: 1.210.000 kr.**



**Ford Transit 300M (OG659)**
2,2TDCi dísil 85 hö
6 dyra 5 gíra
Olíumiðstöð með tímaliða og dráttarb.
Skrd. 1/2007. Ek. 64.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ óskráð
**Gáðu: 2.250.000 kr.**



**Ford Escape XLS AWD (SI053)**
2,3i bensín 153 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, loftkæling ofl.
Skrd. 5/2007. Ek. 85.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ óskráð
**Gáðu: 1.890.000 kr.**



**Ford Focus Trend (NN359)**
1,6i bensín 100 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 1/2005. Ek. 68.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 184 g/km
**Gáðu: 1.330.000 kr.**



**Ford Mondeo Ghia (RU314)**
2,0i bensín 145 hö
5 dyra sjálfskiptur
Álfelgur, tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 12/2006. Ek. 49.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 218 g/km
**Gáðu: 1.880.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Ford Ka (LDE73)**
1,3i bensín 69 hö
3 dyra 5 gíra
Skrd. 6/2008. Ek. 60.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 141 g/km
**Gáðu: 890.000 kr.**

Finndu okkur á fasbókinni

visthæf skref með Brimborg

**Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag.**
**Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík
LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Handboltafjölgun

**Róbert Gunnarsson**, landsliðsmaður í handbolta, á von á barni ásamt konu sinni, læknanemanum Svölu Sigurðardóttir. Það ætti því að vera líf og fjör á handboltaheimilinu í framtíðinni þar sem hjónin eiga fyrir tvö börn ásamt því að Svala á eina dóttur frá fyrra sambandi. Róbert leikur sem kunnugt er með Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi ásamt fleiri Íslendingum en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum gæti orðið breyting þar á því danskur eigandi félagsins vill fá Róbert til Danmerkur á nýjan leik ásamt þeim Guðjóni Val og Ólafi Stefánssyni.



### Erfitt um að spá?

Þingmaðurinn **Ásmundur Einar Daðason** undirstrikaði í samtölum við fjölmiðla í gær að hann væri enn meðlimur í þingflokki Vinstri grænna þótt tvö af hans nánustu skoðanasystkinum, þau Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir, hefðu skilið sig frá þingflokknum. Athygli vakti þó að hann sagðist aðspurður telja að erfitt væri að segja til um framtíð ríkisstjórnarsamstarfsins í kjölfar þessara umskipta. Ásmundur er nefnilega sá sem ætti framar öðrum að vera með framtíðina á hreinu, því að hann er einn eftir af „hinum órólegu" í hópi almennra þingmanna VG og þar sem þingmeirihlutinn er orðinn ansi tæpur er framtíð stjórnarinnar að miklu leyti í hans höndum.



- þj, áp

## Mest lesið VÍSIR

1. Brúðurin eyddi brúðkaupsnóttinni í fangelsi
2. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir snýr aftur á þing
3. Fékk grætt á sig nýtt andlit
4. Charlie Sheen að snúa aftur í Two and a Half Men?
5. Bitin af Rottweiler: Ég vil að tíkin fái að lifa!




